



Þjónusta í síbreytilegu samhengi

Að umbreyta

– sætta

– efla

Framlag Lúterska heims-
sambandsins til að auka skilning
á diakoníu og hlutverki hennar.


THE LUTHERAN WORLD FEDERATION
– A COMMUNION OF CHURCHES
DEPARTMENT FOR MISSION AND DEVELOPMENT



Þjónusta í síbreytilegu samhengi

Að umbreyta, sætta og efla

*Framlag Lúterska heimssambandsins til að auka
skilning á diakoníu og hlutverki hennar.*



THE LUTHERAN WORLD FEDERATION
– A COMMUNION OF CHURCHES



HJÖKIRKJAN
www.kirkjan.is

Þjónusta í síbreytilegu samhengi

Að umbreyta, sætta og efla

Framlag Lúterska heimssambandsins til að auka skilning á diakoníu og hlutverki hennar.

Ritstjóri:

Dr Kjell Nordstokke
f.h. Lúterska heimssambandsins

Aðstoð við ritstjórn ensku útgáfunnar:

Starfsfólk Lúterska heimssambandsins (LWF)
og Boðunar- og þróunarsamvinnudeildar

Hönnun og umbrot:

Lúterska heimssambandið/starfsfólk OCS

Kápa:

Lúterska heimssambandið/starfsfólk OCS
Ljósmynd.: Karita Laisi / The Finnish Evangelical Lutheran Mission, FELM (Finnska kristniboðsfélagið).

Ljósmyndir:

Finnish Evangelical Lutheran Mission (FELM),
Evangelical Lutheran Church in America (ELCA),
Hauptarchiv der v. Bodelschwingschen Anstalten
Bethel, Dieter Lorenz, Gustavo Driau, Eva Grollova,
Jaap Schep, Eva-Sybille Vogel-Mfato, Sally Lim, Jan
Silar Faith Longakit, K. Miller-Holland, Laury Rinker.

Frumútgefandi:

Lúterska heimssambandið,
150 Route de Ferney, P.O.Box 2100,
CH-1211 Geneva 2, Switzerland
info@lutheranworld.org/www.lutheranworld.org

Þýðing:

Sr. Gunnar Björnsson

Yfirllestur:

Karl Sigurbjörnsson biskup, Ragnheiður Sverrisdóttir djákni og verkefnisstjóri á þjónustusviði Biskupsstofu, Magnea Sverrisdóttir djákni, sr. Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir verkefnisstjóri á þjónustusviði Biskupsstofu, Anna M. Þ. Ólafsdóttir verkefnisstjóri á þjónustusviði Biskupsstofu.

Prófarkalestur:

Anna M. Þ. Ólafsdóttir

Útgefandi á íslensku:

Þjóðkirkjan, Laugavegi 31, 150 Reykjavík

Útgáfuréttur

©2009 The Lutheran World Federation

– A Communion of Churches

Öll réttindi áskilin. Eftirprentun að hluta eða í heild, með hvaða hætti sem er, er bönnuð nema með skriflegu leyfi frá Lúterska heimssambandinu

ISBN 978-9979-72-170-3

Umbrot íslenskrar útgáfu:

Guðrún Finnbjarnardóttir

Prentun:

Prentsmiðjan Oddi, umhverfisvottuð prentsmiðja

Efnisyfirlit

Formáli	5
Þakkir	6
Kveðja biskups Íslands.....	7
Formáli að íslensku útgáfunni.....	7
Inngangur	9
Fyrsti hluti: Samhengi þjónustunnar	13
1. Hvers vegna er nauðsynlegt að meta samhengið?	14
2. Hnattræn áhrif í nærsamfélaginu	15
3. Þjónustan við nýjar aðstæður.....	19
4. Vonin og vonleysið	21
5. Verkefni í öllum áttum	23
Til umhugsunar	24
Annar hluti: Hvað er díakonía?	25
1. Við játum trú á föður, son og heilagan anda	26
2. Án díakoníunnar – engin kirkja	29
3. Díakonían og borðsamfélagið	33
4. Góð verk	36
5. Trúarlíf díakoníunnar	39
Til umhugsunar	40
Þriðji hluti: Díakonían að verki	41
1. Tilgangur díakoníunnar	42
1.1 Þjónustan við einstaklinga og hópa fólks	43
1.2 Verkefni til lengri eða skemmri tíma	43
2. Meginþættir kærleiks- og líknarþjónustu	45
2.1 Umbreyting	45
2.2 Sáttargjörð	46
2.3 Valdefling	47
3. Mismunandi mynd þjónustunnar	49
3.1 Þjónusta einstaklinga – þjónusta allra trúaðra	49
3.2 Skipulögð díakonía – samstillt átak safnaðarins	50
3.3 Líknarstofnanir – þegar samstillts átaks er þörf	51
3.4 Alþjóðleg díakonía – viðbrögð kirkjunnar við neyð	53

4. Aðferðafræði díakoníunnar	60
4.1 Mikilvægi aðferðafræðinnar.....	60
4.2 Sjáðu – hugsaðu – framkvæmdu	61
4.3 Þegnréttur – að verða þegn/meðborgari	62
4.4 Að byggja upp samfélag	63
4.5 Að byggja upp samstarfsnet	65
4.6 Áreiðanleiki	67
5. Hverjir sinna kærleikspjónustu?	68
5.1 Sjálfboðaliðar	69
5.2 Fagfólk í kærleikspjónustu	71
5.3 Embættið í söfnuðinum	73
6. Djáknanámið	76
7. Díakonía og þróunaraðstoð	78
8. Spámannleg díakonía	82
9. Díakonían og boðun orðsins	85
10. Díakonía sem ekki er játningabundin	89
11. Siðareglur díakoníunnar	92
Til umhugsunar	94

Formáli

Þeir sem lesið hafa guðfræði og kristni-
boðsfræði hafa varið löngum stundum í umræður
um díakoníu og oftast en ekki skrifað heilu bóka-
söfnin um hugtakið. Á vettvangi þessara örfáu
ávarpsorða er þó ekki rúm til þess að rifja upp og
fara yfir ólíkar stefnur, strauma og hugmyndafræði
díakoníu. Engu að síður er við lestur þessa rits,
Þjónusta í síbreytilegu sambengi eða *Diakonia
in Context*, gaman að minnast þess, að í orðinu
díakonía felst einmitt DNA-ið, erfðafnið, sjálfur
kjarninn, í því sem það er að vera kirkja og þar
er miðjan í skilningi hvers söfnuðar á sjálfum sér.
Þjónustan – díakonían – sameinar kirkjuna og því
er aldrei unnt að fela hana eingöngu sérhæfðum
stofnunum eða sérfræðingum. Að sjálfsögðu
þarf kirkjan á að halda fagfólki með sérþekkingu
og hæfileika til þjónustu. En ofuráhersla á
sérfræðiþjónustu getur leitt til þess að kirkjan fari
að líta á sig sem hjálparstofnun.

Þetta rit er framlag Lúterska heimssam-
bandsins til þeirrar samkirkjulegu samræðu sem
nú á sér stað hvað varðar skilning á díakoníu
og öllu því sem að henni lýtur og fylgir. Hér er
gengið út frá þeirri grundvallarhugsun að það sé
í þjónustunni sem kærleikur Guðs til heimsins

birtist. Díakonía, þjónusta, er kærleikur, sem auð-
sýndur er í náð Guðs og gerir samræður og sam-
starf á milli kirkjudeilda og trúarbragða mögu-
legar. Slíkt samtal er bráðnauðsynlegt í flókinni
umræðu um loftslagsbreytingar og áhrifin sem
þeim fylgja ekki síður en í því þegar kristin kirkja
skoðar hlutverk sitt í heimi þar sem umhyggja
fyrir nauðstöddum er í auknum mæli orðin
söluvara.

Ég mæli því með þessu riti við vígða þjóna,
nema og samkirkjulega biblíuleshópa. Textinn
hvetur lesendur til að endurmeta sífellt hvernig
þjónustunni – díakoníunni – er sinnt í kirkjum
og söfnum.



Dr. Ishmael Noko
Aðalritari

Þakkir

Svo sem greint er frá í inngangi þessa rits hafa mörg komið að tilurð þess og hafi þau öll heila þökk fyrir:

- Þátttakendur í svæðisbundnum vinnuhópum og á samráðsfundinum um þjónustu kirkjunnar í Addis Ababa í október 2009.
- Meðlimir stýrihópsins sem höfðu umsjón með vinnslu ritsins og komu með gagnlegar ábendingar.
- Aðildarkirkjur og einstaklingar sem sendu inn athugasemdir og svör þegar drög voru kynnt.
- Starfsfólk Boðunar- og þróunarsamvinnudeildar Lúterska heimssambandsins (Department of Mission and Development, DMD) og annað samstarfsfólk í höfuðstöðvum samkirkjumála í Genf.
- Sérstakar þakkir fær Stefan Niederberger, hægri hönd forstöðumanns DMD, en hann aðstoðaði við vinnslu allra þátta og færði verkið af einu stigi á annað.

Fjárstuðningur DMD-aðila gerði okkur kleift að efna til samræðu um díakoníuna í lútersku kirkjunni, gefa út þetta rit og standa undir kostnaði við að snúa því á öll opinber tungumál Lúterska heimssambandsins. Sérstakir styrkir Diakonihjemmet í Osló, Sænsku kirkjunnar og Sameinuðu evangelísk-lútersku kirknanna í Þýskalandi (VELKD), tryggðu framgang málsins á tímum fjárhagsþrenginga. Öllum þessum samstarfsaðilum okkar færum við innilegar þakkir.

Við þökkum ljósmyndurum og samstarfsaðilum fyrir ljósmyndirnar í ritinu sem við máttum nota endurgjaldslaust. Án þessara gjafa samstarfsaðila okkar hefði ekki verið hægt að ráðast í verkið.

Kveðja biskups Íslands

Það rit sem hér kemur út í íslenskri þýðingu er stefnumörkun Lúterska heimssambandsins, *Diakonia in Context*. Ritið er afrakstur ítarlegrar stefnumótunarvinnu á vettvangi lúterskra kirkna um allan heim. Ég fagna útkomu þessa rits á íslensku og þakka þeim sem komið hafa að þýðingu þess og útgáfu.

Íslenska þjóðkirkjan hefur sett sér kjörorðið: *Biðjandi, boðandi og þjónandi kirkja*. Á þeim grundvelli markar hún sér stefnu, leggur mat á starfshætti og viðbrögð við síbreytilegum aðstæðum menningar og samfélags. Þetta eru ekki aðskildir þættir, sérgreind hólfr, heldur

samverkan þar sem hvað grípur inn á annað. Þjónustan, díakonían, er boðun í verki. Og án bænna er boðun og þjónusta kirkjunnar andvana.

Með þessu riti höfum við fengið í hendur gagnlegt og gott verkfæri til umræðu í söfnuðum og stofnunum kirkjunnar til að styrkja köllun hennar til þjónustu og skerpa vitund hennar um samfélagslega ábyrgð sína og vekja viðbrögð trúar sem starfar í kærleika.

Í Guðs friði.

Karl Sigurbjörnsson

Formáli að íslensku þýðingunni

Við þýðingu þessa rits var ákveðið að nota sem víðast orðið díakonía sem oft hefur verið þýtt sem kærleiksþjónusta eða bara þjónusta eins og kemur fram í titli ritsins. Stundum hefur orðið líknarþjónusta einnig verið notað. Umræður hafa verið um hvaða orð sé best að nota hér á landi en inntakið er það sama – trú í verki.

Lúterska heimssambandið styrkti íslenska útgáfu ritsins en það hefur komið út víðsvegar um heim. Hér með er þakkað fyrir þann styrk. Ekki síður eiga skilið að fá þakkir öll þau sem komu að þýðingu, yfirllestri og prófarkalestri, umbroti og öllu sem fylgir útgáfu af þessu tagi. Án þessa hefði þetta rit ekki komið út á íslensku.

Markmiðið með þýðingunni er að efni um þjónustuna, díakoníuna, sé aðgengilegt fyrir alla og auðveldi umræður um hana í og utan kirkju.

Í lok hvers kafla eru punktar til íhugunar sem eru kjörnir til umræðu. Ég hvet söfnuði og aðra til að mynda umræðuhópa til að fræðast um trú í verki og spyrja hvernig þjónustunni sé best háttað í þeirra eigin samhengi. Þjónustusvið biskupsstofu veitir upplýsingar og stuðning sé þess óskað.

Ragnheiður Sverrisdóttir djákni
Biskupsstofu.

INNGANGUR





© LWF/D. Lorenz

Inngangur

Dr. theol. Kjell Nordstokke

Þetta rit, *Þjónusta í síbreytilegu sambengi*, er niðurstaða vinnuferlis þar sem skoðað var hvernig kærleikþjónusta er skilin og innt af hendi í samfélagi lúterskra kirkna. Markmið þess er að skapa sameiginlegan vettvang til að skoða hvað felst í hugtakinu díakonía og framkvæmd þess. Vitandi hversu margvíslegt umhverfi okkar er og að díakonía mótast af fjölbreyttum venjum, er það von okkar að slíkur vettvangur auðveldi okkur að eiga samskipti og styrki okkur í að vinna saman að Guðsríki. Þess er vænst að þetta rit verði leiðarljós í samræðum sem vonandi halda

áfram og stuðla að lærdómsferli sem við getum öll haft gagn af.

Þar sem við erum stöðugt að læra höfum við forðast að skilgreina þjónustuna nákvæmlega í þessum texta. Hjá því verður þó ekki komist að halda fast við nokkur grundvallaratriði. Eitt er að þjónustan – díakonían, sé guðfræðilegt hugtak sem vísi til kjarnans í sjálfsmýnd og hlutverki kirkjunnar. Jafnframt er díakonían köllun til verka, svar við þjáningu og ranglæti, og umhyggja fyrir sköpuninni. Þessi fremur opna skilgreining á orðinu díakonía á einnig skýringu í því að jafnvel í frumtexta Nýja testamentisins er þjónustan ekki skilgreind miklu nákvæmar en þetta. Núverandi notkun orðsins hefur einkum mótast af því að kristnir menn hafa allt frá dögum frumkirkjunnar kappkostað að vera trúir því kalli Biblíunnar að reynast öðrum náungi.

Þannig er þessu einnig farið í samkirkjuhreyfingunni. Þar hefur hugtakið díakonía fengið aukið vægi á síðustu áratugum. Margir skynja að díakonían er mikilvægur þáttur í köllun kirkjunnar til að bregðast við áskorunum samtímans. Í þeim skilningi er litið þannig á að þjónustan sé ómissandi þáttur í boðun fagnaðarerindis sem ræðst að rötum þjáningar og ranglætis. Þetta rit er innlegg til umræðunnar á grunni lúterskra viðhorfa og vinnubragða.

Í þessu riti er sömu skilgreiningu fylgt og í ritinu *Boðun í síbreytilegu sambengi*¹ sem Lúterska heimssambandið gaf út. Þar er gengið út frá því að kristniboð sé heildstætt og feli í sér boðun, þjónustu og talsmannshlutverk. Í ritinu sem gefið var út 2004 var þjónustan litið sem ekkert skilgreind né nákvæmlega hvernig hún væri látin í té. Því var ákveðið að gefa út annað rit þar sem það yrði viðfangsefnið.

Þjónustu í síbreytilegu sambengi er ætlað að svara þeirri spurningu. Fyrst er sambengi díakoníu á heimsvísu lýst stuttlega og helstu stefnum, straumum og áskorunum sem þeir standa frammi fyrir sem sinna díakoníu. Annar hluti ritsins fjallar um þjónustuna í guðfræðilegum skilningi. Í þriðja hluta er því lýst hvernig þjónustan er veitt, frá því sem einstaklingar leggja fram á eigin vegum, til vel skipulagðra verkefna, heima og á alþjóðavettvangi.

Fylgt er sömu hugmynd um heilðræna boðun eins og hún er kynnt í *Boðun í síbreytilegu sambengi*. Samkvæmt henni er díakonía órjúfanlegur hluti af boðun. Umræðan um hvernig hún verði best af hendi leyst heldur þó áfram. Ein ástæða þess er sú að kirkja Krists býr við ákaflega mismunandi kringumstæður í menningarlegum, trúarlegum og stjórnmálalegum efnum. Ekki er til nein ein

aðferð, eða líkan, af heilðrænu kristniboði sem megi nota við allar aðstæður. Það veldur því að misjafnt er hvernig mismunandi þættir boðunar fléttast saman. Þetta snertir það líka að sumir skilja orðið kristniboð þannig að í því felist fyrst og fremst boðun orðsins. Aðrir hafa á orðinu víðari skilning, eins og hann er lagður fram í þessu riti, að hann feli í sér bæði boðun orðsins og þjónustu. Mörgum sem sinna díakoníu er það áhyggjuefni hvernig þeir megi sem best laga þjónustu sína að eðli og sambengi viðfangsefnisins. Slíkar áhyggjur mega þó ekki verða til þess að skilja að kristniboð og þjónustu, eins og stundum hefur orðið. Þess í stað eiga þær að brýna okkur til þess að endurmeta sífellt hvernig ólíkar víddir díakoníunnar spila saman og styðja hver aðra.

Í *Boðun í síbreytilegu sambengi* voru þrjú hugtök sett fram til að skilgreina boðun nú á tímum: *Að umbreyta, setta og efla*. Þessi hugtök eru einnig mjög gagnleg í díakoníu. Ekki ætti að skilja þau svo að eitt þeirra sé mikilvægast og leiði af sér hin, heldur eru þau jafn mikilvæg og verka saman. Öll eiga þau upphaf sitt í umhyggju Guðs fyrir sköpuninni og hjálpræðisverki Krists. Hugtökin ættu heldur ekki að útiloka önnur, heldur tengjast öðrum mikilvægum hugtökum eins og að lækna, leiðbeina og næra.

Þetta hefti er einkum ætlað leiðtogum kirkjunnar og þeim sem sinna kærleiksþjónustu innan hennar. Því er ætlað að styrkja þau í köllun sinni til díakoníunnar og styrkja þau í daglegri þjónustu. Niðurstöður af vettvangi samráðsfunda svæða og heimshluta, sýna að víða eiga kirkjur erfitt með að veita þjálfun í díakoníu og námsgögn vantar. Vonandi getur *Boðun í síbreytilegu sambengi* einnig komið stofnunum að gagni sem vilja taka upp díakoníu í kennslu sinni.

Við samantekt þessa rits voru lagðar til grundvallar samræður um þjónustuna víða um heim, allt frá samráðsfundinum um spámannlega díakoníu í Jóhannesborg árið 2002, til fundarins

¹ *Mission in Context: Transformation, Reconciliation, Empowerment. An LWF Contribution to the Understanding and Practice of Mission.* LWF, Genf, 2004.



© FELM

í Addis Ababa 2008, þar sem niðurstöður voru dregnar saman og afraksturinn uppfærður til útgáfu.²

Öllum þeim sem tóku þátt í þessum fundum færum við þakkir fyrir framlag þeirra og innsýn. Ekki er hægt að endurspegla hér alla þá margbreytilegu reynslu sem kirkjurnar búa að. Hér er aðeins lyft fram nokkrum lýsandi dæmum. Vonandi verður þetta framtak okkur öllum til hvatningar og til þess að styrkja tengsl okkar samverkamanna í þjónustunni við Guð og náungann.

Sex manna stýrihópi var falið að fylgja útgáfu *Þjónustu í síbreytilegu sambengi eftir*. Í honum voru: Gustavo Driau frá Argentínu, Eva Grollova frá Tékklandi, Rebecca Larson frá Bandaríkjunum, Dieter Lorenz frá Þýskalandi, Selma Shejvali frá Namibíu og Jongkers Tampubolon frá Indónesíu. Að lokum vil ég þakka þeim fyrir stuðning og innsýn sem verkinu var mikill styrkur að.

Genf, í júlí 2009.

Dr. Kjell Nordstokke

forstöðumaður Boðunar- og þróunarsamvinnudeildar Lúterska heimssambandsins (Department of Mission and Development, DMD).

² Niðurstöður fundarins í Addis Ababa voru birtar í skýrslunni *Serving the Whole Person. The Practice and Understanding of Diakonia Within the Lutheran Communion. Skjal 54/2009*. LWF, Genf. Niðurstöður fundarins í Addis Ababa voru birtar í skýrslunni.

FYRSTI HLUTI: SAMHENGI ÞJÓNUSTUNNAR





© LWF/J. Schep

Fyrsti hluti: Samhengi þjónustunnar

1. Hvers vegna er nauðsynlegt að meta sanhengið?

Allir lifa og starfa í ákveðnu sögulegu samhengi. Biblían greinir frá verkum Guðs í heiminum, innan ákveðins sögulegs samhengis, þar sem iðulega er að finna mannlega þjáningu. Í 2. Mósebók segir frá því, er Guð grípur inn í ákveðnar aðstæður þar

sem fólk líður vegna kúgunar: „Ég hef séð eynd þjóðar minnar í Egyptalandi og heyrt kvein hennar undan þeim sem þrælka hana. Já, ég þekki þjáningar hennar“ (2 Mós 3.7). Þegar orð Guðs varð hold í Jesú Kristi, voru einnig uppi ákveðnar aðstæður í þjóðfélagslegu, efnahagslegu, stjórnmálalegu, trúarlegu og menningarlegu tilliti. Og starf Jesú mótaðist af þeim.

Þjónustan – díakonían er samofin vitnisburði kirkjunnar í heiminum og tekst á við aðstæður og erfiðleika á hverri tíð. Til þess að mæta þörfinni þarf þjónustan að „greina tímanna tákni og lesa samvískusamlega úr aðstæðum og umhverfi með bæn um leiðsögn“¹

Það er handleggur að greina samtíð og samfélag með þessum hætti, því að veruleikinn hefur fleiri hliðar en eina og hér þurfa margar og

¹ *Bodun í sibreytilegu samhengi*, bls. 10.

mismunandi fræðigreinar að koma til, ef vel á að vera. Það er t.d. ekki nóg að nálgast HIV-smit og alnæmi einvörðungu út frá læknisfræðilegu sjónarmiði, því að sá vandi sem þessi sjúkdómur veldur heimsbyggðinni heyrir ekki síður undir félagsfræði, hagfræði, guðfræði og raunar allt líf mannsins í heiminum. Þjáningin snertir öll svið tilverunnar, rétt eins og umhyggjan og umbreytingin.

Við verðum því að horfa vökulum augum yfir sviðið og hika ekki við að spyrja spurninga, en varast að ganga að nokkrum hlut gefnum. Sérstaklega verðum við að vera næm á raddir þeirra sem af einhverjum ástæðum hafa verið hornrekur og höfð út undan, hvort heldur er innan kirkjunnar eða í samfélaginu yfirleitt. Það er umfram allt mikilvægt að hlýða á sögur jaðarhópa og þeirra sem eru einangraðir og heyrna mat þeirra á því af hverju hlutirnir eru eins og þeir eru og í hverju þeir sjá von og breytingar til hins betra. Í þessu efni er sérlega mikilvægt að hlusta eftir sjónarhorni kvenna og ungs fólks.

Þjónustan – díakonían getur því aðeins gegnt hlutverki sínu í að móta betri framtíð þegar hún virðir reisu, hæfileika og reynslu sérhvers einstaklings. Allir eiga rétt á því að hlustað sé á sögu þeirra og reynsla þeirra tekin alvarlega. Einungis með því móti verða þeir þátttakendur í breytingum til hins betra.

Sem trú í verki tengir díakonían skilning á aðstæðum við það sem við lesum í Biblíunni. Frásagnir Biblíunnar af þjáningu og kúgun geta varpað ljósi á og hjálpað okkur að skilja hliðstæðar sögur nú á tímum. Og það sem meira er, vitnisburður Heilagrar ritningar minnir okkur á fyrirheit Guðs um vonarríka framtíð og skilyrðislausan kærleika hans og umhyggju fyrir þeim sem þjást og eru útskúfaðir.

Þó er það díakoníunni aldrei markmið í sjálfu sér að rýna í aðstæður og greina þær – og láta þar við sitja. Markmiðið er að hvetja til hjálpar og tryggja að hún sé í samræmi við

aðstæður hinna þurfsandi. Greiningin hjálpar okkur að forgangsraða og skilgreina markmið og vinnubrögð sem eru skilvirk og í samræmi við forsendur díakoníunnar. Hún gerir okkur meðvituð um þau úrræði sem við höfum og gerir okkur vakandi fyrir möguleikum og takmörkunum, sem og hugsanlegum samstarfsaðilum.

2. Hnattræn áhrif í nærsamfélaginu

Við lifum á tímum þar sem nærumhverfið er ekki einangrað frá umheiminum. Allt nærumhverfi, hvar í veröldinni sem er, verður fyrir áhrifum alþjóðlegrar framvindu á sviði efnahagsmála, trúmála, félagsmála, menningarmála, umhverfismála og stjórnmála. Þar að auki er hnattvæðingin raunveruleiki sem hefur mótandi áhrif á öll umhverfis-, efnahags-, þjóðfélags-, menningar- og jafnvel trúmál, hvar sem er á jarðarkringlunni.

Í riti Lúterska heimssambandsins, *Bodun í síbreytilegu sambengi*, er *Flókin áhrif hnattvæðingar* fyrsta fyrirsögn í kaflanum *Hvernig hnattrænn veruleiki hefur áhrif nær og fjær* (bls. 12). Hér er vísað til tvíþentra afleiðinga hnattvæðingar. Ekki er þó mögulegt í þessi riti að greina að fullu þá erfiðleika og þau tækifæri sem hnattvæðingin hefur í för með sér.

Því verður ekki neitað, að hnattvæðingin hefur leitt af sér margvísleg gæði, svo sem betri samskiptatækni og vísindapekkingu. Hún hefur líka eflt mönnum skynáýmsan vanda í samfélaginu og opnað augu þeirra fyrir margvíslegri þjáningu víðs vegar og aukið möguleika á því að bregðast við neyð. Hægt er að benda á marga framkvæmdina sem létt hefur milljónum manna lífið. Þannig eiga æ fleiri börn kost á skólagöngu og fleiri hafa nú aðgang að hreinu vatni en nokkru sinni áður. Það hefur tekist að vinna umtalsverða sigra á sjúkdómum á borð við berkla og malaríu. Mikið af



© LUCSA

árangrinum má þakka samvinnu á heimsvísu svo sem þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem hleypt var af stokkunum árið 2001.

Á hinn bóginn eru afleiðingar hnattvæðingar einnig neikvæðar og sumar afar slæmar. Það á sérstaklega við þegar athygli er beint að hinu hnattræna hagkerfi eins og það hefur mótast af stofnunum og starfsemi á sviði alþjóðlegs fjármála- og viðskiptalífs. „Hnattvæðing hagkerfisins er drifin áfram af þeirri forsendu að „hin ósýnilega hönd“ markaðarins muni tryggja hámarksgæði svo lengi sem við leggjum ekki hömlur á hagnaðarvon einstaklingsins. Litið er á manneskjuna fyrst og fremst sem einstakling með óseðjandi þarfir og þrír, í samkeppni við aðra um að „eiga“ meira í staðinn fyrir að „vera“ og lifa í samfélagi við aðra. Markmiðin sem ráða ferðinni eru takmarkalaus hagvöxtur, framleiðsla, eignarhald og stjórnun, [þetta er] það sem skiptir máli, samfara vilja til að nota hvaða meðul sem er

til þess að koma þessu í höfn.“²

Hnattvæðing efnahagslífsins dregur margan slóða. Af henni hefur meðal annars leitt, að bilið á milli hinna ríkustu og öreiganna er sífellt að breikka. Að auki lýtur hnattvætt hagkerfi, svo sem fjölbjóðafyrirtækin, ekki eftirliti yfirvalda og ákvarðanir eru ekki lýðræðislegar. Eigi að síður geta þessi fyrirtæki haft vald til að ákveða afdrif heilla þjóða, einkum í samstarfi við stórþjóðir sem

fylgja áþekkri stefnu í pólitík og efnahagsmálum, líkt og tíðkaðist hjá heimsveldum liðinna tíma.

Neysluhyggja, mengun og ógnun við viðkvæm vistkerfi eru önnur neikvæð áhrif af hnattvæðingu efnahagslífsins. Nýleg þróun hefur beint sjónaukanum að tveimur viðbótarógnum: hve viðkvæm fjármálakerfi eru og skelfileg áhrif loftslagsbreytinga, einkum í fátækustu og viðkvæmustu löndum jarðar.

Þessi þróun bendir á þá brýnu þörf að berjast gegn fátækt. Samkvæmt Sameinuðu þjóðunum þarf a.m.k. 80% fólks, í löndum þar sem bil milli fátækra og ríkra er að aukast, að lifa af því sem samsvarar 10 bandaríkjadöllum á dag, eða minna. Samkvæmt UNICEF (Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna) deyja allt að 30 þúsund börn á dag vegna fátæktar.

Í mörgum samfélögum sést hvernig konur og

² Karen L. Bloomquist (ritstj.): *Communion, Responsibility, Accountability. Responding as a Lutheran Communion to Neoliberal Globalization*. Skýrsla nr 50, Lúterska heimssambandið, Genf 2004, bls. 25-26.

fátækt verða æ raunverulegri samnefnari. Heimili sem konur standa fyrir eru verr sett og fátækt þeirra er meiri, einkum hjá eldri konum. Þær hafa færri efnahagsleg eða félagsleg úrræði til að bæta hag sinn. Örbirgðin hneppir konur í margháttaða fjötra mismununar og hindrar möguleika þeirra til að sækja rétt sinn.

Eftir að hafa hlýtt á fjölmargar skýrslur um ómannúðlegar aðstæður sem örbirgð hefur í för með sér, var eftirfarandi samþykkt gerð á ráðstefnu Lúterska heimssambandsins í Afríku í september 2006 um fátækt og hlutverk kirkjunnar: „*Á tímum sem þessum verður að fordæma þau syndsamlegu öfl sem viðhalda örbirgð. Slík öfl halda áfram skefjalausri rányrkju á landi okkar og ræna milljónir manna réttinum á daglegu brauði og mannsæmandi lífi, sem þeir hafa af sjálfum Guði þegið. Þessi öfl birtast í óréttlátu efnahagskerfi, vaxandi átökum og ofbeldi og því að fólk neyðist til að flýja átt Haga sína. Fátækt veldur því einnig að HIV-smit og alnæmi breiðist hraðar út en ella. Fólk neyðist til þess að láta fyrir berast í skjóli undir brúm og leita sér matar á sorphaugum og í ruslatunnum. Karlar, konur og börn hafa verið svipt rétti sínum og eiga þess engan kost að nýta meðfæddar gáfur og hæfileika. Meðal ungs fólks fer þeim hraðfjölgaði, sem eru atvinnulausir og án vonar um betri framtíð. Í nær öllum aðstæðum snauðra eru það þó konurnar sem bera þyngstu byrðarnar, sem stynja undan stöðugri áþjám. Þetta ástand er í senn með öllu óþolandi og syndsamlegt.*“³

Einhver augljósust merki þessa raunveruleika eru fólksflutningarnir. Aldrei í sögunni hafa flóttamenn og fólk á vergangi verið fleiri en nú. Nær 32 milljónir flóttamanna voru skráðar í meira en 70 löndum árið 2007. Af þeim voru um 14 milljónir flóttamenn í eigin landi. Auk þess hafa milljónir manna yfirgefið fósturjörð sína til að flýja fátækt og öryggisleysi í leit að betri

framtíð sér til handa og skylduliði sínu. Sem farandverkamenn nýtur þetta fólk ekki sömu réttinda í nýja landinu og þeir sem fyrir eru, né heldur hefur það jafn greiðan aðgang að þjónustu. Því er tíðum mismunað og oftast en ekki fær það að kenna á útlendingahatri.

Mansal er önnur, og ef til vill sársaukafyllsta, birtingarmynd þessara mannlegu þjáninga. Þetta er álitin sú tegund glæpastarfsemi sem hraðast vex núna. Hundruð þúsunda manna, einkum þó kvenna, eru seld í nútímaþrælahald heimilisþjónustu og vændis.

Félagslegur hreyfanleiki er mikilvægt hugtak til að lýsa þróun samfélaga frá niðurnjörvaðri skipan, sem oft byggir á stéttaskiptingu, þjóðernisuppruna og menningarlegri einsleitni, yfir í fjölmenningsamfélag. Í þessu sambandi er mikilvægt að huga að fólksflutningum og flutningum úr sveit í borgir og bæi. Félaglegur hreyfanleiki getur brotið niður hefðbundna múra þjóðernis og menningar. En hann getur líka dregið úr samkennd og ábyrgðartilfinningu, og í staðinn komið sinnulaus einstaklingshyggja sem skilur manneskjuna eftir einsamla úti á berangri lífsbaráttunna.

Annar fylgifyiskur þessa hreyfanleika er að farið er að líta á siðferðislegar spurningar sem afstæðar. Skoðanir á álitamálum eins og



© ECCB/Jan Silar

³ “So the poor have hope, and injustice shuts its mouth”. *Poverty and the Mission of the Church in Africa*. Genf, LWF Studies, 01/2007, bls. 16.

fóstureyðingum, líknardrápi og því að beita erfðataekni verða einstaklingsbundnar. Framfarir á sviði tækninnar hafa gert spurningar um líf og dauða mun flóknari en þær voru fyrir aðeins einni kynslóð. En er hægt að fást við þær þannig að hver og einn svari eftir eigin geðþótta? Eða er þörf á að sú afstaða sé grunduð í gildum, sem horfa út fyrir stundarvanda og skyndilausnir?

Bent hefur verið á að félagsleg samheldni (í merkingunni samfélag sem hefur meira gildi en samtala þeirra einstaklinga sem fylla það) sé skilyrði til að byggja samfélag. Hvernig verður þannig samheldni til? Til þess virðist þurfa nokkra ólíka þætti: stjórnmalahugmyndir og siðferðisviðmið og sameiginlega sýn á það hvað er gott og þess virði að berjast fyrir því. Trúin tengist öllum þessum þáttum og trúað fólk getur gegnt mikilvægu hlutverki í að byggja upp félagslega samkennd og samheldni.

Þetta er reyndar einn af þeim möguleikum sem verða til vegna þess hve opinn póstmóðernisminn er gagnvart menningarlegri og trúarlegri fjölhyggju. Það sem kallað hefur verið endurkoma trúarbragðanna býr yfir þessari vídd sem opnar möguleika, en hún hefur einnig til að bera ógnvænlegri hlið, sem er sú að næra íhaldssama og ofbeldisfulla bókstafstrú. Frá sjónarmiði diakoníunnar hefur þessi þróun í

för með sér ný tækifæri til þess að tengja saman trú og verk og glæða von, kærleika og réttlæti í samfélaginu.

Allir þessi þættir, eru fyrir kirkjurnar, áskorun um að móta diakoníu sína þannig að hún gangi djarflega fram í þjónustu við þjáða og utangarðsfólk og að hún haldi ávallt á lofti réttlæti og friði gagnvart allri sköpuninni. Með hliðsjón af þessum þáttum ber að forgangsraða verkefnum þjónustunnar og hafa áhrif á þá vigt sem gefin er ólíkum þáttum starfsins. Þeir hafa líka áhrif á aðferðir og vinnubrögð diakoníunnar. Þjónustan verður að taka mið af umhverfi sínu, bæði í verki og í kenningum. Hún þarf að endurspegla allar sínar mörgu hliðar: þjóðfélagslegar, stjórnmalalegar, trúarlegar, efnahagslegar og menningarlegar.

En þótt okkur ægi ástandið víða um heim, megum við ekki láta það leiða athygli okkar frá stöðunni heima við. Alþjóðlegir straumar skiljast aðeins út frá sjónarhorninu í heimahéraði þar sem meta má áhrif þeirra á hversdagslíf fólks. Þegar horft er út í heim skilst betur við hvað er að etja á dyrahellu okkar sjálfra. En því er einnig öfugt farið. Orðið „glocal“ (samsett úr global og local, alþjóðlega og á heimavelli) var smíðað um þetta órofa samband alheimsaðstæðna og málavaxta á hverjum stað. En að grandskoða ástandið heima er ekki nóg og ekki dugar að skoða hlutina í á almennum nótum. Þá þarf að tengja náið aðstæðum og verkefnum sem fyrir liggja. Aðeins með því móti verður heildarmyndin svo skýr að unnt sé að takast á við hana. Þá geta líka þeir sem þjónustuna veita, séð hvort störf þeirra svari þörfinni eða hvort endurskoða þurfi markmiðin og aðferðirnar á róttækan hátt – eða að stofna til nýrrar samvinnu um þau.

Við ættum ekki heldur að vanmeta möguleikana sem við höfum á heimavelli til að vinna gegn þróun á heimsvísu og jafnvel kynna aðra valkosti. Gott dæmi um það er „fair trade“ eða sanngjörn viðskipti, sem tengja framleiðendur við neytendur í öðrum heimshluta. Mannkynssagan



© LWF/S. Lim

geymir ótrúlegar sögur af heill og blessun, sem átti upptök sín einhversstaðar á jaðrinum, utan hringiðunnar. Hæðnisleg spurning Natanaels í Jóh 1.46: „*Getur nokkuð gott komið frá Nasaret?*“ reyndist öfugmæli. Það ætti stöðugt að hugsa til hennar, þegar menn tala af virðingarleysi um heimabyggð og möguleika hennar til að umbreyta.

3. Þjónustan við nýjar aðstæður

Díakonían hefur breyst frá einni kynslóð til annarrar, allt eftir aðstæðum og tíðaranda. Þetta er að hluta vegna ögrana eins og þeirra sem fjallað var um hér á undan, en að hluta vegna ríkjandi hugmyndafræði og þeirrar merkingar sem lögð er í aðgerðir díakoníunnar í samfélaginu.

Víðast hefur alþjóðleg þróun veruleg áhrif á díakoníu. Hún skapar nýjar hindranir og breytir möguleikum á að bregðast við. Drepið var á sumt af þessu hér að ofan.

En aðstæður í heimahéraði og nánasta umhverfi hafa líka áhrif á þjónustuna. Í mörgum löndum suðurhvels hefur almenn fátækt áhrif á kirkjuna. Þar hefur kærleiksþjónustunni orðið æ erfiðara að reka stofnanir, til dæmis á borð við sjúkrahús. Fjárstuðningur frá samstarfsaðilum í norðri fer minnkandi. Sumar kirkjur þurfa jafnvel að horfast í augu við að þær hafa ekki lengur bolmagn til þess að veita þjónustu sína og verða að afhenda, t.d. sjúkrahús sín, hinu opinbera eða einkaaðilum. Hægt er að færa rök fyrir því að þessar stofnanir séu leifar frá tímum útlendra trúboða og fjármuna þeirra að heiman, og að díakonía nú á tímum ætti að vera hreyfanlegri og tengjast samfélaginu beint, og vera minna háð dýrum byggingum. Á hinn bóginn er sárt ef kirkjur neyðast til þess að hætta að annast sjúka, einkum þegar verkefnið blasa hvarvetna við, eins og hröð útbreiðsla alnæmis.



© LWF/D. Lorenz



Hauptarchiv der v. Bodelschwinghschen Anstalten Bethel

Birtingarmyndir fátæktar eru skýrar í heimasamfélaginu og orsakir hennar þekktar. Veikt stjórnarfar, spilling, átök þjóða og þjóðarbrot og borgarastyrjaldir eru nokkrar þeirra aðstæðna sem skapa fólki sem þegar býr við örbirgð, eymd á eymd ofan. Samtímis er þetta kirkjunum hvatning til þess að spýta í lófana og finna nýjar leiðir til þess að annast um og starfa fyrir hina snauðu og kúguðu, halda á lofti mannlegri reisn þeirra og réttindum.

Í Austur-Evrópu hafa orðið stórfelldar þjóðfélagsbreytingar á síðustu áratugum. Þar störfuðu söfnuðir ötullega að ýmis konar kærleiksþjónustu áður fyrr og höfðu innan sinna vébanda ýmsar stofnanir í þessu skyni. Þegar kommúnistar komust til valda, var skipað svo fyrir að öllu þessu starfi skyldi umsvifalaust hætt og stjórnvöld tóku fjölda bygginga eignarnámi. Þegar kommúnisminn hrundi, fengu kirkjurnar tækifæri til að taka

upp þráðinn á nýjan leik. Framan af nutu þær myndarlegs stuðnings trússystkina í vestri sem gerði þeim kleift að hefja margháttaða þjónustu á sviði díakoníu. En þeim varð fljótlega ljóst, að þær gátu ekki byggt eingöngu á utanaðkomandi aðstoð, né heldur snúið aftur til þess sem var fyrir tíma kommúnismans. Hér þurfti því að hugsa þjónustuna upp á nýtt, í ljósi nýrra verkefna og aðstæðna í stjórnámum.

Á síðastliðnum áratugum hafa líka miklar breytingar orðið í Vestur-Evrópu. Þegar hugmyndinni um velferðarríki var hrundið í framkvæmd á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar, voru þjónustustofnanir kirkjunnar tengdar því kerfi. Þessa gætti með ýmislegu móti, eftir löndum. En byggt var á því grundvallarsjónarmiði að allir þegnarnir skyldu njóta heilbrigðis- og félagsþjónustu í anda réttlætis og jafnréttis en ekki

sem ölmusu. Að auki voru gerðar kröfur um að þessi þjónusta væri í hæsta gæðaflokki og ævinlega í höndum fagfólks.

Velferðarþjónustan mátti ekki lengur byggja á trúarlegri hvatningu og gildum en var í stað þess byggð á stjórnmalahugmyndum og félagshugsun. Þetta hafði mikil áhrif á díakoníuna, ekki síst þegar hún var greidd af almannafé eða með öðrum hætti felld inn í opinbert heilbrigðis- og félagskerfi. Færa má rök fyrir því að með þessari afhelgun samfélagsins hafi kærleiksþjónusta og stofnanir hennar einnig verið afhelgaðar.

Á meðan þetta heldur áfram að halda fyrir mönnum vöku, hefur annars áhyggjuefnis orðið vart á síðustu áratugum. Velferðarkerfi margra landa hafa ekki þótt nógu öflug. Þau hafa verið gagnrýnd fyrir að ná ekki nógu góðum árangri og vera of dýr. Einkavæðing rekstrar og aðrar markaðslausnir hafa verið kynntar til leiks. Hvar ætli þjónustustofnanir kirkjunnar staðsetji sig í þessari hringiðu? Þær eru ekki reknar í hagnaðarskyni, þær eru hvorki opinberar né í eigu einstaklinga, í stuttu máli eru þær í engum skilningi viðskiptalegs eðlis. Þær hafa meira að segja beðist undan kröfum um hagræðingu, ekki síst ef það kemur niður á grunnildum og gæðum umönnunar.

Hvernig getur díakonía, sem orðin er til fyrir alveg ákveðnar hugsjónir, brugðist við þessum aðstæðum? Getur díakonían lagt til ákveðinn virðisauka í þessu sambandi og sérhæfða hæfni? Eða er hætta á að þrýstingur frá stjórnála- og fjármálaöflum breyti eðli þjónustunnar?

Tengsl díakoníu og stjórnvalda endurspeglar oft sambúð ríkis og kirkju í viðkomandi landi. Í sumum löndum er náð samstarf með þessum aðilum og starfið greitt af almannafé. Annars staðar spillir tortryggni á báða bóga. Spyrja má hvort samband ríkis og kirkju verði að segja til um samstarf á sviði díakoníu eða hvort einnig megi hugsa sér að standa að slíku án þess, innan vébanda félagasamtaka á vettvangi þriðja geirans.

4. Vonin og vonleysið

Sú mynd sem hér hefur verið dregin upp af hnattvæddum heimi, getur virkað eins og vonleysisspírall. Erfiðleikar og þjáningar einstaklinga tengjast svipaðri reynslu á öðrum sviðum, svo sem félagslegum, stjórnála- og hugmyndafræðilegum. Á þeirri leið staðfestist og eykst vanmátturinn og óttinn.

Í sumum löndum draga stjórnvöld úr styrkjum til framleiðslu undirstöðufæðutegunda fólksins, oft vegna þrýstings frá alþjóðlegum peningastofnunum. Í öðrum löndum eru framlög til velferðarkerfisins skorin niður eða þau jafnvel afnumin með öllu. Í báðum tilfellum kemur þetta harðast niður á hinum fátækustu. Þetta er varið með því að vitna í hugmyndafræði nýfrjálshyggju þar sem markaðurinn ræður. Aðrir segja að velferðarkerfið sé einfaldlega of dýrt í rekstri og efnahagur landanna beri það ekki.

Í mörgum löndum hefur auðsöfnun einstaklinga farið vaxandi, samfara því að opinberar stofnanir hafa minna og minna fé til ráðstöfunar. Þetta eru trúlega merki um einstaklingshyggju póstmóðernismans.



© LWF/D. Lorenz

Einstaklingshyggja er lífstíll fólks sem sækist eftir tækifærum sjálfu sér til handa, þar sem hver og einn er ábyrgur fyrir eigin framtíð. En því miður tekst ekki öllum að skapa sér mannsæmandi líf á þeim forsendum. Ýmsar ástæður, persónulegar,

fjárhagslegar eða félagslegar, geta orðið til þess að fólk fær ekki notið síns hluta af því sem telst til almennra gæða og réttinda. Í vonleysisspiral rekur ein ólukkan aðra og lánleysið eykst. Eins og í þeytivindu færast fólk smám saman út á jadarinn, lendir utangarðs, fjær og fjær mannsæmandi lífskjörum.


Að vera utangarðs þýðir að búa við fjölbættan vanda. Á persónulegum grunni glatar utangarðsfólk virðingunni fyrir sjálfu sér. Það verður fyrir fordómum og finnur fyrir þöggun. Á samfélagsgrunni verða til kerfi og ferlar sem festa útlökun þess í sessi og samfélagið réttlætir gerðir sína með ákveðinni hugmyndafræði. Hér er að vísu dregin upp einhliða mynd og sem betur fer upplifa flestir meiri lífsgæði en lýst er í þessum vonleysisspiral. Fólk upplifir ást og góðmennsku og sambönd sem vekja von um framtíð. Reynslan sýnir líka, að það er hægt að rjúfa vítahringinn. Hægt er að gera það sem einstaklingur, heilt samfélag eða á sviði stjórn mála. Baráttan gegn Apartheid, stefnu kynþáttaaðskilnaðar, er gott dæmi um þetta, þar sem þau er börðust gegn henni gerðu það á ólíkum sviðum.

Allir menn gegna á ævinni fleiri en einu hlutverki. Hver einstakur er þannig partur af samfélagi, borgari, tilheyrir fjölskyldu, er nágranni, samstarfsmaður og vinur. Í Afríku er til hugtakið „ubuntu“. Í því felst sá mannskilningur að einstaklingur sé ekki aðeins hann sjálfur heldur er hann skilgreindur út frá tengslum sínum við aðra. Desmond Tutu erkibiskup segir að sjálfstraust manna byggir á vitundinni um það að tilheyra stærri heild. Þess vegna verður það öllum hinum einnig til minnkunar verði einn niðurlægður, lítillækkaður, kúgaður eða pyntaður.

Ubuntu má líkja við sog hringiðu sem verður sífellt öflugra og dregur til sín æ fleiri. Nelson Mandela lýsti ubuntu-hugtakinu svo: „Maður er á ferð. Hann kemur í þorp og er veittur beini án þess hann þurfi að biðja um það. Heimamenn hafa ofan af fyrir honum. Þannig er ubuntu. En það kemur ekki í veg fyrir að hver og einn þurfi ekki að

spyrja sig hvað hann geti lagt af mörkum til að bæta samfélag sitt.“⁴

Hægt er að upphefja hugtök á borð við ubuntu og hefðir sem þeim tengjast án þess að horfa til hins nóturlega raunveruleika og flokkadrátta sem til dæmis eru við lýði í Suður-Afríku. En einn af kostum ubuntu-hefðarinnar er óneitanlega sá, að í henni felst umhyggja fyrir mannum öllum, heilum. Og þrátt fyrir allt þá dregur hún fram mikilvægi þess og loford um að fá að tengjast öðrum á þann hátt að vonin vaki ávallt með manni. Myndin af hringiðunni eða spirálnum skýrir þetta.



Spirall vonar

Hér er áriðandi að skilja að manngildið birtist á svo marga vegu sem svo tengjast innbyrðis. Það gefur samfélagi manna innihald.

Stjórn mála viddin byggir á því að stjórn mála dafna ekki nema borgararnir láti í ljósi vonir sínar og hugmyndir um framtíðina. Dæmi um þetta eru hinar ýmsu hreyfingar og samtök í samfélaginu sem sækja afl sitt til grasrótarinnar og styrkja þannig lýðræðið.

⁴ [http://en.wikipedia.org/wiki/Ubuntu_\(Philosophy\)](http://en.wikipedia.org/wiki/Ubuntu_(Philosophy))

Þetta tengist hinni hugmyndafræðilegu vídd sem skilgreinir hvað er gott, satt og rétt, þar sem fólk hvetur til samheldni, réttlætis, friðar og náttúruverndar út frá sýn sinni á lífið og gildismati.

Það er svo í hinni félagslegu vídd sem við sjáum hvort einstaklingarnir fái svigrúm til þátttöku á eigin forsendum. Ef slíkt rými er ekki til staðar getur hugmyndafræðin orðið að harðstjórn eins þar sem aðeins er tjáður einn stóri-sannleikur og ein tegund vonar. Í lýðræðislegum velferðarríkjum er sá möguleiki fyrir hendi að byggja upp samfélag sem allir heyra til og geta tekið þátt í, þar sem fjölbreytileiki mannlífsins er ekki vandamál, heldur tækifæri.

Hinar mörgu birtingarmyndir veruleikans eru að sjálfsögðu ennþá fjölbreytilegri og flóknari en hér er kostur að lýsa. Hver og ein þeirra býr líka yfir margskonar mótsögnum, sem því miður torvelda oft viðleitni til þess að bæta og betra.

En eins og ferðalangurinn þarf á landabréfi að halda, þá gildir hið sama um vonina. Stóra spurningin er hvort vonin, í merkingunni eindregin vænting mannsins um betra líf, fullkomnari framtíð – sé innbyggð í okkur af því við erum sköpun Guðs. Vonin er ekki einasta eðlislæg manningum. Öll höfum við séð vonir rætast og af slíku eru auðvitað fjölmargar sögur sagðar. Ættingi kemst til heilsu eftir alvarleg veikindi, erfiðleikar í bæjarfélaginu leysast fyrir sameiginlegt átak íbúanna, kúgað fólk öðlast frelsi. Hér fékk vonin byr í seglin og veitti styrk á vettvangi stjórn mála, hugmyndafræði og félagslífs manna.

Díakonía glímir stöðugt við vonleysi og uppgjöf en með starfi sínu glæðir hún vonina. Hún á frumkvæði að samfylgd við manninn, skref fyrir skref, með umbreytingu, sátt og valdeflingu að leiðarljósi.

5. Verkefni í öllum áttum

Allir eigum við mennirnir margt sameiginlegt, hverjir sem við erum og hvar sem við eigum heima. Við eigum það öll í vændum einhvern tíma að veikjast, þjást og finna til sársauka og enginn okkar flýr dauðann. Af sjálfu leiðir, að alltaf verður þörf fyrir díakoníuna; hún er í senn sístætt verkefni í öllum mannlegum aðstæðum og tækifæri.

Árið 2003 hóf Mekane-Jesús-kirkjan í Eþíópíu (EECMY) að hjálpa börnum sem misst höfðu foreldra sína af völdum alnæmis. Flest þeirra höfðu verið munaðarlaus árum saman, án þess að nokkur hirti um þau, og við þeim blasti framtíð án vonar. Söfnuðurinn fékk leiðtoga samfélagsins í lið með sér og haft var upp á 150 mjög bágstöddum börnum. Nú var hafist handa, ekki aðeins að fæða börnin og klæða, heldur líka að finna handa þeim fósturforeldra. Undantekningarlaust lánaðist að koma börnunum fyrir í hverfunum þar sem þau voru upprunnin. Nýju heimilin voru styrkt til þess að kaupa í matinn, útvega rúm og sængurföt og það sem börnin þurftu að hafa með sér í skólann. Kirkjufólk kom reglulega í heimsókn og sá um, að börnin nytu heilsugæslu og ættu kost á áframhaldandi menntun. Að þremur árum liðnum voru þau beðin um að segja hvað hefði skipt þau mestu máli í þessari aðstoð. Öll voru svörin nokkuð á sama veg: Nú höfum við þak yfir höfuðið, fáum reglulega að borða, förum í skólann og eigum foreldra og systkini. Stórkostlegasta breytingin er að áður vorum við einsömul á götunni en núna tilheyrum við samfélaginu og það gefur okkur trú á framtíðina.

Öll þekkjum við líka þau illu öfl innra með okkur sjálfum og umhverfis okkur, sem spilla á milli fólks og valda ábyrgðar- og sinnuleysi. Stundum breytum við meira að segja gegn sannfæringu okkar; gerum ekki það sem ætlast er til af okkur. Þrátt fyrir góðan ásetning verður ekki neitt úr neinu. Þetta kallar kristin guðfræði erfðasynd og segir alla reynslu staðfesta, að maðurinn sé fæddur af syndugu eðli. Við erum

Því hvort tveggja í senn, fórnarlömb hins illa og samverkamenn þess.

En það er ekki allur sannleikurinn. Við erum „ný sköpun“ í Kristi (2 Kor 5.17) og ekki lengur í fjötrum syndarinnar. Því reynir díakonían að berjast gegn hinu illa, líka í félagslegu og pólitísku tilliti. Við verðum að þora að horfast í augu við hið illa og fordæma það. Þjónustan hugar ekki við að benda á ýmsar leiðir til þess að efla mannúð undir formerkjum trúar, vonar og kærleika.

Auðvitað ráða kringumstæður miklu um það, hvernig tekið er á tilvistarlegum vandamálum. En víst er, að þar sem vonleysið ríkir, eykst eymdin og erfiðleikarnir. Og það getur alveg eins gerst í velferðarríkjum eins og þar sem örbirgð ríkir. Á sama hátt verður vonin til þess að rými skapast fyrir samúð, samhug og réttlæti – og fyrir kærleik Krists sem „*fellur aldrei úr gildi*“ – „*breiðir yfir allt, trúir öllu, vonar allt, umber allt*“ (1 Kor 13.7-8).

Til umhugsunar:

1. Hver eru þau brýnu verkefni sem díakonían í kirkju þinni þyrfti helst að taka á? Snúa þau að þínu nánasta umhverfi, héraðinu eða jafnvel öllum heiminum?
2. Hvernig er þjónustan innt af hendi í kirkju þinni? Hvernig er brugðist við því sem um er fjallað í svörum við spurningunni hér á undan?
3. Þarf að hafa „spíral vonarinnar“ (bls. 22) í huga, þar sem kirkja þín er annars vegar? Hvernig myndir þú heimfæra aðstæður þínar upp á þetta hugtak?

ANNAR HLUTI: HVAÐ ER DÍAKONÍA?





© EYCE

Annar hluti: Hvað er díakónía?

1. Við játum trú á föður, son og heilagan anda

Kristnir menn játa trú á þríeinan Guð. Það er kjarni kristindómsins, aðal kirkjunnar og þess vegna líka kærleikspjónustunnar – díakoníunnar.

Í trúnni á Guð föður, skaparann játum við að „Drottni heyrir jörðin og allt sem á henni er, heimurinn og þeir sem í honum búa“ (Sl 24.1). Og

þessi trú getur af sér lofgjörð og lotningu, djúpa virðingu fyrir gildi og helgi alls hins skapaða. Kemur þetta heim við niðurstöðu Guðs að kveldi hvers dags sköpunarverksins: „Og Guð leit allt, sem hann hafði gert, og sjá, það var harla gott“ (1 Mós 1.31).

Í 19. Davíðssálmi fagnar allur heimur yfir máttarverkum skaparans: „Himnarnir segja frá Guðs dýrð, festingin kunnngjörir verkin hans handa. Hver dagur kennir öðrum og hver nótt boðar annarri speki. Engin ræða, engin orð, ekki heyrast raust þeirra. Þó berst boðskapur þeirra um alla jörð og orð þeirra ná til endimarka heims.“ Eins er Drottinn lofaður í 8. Davíðssálmi: „Drottinn, Guð vor, hversu dýrlegt er nafn þitt um alla jörðina!“ Og svo er lýst virðingarstöðu mannsins innan sköpunarverksins, svo að við liggur, að okkur verði hverft við: „Þegar ég horfi á himininn, verk handa þinna, tunglið og stjörnurnar, sem þú settir þar, hvað er þá maðurinn

Þess að þú minnst hans, og mannsins barn, að þú vitjir þess? Þú gerðir hann litlu minni en Guð, kryndir hann hátign og heiðri.“

Þessi trú mælir í gegn sérhverju viðhorfi sem gerir lítið úr sköpuninni, álitur hana einungis efnisheim, sem manneskjan geti umgengist eins og henni sýnist, misnotað jafnvel og eytt. Raunveruleikinn er aldrei efnið eitt, heldur birtist í honum Guðs náðugi vilji, óendanlegur kærleikur hans. Okkur ber því að sýna hinni góðu sköpun Guðs virðingu og umhyggju, en ekki yfirgang og skeytingarleysi. Allt sem lifir er hluti af heildstæðu vistkerfi, þar sem hvað er öðru háð. Það hefur aldrei verið jafn brýnt og nú að mannkynið minnst þessa, þegar náttúrulegt umhverfi á víða undir högg að sækja og lífverur ýmsar eru í útrýmingarhættu.

Þá er og hver manneskja óendanlega dýrmæt af þeirri einföldu ástæðu að hún er sköpuð af Guði og í Guðs mynd. Þetta má þó aldrei verða til þess, að menn ofmetnist og telji sig hafna yfir lífríkið í kringum sig. Það heitir á erlendum málum anþrópósentrismi, þegar maðurinn er settur í öndvegi lífs og heims, en veröldin öll á aðeins að þjóna duttlungum hans. Þetta orð hefur á íslensku verið þýtt með manngyðistrú. En hitt er jafn satt, að maðurinn er af Guði settur til þess að vera ráðsmaður sköpunarinnar, honum er falið það verkefni að gæta sköpunarverksins.

Þjónustan – díakonían vill vera þessari köllun trú og kveðja menn til þjónustu við hana. Við erum okkur meðvitund um návist skaparans í heimi öllum, hvern dag, við sérhverjar aðstæður. Díakonían vill, að rödd hennar hljómi með í lofsöngnum um dýrð hins þríeina Guðs. Í Fræðum Lúters minni er sífelldri sköpun Guðs lýst svo:

Ég trúi að Guð hafi skapað mig og alla hluti, hafi gefið mér líkama og sál, augu, eyru og alla limi, skynsemi og öll skilningarvit, og haldi því enn við; auk þess klæði og skæði, mat og drykk, hús og heimili, maka og börn, akur, fénað og öll gæði; sjái

mér ríkulega og daglega fyrir öllum þörfum og fæðslu þessa líkama og lífs; verndi mig gegn allri hættu, og gæti mín og varðveiti mig frá öllu illu; og allt þetta af einskærri, föðurlegri, guðlegri gæsku og miskunn, án allrar verðskuldunar minnar og tilverknaðar. En fyrir allt þetta er ég skyldugur að þakka honum og vegsama hann, þjóna honum og hlýða. Það er vissulega satt.

Þessi trú er hreyfiafl þjónustunnar, díakoníunnar. Í krafti hennar vilja kristnir menn taka höndum saman við allt góðviljað fólk. Hver maður er skapaður í Guðs mynd og því falið það verkefni á hendur að vera samverkamaður Guðs og veita áfram til annarra kærleika hans og umhyggju fyrir sköpuninni.

Kristin trú gerir sér fyllilega grein fyrir því, að ill öfl, merkt ranglæti og dauða, reyna sífellt að skaða lífið og granda því – bæði innan kirkju og utan – og iðulega virðast þau fara með sigur af hólmi. En Guð er Guð lífsins og fyrirheiti hans um vonarríka framtíð, fátækum og útskúfuðum til handa, stendur stöðugt („*von, gagnstætt allri von ...*“ (Róm 4.18)). „*Trúin er fullvissa um það sem menn vona, sannfæring um þá hluti sem eigi er auðið að sjá*“ (Heb 11.1). Trúin gefur þjónustunni – díakoníunni styrk til þess að standa gegn hinu illa, hverju nafni sem nefnist, veita aðstoð bágstöddum og ganga fram af dirfsku þess, sem elur í brjósti sér góða von.

Guð elskar alla. Og Guð hefur elskað okkur að fyrra bragði. Því ber okkur að elska og virða náunga okkar, hverjir og hvar sem þeir eru. Díakonían beinir ekki síst sjónum að þeim sem orðið hafa undir í einhverjum skilningi. Þjónustan er reist á trúarlegum grunni, orði Guðs og þjónustu Kristis. Kirkjan hefur fullt umboð til þess að bera vitni kærleika Guðs í Jesú Kristi frammi fyrir öllum heimi. Þjónustan – díakonían er einn þáttur þessa vitnisburðar.

*Úr Stofnskrá The European Federation for Diakonia
(Eurodiakonia), 2000.*

Kristin trú játar, að **Jesús Kristur** sé orð Guðs, sem varð hold og kom í heiminn, „*ekki til þess að láta þjóna sér heldur til að þjóna og gefa líf sitt til lausnargjalds fyrir alla*“ (Mark 10.45). Hér vísar Jesús til hlutverks síns sem Messías (hinn smurði Drottins) og notar einmitt orðið þjóna (á grísku: diakonein). Hann boðar að Guðs ríki sé í nánd og þeim boðskap fylgir kall til þjónustu við náungann.

Allt frá því Jesús hóf starf sitt, lék enginn vafi á því, að boðskapur hans tæki til mannlífsins alls. Þjónusta – diakonía hans er því fjölpætt: frelsun og sáttargjörð, lækning sjúkra og uppörvun þeim til handa, sem eru „*eins og sauðir án hirðis*“ (Matt 9.36). Einkum tekur hann sér stöðu við hlið þeirra, sem þjáðir eru, niðurlægðir og hafðir útundan. Kærleiksþjónusta Jesú stendur vörð um manngildið. Menn tengjast tryggðaböndum og vinnhly kynni standast þjáningu og dauða, já, endast jafnvel út yfir gróf og dauða. Þar sem diakonían er virk og lifandi, er hún sem spámannlegur vitnisburður um það, sem mestu varðar í Guðs ríki.

Ein er sú hlið á þjónustu – diakoníu Jesú, sem kom samtímamönnum hans á óvart. Það var auðmýkt og lítillæti hins mikla meistara. Hann tók syndurum opnum örmum og gerði þá meira að segja út af örkinni til þess að boða fagnaðarerindið.

Og við síðustu kvöldmáltíðina tók hann svo til orða: „*Ég er meðal yðar eins og þjónninn*“ (Lúk 22.27). Diakonía Jesú kemur þannig eigi aðeins samfélagi á fót, heldur eflir hún þau sem því tilheyra, til þess að taka að sér hin ýmsu verkefni. Hún birtir, svo greinilega sem verða má, þá náð Guðs sem sættir, umbreytir og eflir. Sá er kjarninn í frásögninni af því er Jesús þvoði fætur lærisveina sinna (Jóh 13). Orðið diakonía kemur hér að vísu ekki fyrir. En með þjónustu sinni við þetta tækifæri vill Jesús sýna, að lærisveinarnir „*eiga samleið með honum*“ (Jóh 13.8). Fótþvotturinn á því ekki fyrst og fremst að bera vitni óviðjafnanlegri auðmýkt og lítillæti hjartans, heldur er hann umfram allt nýtt upphaf í sögu mannkynsins. Kristnum mönnum nýs samfélags er gefinn réttur til þess að verða Guðs börn og una saman í kærleika og gagnkvæmri þjónustu (Jóh 1.12).

Þegar við áköllum **heilagan anda**, biðjum við Guð að vekja af náð sinni trú í brjóstum okkar og gera okkur hæf til þátttöku í lífi og boðun kirkjunnar, samfélags heilagra. Í 2. kapítula Postulasögunnar segir frá þeirri umbreytingu sem varð á postulum Jesú, þessum óttaslegnu mönnum, þegar heilagur andi kom yfir þá og blés þeim í brjóst kjark til þess að tala eins og andinn gaf þeim að mæla.

Á hvítasunnudag staðhæfði Pétur postuli, að nú hefði ræst það, sem spámaðurinn Jóel hefði sagt fyrir um: „*Synir yðar og dætur munu spá... Jafnvel yfir þræla mína og ambáttir mínar mun ég á þeim dögum úthella anda mínum*“ (Post 2.17-18). Andinn skilur engan útundan, eins og best sést á því, að unga fólkið er sérstaklega nefnt, konurnar og jafnvel þrælarnir. Margur hefur eflaust rekið upp stór augu þegar postularnir rifjuðu upp þessi spámannlegu orð, eins og aldarandinn var í þann tíð. En einmitt svona hafði Jesús gjarnan endaskipti á viðteknum gildum samfélagsins; hann bauð þeim, sem höfðu falið sig í grafarþögn og myrkri að ganga fagnandi út í bjart dagsljósið.

Heilagur andi er ósýnilegur kraftur Guðs



© LWF/E.-S. Vogel-Mfäto

að starfi í heimi hér. Hann fræðir lærisveina Krists, styrkir þá í trúnni og eflir sáluhjálp þeirra. Helgun hinna endurleystu er verk heilags anda. Páll segir heilagan anda ætíð nálægan í lífi lærisveina Krists og hjálpi hann þeim til þess að lifa Guði velþóknanlegu lífi. Skírnarþeginn endurfæðist „fyrir vatn og heilagan anda“; þannig standa dyr kirkjunnar, samfélags heilagra, jafnvel hvítvoðungnum opnar upp á gátt. Foreldrum barnsins er fengið logandi kertaljós sem á að minna viðstadda á orð Jesú við lærisveina sína: „Þér eruð ljós heimsins ... Þannig lýsi ljós yðar meðal manna að þeir sjái góð verk yðar og vegsami föður yðar sem er á himnum“ (Matt 5.14-15).

Páll postuli segir um náðargáfur (charisma) heilags anda: „Mismunur er á náðargjöfum en andinn er hinn sami, mismunur er á þjónustustörfum en Drottinn hinn sami“ (1 Kor 12.4). Náðargjafirnar gera sérhvern kristinn mann hæfan til ákveðinnar þjónustu. „Margar hendur vinna létt verk“ segir gamalt máltæki, og þegar hinir mörgu taka saman höndum, birtist heiminum ásýnd safnaðarins, kirkju Krists. Náðargjafirnar í söfnuðinum eru margar, þótt allar stefni þær að sama marki – á sama hátt og limir líkamans eru margir og hafa hver sínu hlutverki að gegna. Páll varar sérstaklega við því, að við gerum meira úr sumum náðargjöfum en öðrum. Hann minnir á, að jafnvel hin minnsta þeirra er ómissandi.

Í lúterskri guðfræði ræðir um „hinn almenna prestsdóm“ eða „prestsdóm allra trúaðra“. Að baki því hugtaki býr fullvissan um það, að náðargjafirnar séu allar jafn þýðingarmiklar. „Vér erum öll kristin með sama hætti, höfum blotið sömu skírni, trú, anda og hvað eina ...“ Af þessu leiðir, að fyllilega réttmætt er að tala líka um „díakoníu allra trúaðra“. Allir skírðir eru kallaðir til þjónustu hver við annan, án tillits til menntunar, efnahags, þjóðfélagsstöðu, starfs eða stéttar. Náð Jesú Krists, kærleiki Guðs og samfélag heilags anda, er og verður með öllum kristnum mönnum og kallar á andsvar í þakklæti,

auðmýkt og þjónustulund. „Við erum dáið og greftruð með honum (Kristi) í skírinni. Og eins og faðirinn vakti Krist frá dauðum með dýrðarmætti sínum, eins eigum við að lifa nýju lífi“ (Róm 6.4). Eins og Kristur er ljós heimsins eiga lærisveinar hans að láta ljós sitt lýsa mönnum.

Í þessu sambandi er tilhlýðilegt að vitna í það sem Lúter segir um heilagan anda í Fræðum sínum minni:

Ég trúi, að ég geti ekki af eigin skynsemi eða mætti trúað á Jesú Krist, Drottin minn, né komist til hans, heldur hafi heilagur andi kallað mig með fagnaðarboðskapnum, upplýst mig með gjöfum sínum, helgað mig og haldið mér í réttri trú, eins og hann kallar gjörvalla kirkjuna á jörðu, safnar henni saman, upplýsir hana og helgar, og heldur henni við Jesú Krist í hinni réttu, einu trú. Í þessari kirkju fyrirgefur hann dag hvern ríkulega, mér og öllum trúuðum, allar syndir og á síðasta degi mun hann uppvekja mig og alla dauða og gefa mér og öllum trúuðum eilíft líf í Kristi. Það er vissulega satt.

Í þessu felast styrkar stoðir fyrir því að teljast hluti af heildinni og vera fullbúinn til að taka þátt í boðun Guðs.

Kærleiksþjónusta – díakonía er umhyggja kirkjunnar. Hún er fagnaðarerindið í verki, tjáð með náungakærleika, samfélagi, verndun sköpunarinnar og baráttu fyrir réttlæti.

Skilgreining á díakoníu í kærleiksþjónustuáætlun Norsku kirkjunnar.

2. Án díakoníunnar – engin kirkja

Allt frá öndverðu gerði frumkirkjan sér grein fyrir mikilvægi þess að taka við og halda áfram kærleiksþjónustu Krists í söfnuðum sínum.

Minningin um orð hans og verk urðu aflvaki þjónustunnar og fyrirmynd: „Ég hef gefið yður eftirdæmi að þér breytið eins og ég breytti við yður“ (Jóh 13.15) og „eins og faðirinn hefur sent mig, eins sendi ég yður“ (Jóh 20.21).

Kærleiksþjónustan – díakonían varð þannig meginstoð í starfi kristinna safnaða um gjörvallt rómverska heimsveldið. Orðið díakonía var líka haft um hlutverk leiðtoga safnaðanna (t.d. Róm 11.13; 2 Kor 4.1; Kól 4.17). Frásögnin af þjónunum sjö sem kosnir voru í söfnuðinum í Jerúsalem (Post 6) sýnir hvernig kirkjan þurfti að takast á við markmið sitt um að veita öllum hlutdeild, þegar kom að grísku ekkjunum sem hafðar voru útundan í samfélaginu. Væru einhverjir settir hjá, var það ekki einasta niðurlægjandi fyrir viðkomandi, heldur hlaut það einnig að hafa í för með sér, að menn tækju að tortryggja þjónustuna og efast um heilindi þeirra sem þjónustuna veittu. Að loka augunum fyrir þessu væri að horfa framhjá eyðingaröflum syndarinnar og hinu illa, sem jafnan reynir að gera að engu sáttargjörð Guðs í Jesú Kristi. Að velja þessa sjö menn, sem allir hétu grískum nöfnum, og voru því trúlega fulltrúar sömu menningar og félagslegs bakgrunns og ekkjurnar sem þeim var falið að þjóna – var ekki aðeins gert til að vinna hlutina betur. Nei, hér var líka verið að styrkja sjálfsmynd kirkjunnar, samfélaginu til góðs og til vitnisburðar út á við. Hinir sjö voru „fullir anda og vísu“ sem minnir okkur á að heilagur andi sem gefur kirkjunni líf, er einnig blessun og kraftur díakoníunnar. Frásögn Postulasögunnar lýkur með þessum orðum: „Orð Guðs breiddist út og tala læriseinanna í Jerúsalem fór stórum vaxandi“ (Post 6.7).

Díakonían er órofa hluti af starfi safnaðanna og siðferðilegum grundvallarreglum þeirra. Hún tjáir hvort tveggja í senn, hvað kirkjan er í eðli sínu, og hvernig það birtist í daglegu lífi hennar, starfi og ráðagerðum. Það er því vel við hæfi að kalla ákveðin verkefni díakoníu. Eitt dæmi um þetta er einmitt úthlutun matar og annarra nauðsynja til

þeirra, sem þurfsandi eru, alveg eins og frá er skýrt í 6. kapítula Postulasögunnar.

Annað dæmi úr Nýja testamenti er fjársöfnun sú, sem Páll postuli stóð fyrir, til styrktar fátæka söfnuðinum í Jerúsalem. Þessa framtaks er getið í bréfum Páls og víðar, og þá einfaldlega nefnt díakonía. Ítarlegustu lýsinguna er að finna í Síðara Korintubréfi, 8. og 9. kapítula. Hvernig Páll postuli hvetur söfnuðinn í Korintu til þess að láta fé af hendi rakna, er allrar athygli vert, og fræðandi um þróun guðfræði díakoníu.

Í fyrsta lagi nefnir Páll ekki fátækt safnaðarins í Jerúsalem. Má vera að hún hafi verið öllum kunn. En líklegra er að hann hafi ekki gert það vegna þess viðhorfs að díakonía sé grunduð guðfræðilegum og kirkjulegum skilningi á eðli díakoníunnar, en ekki fyrst og fremst í hinum ýmsu útgáfum af mannlegri neyð. Fyrir Páli birtist díakonían í koinóníu, þ.e. hinu nýja samfélagi Guðs lýðs í Jesú Kristi. Hann kallar þetta meira að segja koinóníu díakoníunnar (2 Kor 8.4), þ.e. samfélag þjónustunnar. Kristnu söfnuðirnir í Korintu, Makedóníu, Jerúsalem og annars staðar eru samtaka í þjónustunni, um leið og hún sameinar þá, fyrst og fremst að fyrirmynd Jesús: „Þið þekkið náð Drottins vors Jesú Krists. Hann gerðist fátækur ykkar vegna, þótt ríkur væri, til þess að þið auðguðust af fátækt hans“ (2 Kor 8.9).


Hér er náð, lykilorðið. Við skiljum af notkun Páls á því orði, að það felur í sér meira en aðgerðarlaust viðhorf eða afstöðu. Svo sem ljóst má vera af hjálpræðisverki frelsarans Jesú Krists, er náð kærleikur í verki, þó ævinlega alveg óverðskuldað. Samfélagið er borið uppi af náð Guðs, sem birtist í kærleika. Að vera í Kristi, þýðir að njóta náðar hans og vera hluttakendur í elskuverkum hans. Ástundun díakoníunnar – þess að enginn skuli settur hjá og auðævi náttúrunnar séu sameign allra manna – fylgir augljós siðferðileg krafa. En grunnurinn byggist á reynslunni af náð Guðs og þeirri dýrlegu gjöf að mega tilheyra samfélaginu sem reist er á guðlegri náð.

Nú má vera að við fáum á tilfinninguna að

díakonían sé andleg og fjarlæg daglegu lífi. En 8. kapítulinn í Síðara Korintubrési sýnir okkur glögggt hve praktísk díakonían þarf að vera. Hér ræðir Páll um skipulag og framkvæmd fjársöfnunar og ábyrgð á samskotafé og hann bendir á, að allt þurfi að vera fyrir opnum tjöldum. Og hann skírskotar líka til samfélagsins. Heiðarleiki er hluti af tengslum okkar við Guð og menn. Óheiðarleiki sundrar samfélaginu. Það er ekki ófyrirsýnju, að Páll kallar Títus, sem falið er lykilhlutverk í að skipuleggja díakoníuna, „félaga sinn og starfsbróður hjá ykkur“ (á grísku: koinonos, lagsmaður 2 Kor 8.23), sem ítrekar samvinnu þeirra og samábyrgð á velferð samfélags safnaðanna.

Í 9. kapítula Síðara Korintubrési sjást greinilega tengslin á milli þjónustunnar – díakoníunnar og guðsþjónustunnar – litúrgíunnar. Díakonían sprettur af guðsdýrkun og tilbeiðslu; og sýnir þakklæti til Guðs fyrir hans ólýsanlegu gjafir (2 Kor 9.15). Díakonían bregst við þjáningu, neyð og óréttlæti og er svar við boðinu um að sýna kærleika í verki. Í því felst allt það sem kirkjan játar og trúir: Náð Guðs – fyrir heilun heimsins.

Þannig er engin kirkja án díakoníu. Og díakonían verður aldrei falin aðeins ákveðnum hópi viljugra einstaklinga, né heldur kölluð fram aðeins vegna utanaðkomandi aðstæðna í samfélaginu. Díakonían er hins vegar óaðskiljanlegur hluti af því sem fram fer í guðsþjónustunni og kirkjan boðar í predikuninni. Og eins tengjast helgihaldið og boðunin að sínu leyti díakoníunni. Samfélag (koinonia) kirkjunnar birtist þannig með þrennu móti:



Eðli kirkjunnar

Skýringarmyndin hér að ofan sýnir glögglega, hvernig helgihaldið, boðunin og þjónustan eru óaðgreinanleg og samofin, þannig að hvert og eitt þeirra á rætur sínar í hinum tveimur, og væri í raun óhugsandi án þeirra. Þjónustan verður aldrei skilin frá því sem fram fer í guðsþjónustunni og boðað er í predikuninni. Ekkert þeirra þriggja er öðru ofar; öll eru þau jafn þýðingarmiklar birtingarmyndir hins kristna samfélags.

Á svipaðan hátt verður ljóst að boðunin og helgihaldið verða að grundvallast á þjónustunni. Ef svo er ekki, þá er hætt við að menn skynji boðunina sem óhlutkennt trúboð og að helgihaldið sé til þess eins að göfga andann. Allir þessir þættir þrír, guðsþjónustan, predikunin og þjónustan, eiga að vera hver öðrum innblástur og hreyfiafl. Ef einn þeirra vantar, hefur samfélagið engan tilgang lengur, heldur lognast það út af og deyr. Það verður þá ekki ólíkt líkama sem einn ómissandi limur hefur verið sniðinn af.

Kirkjan er hópur fólks sem safnast saman utan um orð Krists og í anda hans og í þeim tilgangi að verða einn líkami, samsettur af mörgum limum, sem hver og einn hefur hlutverki að gegna til þess að styrkja og bæta líkamann allan og hvern lim hans.

Martin Bucer, 1538

Það má kalla, að þjónustan sé á tveimur sviðum, lóðréttu og láréttu. Hið lóðréttu er samband hins himneska og jarðneska, en hið láréttu, samskipti fólks hér í heimi. Þessi tvö svið eru óaðskiljanleg. Án hins lóðréttu, glatar díakonían trúarlegri sýn sinni á heiminn og það umhverfi þar sem kirkjan er að starfi með boðun sína og helgihald. Þá verður kirkjan eins og hver önnur veraldleg stofnun og boðun hennar líkust leiðara í dagblaði.

Lárétta sviðið er svo engu þýðingarminna fyrir díakoníuna. Án þess mundi þjónustan missa tengslin við lífað líf og daufheyrast við ákalli samfélagsins, beiðni þess um hjálp. Þegar það gerist, verður þjónustan – díakonían of andleg, og tekur að takmarka sig um of við guðfræði og kirkjuleg efni í þröngum skilningi.

Því er það, að díakonían verður að vera sér meðvituð um bæði þessi svið; hún þarf í senn að huga að hinu lóðréttu og hinu láréttu. Með því móti tekur hún jafnt tillit til bæði guðfræði og þjóðfélagsvísinda.

En þótt hið lóðréttu og lárétta díakoníunnar sé nátengt, þýðir það ekki að þeim skuli blandað saman, gagnrýnslaust. Hversu þjónustan tengist

boðuninni verður rætt nánar í 3. kafla þessa rits. En kjarni málsins er spurningin um hvernig megi greina bæði þessi svið, án þess hvorki að skilja þau að, né blanda þeim saman. Góð díakonía starfar í kristnum anda og í trú á kærleiksríkan og náðugan Guð. Hin biblíulega sýn á manngildi er að engu höfð, ef kærleikspjónusta er notuð sem verkfæri til þess að læða inn hjá nauðstöddu fólki siðferðis- eða trúarboðskap. Ekki síst á þetta við þegar um er að ræða þá sem mjög eru upp á aðstoð annarra komnir. Náð Guðs er ókeypis og á sama hátt verður díakonían að vera skilyrðislaus og án minnstu kröfu um endurgjald. Aðeins þannig er díakonían í samræmi við Guðs „*óumræðilegu gjöf*“ (2 Kor 9.15).

Þar sem kirkjan birtist í helgihaldi, boðun og kærleikspjónustu, hlýtur díakonían að láta í sér heyra opinberlega. Starf hennar byggir á trú og hún liggur aldrei á því hvað það er sem knýr hana, að það sé kærleikur Guðs, sem nærir trú og veitir von. Á sama hátt verður díakonían að vera trú spámannlegri köllun sinni og þora að fordæma hástöfum allt hið illa í heiminum, í hvaða mynd sem er. Hún verður að vera óhrædd við að kveða upp úr um sekt þeirra annarlegu afla sem vilja niðurlægja menn og þjaka, og voga að kveða sér hljóðs og tala fyrir réttlátara og

mannúðlegra samfélagi. Ósjaldan hefur díakonían haft frumkvæðið að því að hefja hjálparstarf á vegum kirkjusafnaða og stundum hefur henni tekist að hafa þau áhrif að einhver tiltekin kirkja hefur orðið kirkja hinna fátæku.

Þrjú meginverkefni kirkjunnar, eins og þau eru kynnt hér: helgihald, boðun og þjónusta, bjóða aðra sýn á heiminn, sýn sem byggist á gildum eins og jafnrétti og gagnkvæmni í mannlegum samskiptum. Af því hvort einhver er settur hjá – eða ekki, má dæma um heilindi kirkjunnar í starfi sínu. Díakonían getur þannig



© LWF/D. Lorenz

komið í veg fyrir að kirkjan sætti sig við ríkjandi aðstæður, að hún berjist frekar gegn kerfislægu valdi, ekki aðeins í samfélaginu heldur einnig innan eigin veggja.

Til marks um hvernig til tekst varðandi þetta eru stjórnunarhættir í kirkjunni og framkoma leiðtoga hennar. Öll stjórn útheimtir að sjálfsögðu myndugleika og ákveðið vald. Hins vegar er reginmunur á því hvort menn telja sig hafa vald **yfir** öðrum eða hafi þegið vald í **þágu** þeirra. Jesús notaði valdið sem honum var gefið sem Messíasi (á grísku: exousia), til þess að lækna sjúka og reisa við fallna. Hann bauð þá sem hrasað höfðu velkomna í mannlegt félag á ný, í samfélag Guðs ríkis, og efldi þá til samstarfs við boðun fagnaðarerindisins. Þetta vald, í þágu fólksins, því til varnar og til umbreytingar, sáttar og eflingar, er valdið sem Jesús fól postulum sínum að hafa um hönd (Mark 10.42–45; Jóh 13.15; 20.21). Og það er aldrei sömu tegundar og þeir beita sem láta aðra kenna á valdi sínu.

Þá skal og minnst á kynferði. Möguleikar kvenna innan kirkjunnar, eða skortur á þeim, til að verða leiðtogar og taka ákvarðanir, eru mælikvarði á að hve miklu leyti kirkjur standa við boðskap sinn um að enginn skuli hafður útundan. Þar sem sá boðskapur er hluti af grunngildum kirkjunnar er ljóst að það að vígja konur til prestsembætta á fyrst og fremst rætur í guðfræðinni og vitnar um að allir menn búa yfir reisu og hafa möguleika á að taka fullan þátt í verki Guðs hér á jörð.

Þessa sama verður vart, þar sem gamalt fólk og unglingar eiga í hlut. Þegar ungt fólk er hvatt til að taka að sér að stjórna er það ekki aðeins þeirra vegna heldur alls samfélagsins. Það þarf á sýn og aðild unga fólksins að halda. Sama er að segja um þá eldri. Framlag þeirra verður ekkert ef reynsla þeirra og yfirsýn er ekki metin. Samfélagið, sem er Guðs gjöf, verður innilegast þar sem allir starfa saman.



© FELM

3. Díakonían og borðsamfélagið

Heilög kvöldmáltíð er annar ómissandi þáttur í lífi kirkju sem býður alla velkomna og virkjar til þjónustu. Drottinn býður til borðs með sér til að styrkja okkur til þjónustunnar í kærleika. Í Rétttrúnaðarkirkjunni er díakonían stundum kölluð *litúrgían eftir litúrgíuma – guðsþjónustan eftir guðsþjónustuna*. Þau orð benda á leyndardóminn sem verður við altarið þegar þau sem neytt hafa hinnar helgu máltíðar ganga út til viðfangsefna hversdagsins styrkt í þeirri köllun að vinna þar að umbreytingu, eflingu og sáttargjörð.

Kvöldmáltíðin boðar skilyrðislausan kærleika Guðs í Jesú Kristi og að þjónustan er við alla jafnt. Enginn er útundan, þar sem díakonían er annars vegar. Við göngum til altaris tómhent og þiggjum gjöf eilífs lífs – og það af einskærri náð. Kristur sjálfur er gestgjafinn.



© LSS-NCAMK, Miller-Holland

Að vita það styrkir okkur í að þjóna heiminum í þeim kærleika, sem er Guð. Þessi sýn ætti að vera kirkjum sem aðeins bjóða upp á altarisgöngu fáum sinnum á ári hvatning til að gera það oftar. Sums staðar þekktist það, að fólki sé neitað um sakramentið, af því að það er talið óverðugt. Slík siðavendni skyggir á hlutverk altarisgöngunnar gagnvart díakoníunni, möguleika sakramentisins til að umbreyta og vera vettvangur þar sem allir geta verið með – í heimi þar sem svo margir upplifa að vera útskúfað. Nú á dögum getur inntak þess að vera óverðugur verið annað en áður. En láti hugsun um það á sér kræla ætti það alltaf að verða til þess að kirkjan líti í eigin barm. Fyrir ekki svo löngu, meinuðu sumar kirkjur fólki af öðrum kynstofnum en hinum hvíta að ganga til altaris. Núna beinast fordómarnir að þeim sem smitast hafa af alnæmi eða þeim sem búa við öðruvísi fjölskyldugerð en almennust er. En kærleikþjónustan á að ná til allra, án undantekningar og enginn á að vera afskiptur.

Í 11. kapítula Fyrri Korintubrúfís fjallar Páll postuli um kvöldmáltíðina. Hann kveðst ekki geta hrósað safnaðarfólkinu í Korintu fyrir það hvernig það umgangist hana. Í stað þess að koma saman í hógværd og kærleika, segir hann aðskilnað og sjálflægri ríkja. Þegar Páll skrifar um að „bíða hvert eftir öðru þegar þið komið saman til að matast“ hefur hann trúlega í huga hina fátækustu meðal safnaðarmanna, þjónustufólk og

þræla, sem unnu langan vinnudag. Ef hinir betur settu byrjuðu að borða, án tillits til hinna minnstu bræðra, varð að engu það kærleikssamfélag, þar sem allir eiga að vera jafnir og ekki er farið í manngreinarálit.

Heilög kvöldmáltíð stafar auðvitað mörgum fleiri dýrlegum geislum en þeim, sem tryggja vill að enginn sé settur hjá. Allir eiga þeir upptök sín í hinni lífgefandi náð Guðs í Jesú Kristi, frelsara okkar. Og allir varpa þeir ljósi á það, hvert eðli díakoníunnar er.

„Gleymið ekki gestrisinni“, stendur skrifað á einum stað (Heb 13.2). Gestrisnin er einmitt ein hlið díakoníunnar. Og gestrisni er víða lýst í Nýja testamenti (Lúk 7.36-50; 14.7-24; 22.14-30). Þar verður greinilega vart þess viðhorfs í fornöld, að sameiginlegt borðhald feli meira í sér en það eitt að setjast saman að snæðingi. Að borða saman táknaði vinhlýju, sátt og einingu. Því var það, að svo margir urðu undrandi og reiðir, þegar Jesús leyfði sér að borða með þeim sem virðulegir borgarar litu niður á og fyrirlitu. Þegar Símon líkþrái bauð honum í mat, tók hann ákveðið upp hanskan fyrir konuna, sem smurði hann. Við það tækifæri fór það jafnvel fyrir brjóstið á lærisveinum hans, að hann skyldi hleypa konunni að borðinu þar sem hann var, athugasemdalaust (Matt 26.6-13).

En með þessu leiddi Jesús í ljós, að meginþáttur í starfi Messíasar og boðun hans, er einmitt gestrisni og góðar móttökur sjálfs Guðs, eins og fram kemur í Davíðssálminum kunna: „Þú býrð mér borð frammi fyrir fjendum mínum, þú smyrð höfuð mitt með olíu, bikar minn er barmafullur. Gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína og í húsi Drottins bý ég langa ævi“ (Sl 23.5-6).

Díakonían tekur ekkjur, munaðarleysingja og heimilislausa upp á sína arma og veitir hæli ofsóttu fólki. Hún styður og verndar þá er á þurfa að halda. Með þessu fórnar kirkjan friðsömu, kyrrlátu lífi og tekur þá áhættu að verða sjálf ofsótt. En hún kys samt að feta í fótspor Krists og það tilheyrir spámannlegri díakoníu að vera gestrisinn í víðasta skilningi þess orðs. Til þessa hvetur og postulinn, er hann ritar: „Takið þátt í þörfum heilagra. Leggið stund á gestrisni“ (Róm 12.13).

Að koma saman og borða leiðir líka af sér, að

við deilum því sem gott er, með öðrum. Eigi aðeins skiptast menn á orðum, frásögnum og reynslusögum, er þeir setjast að snæðingi, heldur skipta þeir líka með sér því sem á borð er borð. Borð er í þessu samhengi ekki aðeins húsgagn með fjóra fætur, heldur hugtak sem merkir að fólk situr saman að máltíð og gleðst hvert með öðru yfir þeirri gjöf að allir eru reisubræður á sama báti.

Matarborðið er framar öllu sérstakur staður sáttargjörðar. Þar ræðast menn við, augliti til auglitis, þekkja hver annan með nafni og ræða áhugamál sín og áhyggjuefni. Við sameiginlegt borðhald takast ný kynni, þar treysta menn sambandið sín í milli, fyrirgefa hver öðrum gamlar misgerðir og byrja að nýju. Og hún gefur þeim aukinn styrk og þor til þess að „*boda orð sáttargjörðarinnar*“ (2 Kor 5.18). Hér er og athyglisvert, að á grísku eru þessi orð „*diakonia tes katallanges*“ – þjónusta sáttargjörðarinnar. Það er þjónusta, díakonía

sjálfs Jesú Krists, starf hans að því að gjöra allan manninn heilan, barátta hans gegn þjáningu og óréttlæti – það er þessi þjónusta, díakonía, sem hér býr að baki orðalaginu.

Leyndardómur umbreytingarinnar er kjarni heilagrar kvöldmáltíðar. Neytt er brauðs og víns sem er líkami Krists og blóð. Syndir eru fyrirgefnar og syndarar verða nýir menn og taka sjálfir að valda breytingu til hins betra, er þeir ganga út aftur og á vit hversdagsins. Vongleði leysir hugarvél af hólmi, sinnuleysi hverfist í löngun til þess að þjóna með fögnuði. Þetta fengu Emmaus-fararnir að reyna forðum, þegar sá sem slegist hafði í för með þeim braut brauðið heima hjá þeim og þeir báru kennsl á hann og sáu, að þetta var hinn upprisni drottinn þeirra og frelsari, sjálfur Jesús Kristur. Á meðan hann var þeim enn ókunnur, tók gesturinn, svo ótrúlegt sem það var, að sér hlutverk húsbóndans við borðið,



© LWF/J. Schep

enda opnuðust augu þeirra þegar hann skipti á milli þeirra brauði og víni. Matföngin á borðinu söddu hungrið, styrktu líkamann og hresstu anda og sál, og blésu þeim í brjóst kjark og þor til þess að snúa með skyndingu og feginleik aftur til Jerúsalem, óðfúsir að segja hinum lærisveinunum það sem þeir höfðu fengið að reyna.

Auðvitað gengur reynsla hversdagsins oft gegn því að við getum með sanni bent á að hlutirnir hafi breyst til batnaðar. Engu að síður halda kristnir menn áfram að laðast að altarissakramentinu og leyndardómi þeirrar umbreytingar sem það kemur til leiðar og bæn okkar verður þessi: „*Kom þú, Drottinn Jesús, og skapa nýjan heim!*“ Við sækjum okkur líka sífellt innblástur í frásögur Biblíunnar af því er menn tóku gagngerum stakkaskiptum, eins og t.d. Sakkeus yfirtollheimtumaður, sem bauð Jesú heim, og komst svo að því að það var hann sjálfur, sem var hinn raunverulegi boðsgestur! Þegar hann varð þessa vís, gerbreyttist hans innri maður. Og hann sagði: „*Helming eigna minna gef ég fátækum, og hafi ég haft nokkuð af nokkrum gef ég honum ferfalt aftur*“ (Lúkas 19.8).

Þessi frásögn Lúkasarguðspjalls sýnir, að þeir sem hugsa til annarra með samúð og hlýhug, og unna þeim réttlætis, verða sjálfir lýsandi dæmi um endurnýjað hugarfar. Og sífellt heldur kirkjan áfram að hvetja menn til þess að taka sinnaskiptum.



© LWF/D. Lorenz

4. Góð verk

Að gera öðrum gott er einn af ávöxtum hins nýja lífs í Kristi. Lúterskir menn hafa þó löngum verið ögn á varðbergi gagnvart góðum verkum, að þau verði ekki að ófrávíkjanlegri kröfu af ætt lögmálsins. Þeir eru hræddir við að gera verkunum of hátt undir höfði, því að þá verði um leið minna úr réttlætningunni af trúnni einni saman. Af sömu ástæðu finnst sumum lúterskum mönnum rétt að umgangast díakoníuna af fullri varúð, einkum þegar hún er álitin einn af mättarstólpum kirkjunnar.

Það er því við hæfi að rifja upp kenningu lúterskra um „*hina nýju hlýðni*“ eins og hún er sett fram í Ágsborgarjátningunni:

„Þess trú á að bera góða ávexti og er nauðsynlegt að vinna góð verk, sem Guð hefur skipað fyrir, sakir vilja Guðs, þó ekki svo, að vér ætlum oss með þeim verkum að verðskulda réttlætningu fyrir Guði. Því að með trúnni kemur fyrirgefning syndanna og réttlætning eins og orð Krists votta: „Þegar þér hafið gert allt þetta, skuluð þér segja: „Ónýtir þjónar erum vér“ (Lúk 17.10). Hið sama kenna og hinir fornu kirkjuféður. Því að Ambrósíus segir: „Það er ákvarðað af Guði, að sá sem trúir á Krist, verði hólpinn án verka, af trúnni einni, við það, að hann óverðskuldað tekur á móti fyrirgefningu syndanna“ (Ágsborgarjátningin VI).

Á þessu sést, að ekki skulu góð verk fyrir borð borin. Hitt má aldrei verða, að við vinnum þau í því augnamiði að afla okkur þannig réttlætningar Guðs og velvilja manna. Góð verk okkar eiga að vera sýnilegu ávextir lífsins nýja í Kristi, sem okkur gefst fyrir trúna eina, eins og segir í *Sameiginlegri yfirlýsingu um réttlætningu af trú:*

„Náð, í merkingunni samfélag hinna réttlættu við Guð í trú, von og kærleika, er ævinlega gjöf Guðs, skaparans, frelsarans og helgarans. Eigi að síður hvílir sú ábyrgð á hinum réttlættu að láta ekki náð Guðs verða til einskis, heldur lifa í henni.



Með því að vinna góð verk, sýnum við trú okkar í verki...⁵

Lúter skynjaði í þessu djúpa samsömun við það hvernig hann skildi kærleika Guðs að verki í heiminum í gegnum Jesú Krist. Þeir sem skírðir eru hafa hlotið þennan sama kærleika að gjöf og verk þeirra tjá Guðs góða vilja gagnvart sköpuninni. Hlýðni kristins manns er því ekki við siðaboð í nafni trúar þess sem reynir af alefli að verða líkur Jesú, heldur í hlýðni við það sem hann er þegar orðinn í Kristi. Hún er ekki háð ásetningi og viljafestu, heldur streymir fram af návistinni við Krist og styrkjandi nálægð heilags anda.

Þetta er nauðsynlegt að hafa í huga sé rætt um díakoníu sem þakklátt svar kristinna manna við því sem þeir hafa þegið í trúnni. Þá mætti draga þá ályktun að díakonían væri nokkurs konar „fyrsti þáttur“ og á eftir kæmi réttlætning af trú. Þá yrði litið á

⁵ Sameiginleg yfirlýsing um réttlætningu af trú, Lúterska heimsambandið/Kapólska kirkjan, Wm. B. Eerdmans Publishing, 2000, Annex 2D, bls. 45.

díakoníuna sem afleiðingu trúarinnar, kvöð til þess að vinna góð verk í þakkarskyni fyrir náðina sem okkur hlotnast í Kristi, en ekki sem órofa þátt í trúnni.

Lúter lagði ekki þennan skilning í réttlætninguna af trú. Hann leit ekki á hana eins og tónverk í tveimur þáttum. Sá sem trúir, réttlætist í Kristi og aðeins í honum, og réttlætningin hefur á sér tvær jafn mikilvægar hliðar. Annars vegar þýðir þetta að við verðum eitt með Kristi í samfélagi hans við Guð föður og verðum því réttlætt börn Guðs. Hins vegar þýðir þetta að við verðum eitt með Kristi í hjálpræðisverki hans, heiminum til handa, eitt með honum í þjónustu hans.

Lúter ræðir þetta í riti sínu *Um frelsi kristins manns*. Þar má m.a. lesa: „Kristinn maður er frjálstastur allra og einskis þegn; kristinn maður er skuldbundinn þjónn allra, og hvers manns þegn.“ Þessi tvöfaldi sjálfsskilningur, sem frjálst maður og þjónn, er að fyrirmynd Krists: „Hann var í Guðs mynd. En ... svipti sig öllu, tók á sig þjóns mynd og varð mönnum líkur“ (Fíl 2.6-7).

Í skírninni öðlast maðurinn hlutdeild í þessari



© LWF/J. Schep

mynd. Lúter segir: „Við álitum því, að kristinn maður lifi ekki sjálfum sér, heldur sé hann Krists og náunga síns, í Kristi sé hann fyrir trúna, í náunga sínum fyrir kærleikann – ella teljist hann ekki kristinn maður. Trúin hefur manninn upp til hæða, upp yfir sjálfan sig, til Guðs, en kærleikurinn kallar hann aftur niður á við, niður fyrir sjálfan sig, til náunga síns.“

Þetta gæti fengið okkur til að halda að það sé létt verk að útskýra díakoníuna og auðvelt að inna hana af hendi. En raunveruleikinn er miklu flóknari. Eins og öll mannanna verk, missir díakonían oft marks og nær ekki tilgangi sínum. Í því sambandi megum við minnast guðfræðihugtaksins simul justus et peccator (réttlátur og syndari í senn). Hugsunin í þessum frægu orðum er sú að þótt kristinn maður sé réttlátur af náð þá er hann engu að síður syndari áfram. Það er hlutskipti hins kristna að sveiflast sífellt milli þess sem hann er í Kristi og hins sem hann er sem syndugur maður. Þetta ætti þó ekki að valda okkur vonleysi, að ekki sé til neins að vanda sig. En það á ekki heldur að gera okkur að þeim einfaldningum, að við höldum, að góður maður geri aðeins gott. Þetta ætti að skerpa skilning okkar á því sem við erum, ófullkomin og syndug, en einnig því að við erum sköpuð í Guðs mynd og erum hluti af líkama Krists.

Fleiri guðfræðileg hugtök eru tiltæk þegar skilgreina á díakoníuna með tilliti til þess sem er hið nýja í Kristi og það sem heldur áfram að vera, en tilheyrir samt liðinni tíð. Í Nýja testamenti kemur gríska orðið „aion“ oft fyrir (Ef 2.7; Gal 1.4; Kól 1.26). Það er notað til að lýsa mismunandi tímabilum fram að hjálpræðisverki Guðs og spennu þeirra á milli.

Guðfræðingar eins og Lúter tala frekar um „ríkin tvö“ þar sem annað er heimur okkar, þar sem við búum við annmarka og þjáningar og hitt er Guðs ríki sem Jesús sagði að væri í nánd. Það ríki er nú þegar komið í Kristi og þess væntum við í fyllingu sinni með allri sinni blessun (Mark 1.15; Matt 12.28).

Þjónustan – díakonían sinnir köllun sinni í þessari tvíbentu veröld þess sem þegar er og hins sem kemur. Hún ber náð Guðs og umhyggju hans fyrir sköpuninni allri vitni, í því að hinir kristnu eflast

til góðra verka, með og fyrir aðra. En mannlegur breyskleiki og spillingin, sem læðir sér inn í mannanna verk, leynir sér ekki heldur. Það ætti að vara okkur við því að ala með okkur draumórakennar hugmyndir um díakoníuna og að við hreykjum okkur upp. Díakonían verður að vera raunsæ og full sjálfsgagnrýni. En um leið megum við ekki gleyma því að fyrir Guðs náð leynast dýrmætir fjársjóðir í brothættum „leirkerum“ (2 Kor. 4.7).

5. Trúarlíf díakoníunnar

Þekkt kjörorð heilags Benedikts af Núrsía, „Ora et labora“ (biðstu fyrir og starfaðu), sem varð klausturfólki víða um heim að leiðarljósi og birtu, sýnir sambandið á milli trúarlífs og kærleiks- og líknarþjónustu. Hér er ekki einasta sagt, að það að biðja og starfa skipti miklu, heldur sé það beinlínis hvort öðru háð. Innihaldið í bæn kristins manns er sótt í reynslu daglega lífsins og baráttuna gegn dauða og djöfli. Og á sama hátt beinist starf díakoníunnar að því sem augu trúarinnar sjá og því sem vonin væntir.

Guðsþjónusta og díakonía, tilbeiðsla og þjónusta nærast hver á annarri í daglegu lífi kirkju og safnaða. Flestir messuþættirnir skírskota til þjónustunnar. Þar sem „sakramentunum er veitt rétt þjónusta“ (Ágsborgarjátningin 7) eru þau farvegur náðar Guðs og köllun til þjónustu, bæði í lífi einstaklings og safnaðar. Í frumkirkjunni og fram eftir öldum færðu djáknar fátækum brauðið sem afgangur varð við heilaga kvöldmáltíð. Þessa þjónustu nefndu menn stundum „litúrgíuna á eftir litúrgíunni“. Hún var táknmynd umbreytingar náðarinnar í þágu hinna fátæku

Hið hulda, innra líf díakoníunnar lýtur leyndardómi umbreytingarinnar í auðmýkt. Kristin trú snýr enda við öllum viðteknum gildum. Það sem heimur telur mikilsvært er það ekki. Og það sem heimur telur einskis virði er það ekki heldur.

Við vinnum Guðs verk ekki af því að Guð þurfi á því að halda, heldur af því að náungi okkar þarf þess með. Við vinnum Guðs verk í nafni Jesús Krists, til heilla öllu lífi hér í heimi.

Mark S. Hanson, biskup og forseti LWF 2003-2010

Díakonían er innblásin af fyrirheiti þess Drottins sem setti sjálfan sig í spor hinna hungruðu og nöktu (Matt 25). Þegar sjúkra og nauðstaddra er vitjað og bágstöddum auðsýnd gestrisni, þá er það ekki einber skylda díakoníunnar og síðan ekki söguna meir, heldur er þá ekki allt sem sýnist, því að sumir hafa „hýst engla án þess að vita“ (Heb 13.2).

Trúarlífi má lýsa þannig að horft sé dýpra, kafað undir yfirborðið, ekki aðeins séð með augunum, heldur með hjartanu. Það er trúarsjónin, þegar við skynjum návist Guðs í hversdeginum og einkum þó þar sem troðið er á rétti fólks og það berst fyrir lífi sínu. Það er sá sami Drottinn sem segir: „Ég hef séð eynd þjóðar minnar... heyrt kvein hennar ... ég þekki þjáningu hennar. Ég er kominn niður til að bjarga henni ...“ (2 Mós 3.7-8).

Trúarsjón díakoníunnar sér í mannum óendanlega dýrmæta og hæfileikaríka sköpun Guðs. Hún sér samfélagið sem gridarstað friðar og réttlætis. Og þar sem við erum öll ólík getum við séð ríkidæmið sem felst í samfélagi mannanna. Trú díakoníunnar er sú, að leita beri uppi allt það góða, sem menn hafa fram að færa, svo að deila megi því með öðrum í kærleika.

Trúarlíf díakoníunnar mótast og af guðfræði krossins. Hún trúir því, að Guð einn geti afmáð dauðann og allt hið illa. Í krossi Jesú Krists kveður Guð nei við sjálfstrausti mannsins; guðfræði krossins boðar sigur Guðs yfir þjáningu, óréttlæti og dauða. Náðarsamleg samlíðan Guðs vekur trúarlíf sem eykur skyn á þjáningu fólks og blæs í brjóst dug til þess að ganga gegn henni í einingu og af dirfsku. Díakonían er sannfærð um það, að í Jesú Kristi sé leiðin nú þegar greið frá krossinum (via crucis) að upprisunni (via resurrectionis). Hún hafnar

einföldum, vanhugsuðum lausnum á flóknum vanda, en telur engin útgjöld eftir sér, til þess að bæta heiminn.

Trúarlíf í þjónustu hefur því ekki aðeins áhrif á það sem við höfumst að, heldur einnig á það, sem við erum innst inni. Það mótar manninn allan, hjarta, hug og sál. Þjónustan, díakonían, er ekki starf, heldur köllun, lífsviðhorf. Hún er heildræn, ævilöng lífsreynsla, sem eflir og mótar hjartað þannig að þjónustan verður okkur eðlislægt viðhorf sem einkennir líf okkar og gjörðir.

Trúarlíf og helgihald undir formerki díakoníu er sífelld uppspretta fyrir þau sem eru vakandi fyrir neyð annarra. Slíkt trúarlíf hjálpar iðkandanum að koma auga á eigin þarfir og bera þær fram fyrir Guð í tilbeiðslu og bæn. Sjálfbodaliða og djákna, sem oft glíma við krefjandi úrlausnarefni, kallar Guð til sín: „*Komið til mín, öll þér sem erfiðið og þunga eruð hlaðin, og ég mun veita yður hvíld*“ (Matt 11.28). Við þurfum nauðsynlega að gefa okkur tóm til þess að endurnýja kraftana og næra okkar innra mann. Þegar ofhlaðið

starfsfólk og sjálfbodaliðar safnaðanna upplifa örmögnun í starfi, er gott að hverfa að guðsorðinu og sakramentunum, koma þyrstur að þeim brunni, þar sálin fær blessun og nýja krafta.

Ef til vill hefur Jesús brosað í kampinn, þegar hann brá upp myndinni af þjóninum, sem kemur örþreyttur heim frá útiverkum og er þá umsvifalaust skipað að hafa til kvöldverðinn. „*Eins skuluð þér segja, þá er þér hafið gert allt sem yður var boðið: Ónýtir þjónar erum vér. Vér höfum gert það eitt sem oss bar að gera*“ (Lúk 17.10).

Í fljótu bragði gætu ummæli Jesú bent til þess, að díakonían eigi að vera linnulaus stritvinna, einskis metin hvorki af Guði né mönnum. Sjálf lítur díakonían öðru vísi á; hún sér algjört frelsi til að þjóna, óháð hæfileikum, mati á verkum sínum eða þakklæti annarra. Þetta frelsi styrkist við það að sjálfur Drottinn er með í verki, ætíð nálægur, eins og svo margir aðrir sem vinna góð verk. Og þau heppnast fyrir miskunn Guðs.

Til umhugsunar:

1. Hvernig kemur það heim við boðun og starf í kirkju þinni sem reifað er í 2. kafla?
2. Hvernig rímar þessi guðfræðilega túlkun við þjónustuna í söfnuði þínum? Hvernig mætti standa þar betur að verki?
3. Í kaflanum byggir guðfræði díakoníunnar á ákveðnum ritningarstöðum. Hverjum fleirum mundir þú vilja bæta við til nánari skýringar?
4. Hver er reynsla þín af sambandinu á milli díakoníu annars vegar og trúarlífs og helgihalds hins vegar? Hvernig gætir þú hugsað þér að treysta þetta samband enn frekar?

ÞRIÐJI HLUTI: DÍAKONÍAN AÐ VERKI





© LWF/D. Lorenz

Þriðji hluti: Díakonían að verki

1. Tilgangur díakoníunnar

Gríska orðið díakonía þýðir þjónusta. Í Orðabók Samkirkjuhreyfingarinnar er díakonía skýrð svo: „Díakonía er heils hugar ábyrg þjónusta í orði og verki, sem kristnir menn láta þurfandi í té. Hún er af rótum fagnaðarerindisins runnin.“⁶

⁶ *Dictionary of the Ecumenical Movement*, WCC Publications Genf 2002, bls. 305

Þessi skilgreining felur í sér marga mikilvæga þætti. Í fyrsta lagi felur díakonían í sér verknað. Hún getur ekki takmarkast af yfirlýsingum og góðum áætlunum. Í henni felast verk og orð sem gerandinn er ábyrgur fyrir.

Í annan stað felur hún í sér að það eru kristnir menn sem inna hana af hendi. Þetta má ekki skilja þannig að aðrir geti ekki veitt ábyrga þjónustu heldur er þetta staðfesting á eðli díakoníunnar.

Í þriðja lagi beinir díakonían sjónum að fólki í neyð. Því er ekki rétt að öll góð verk falli undir díakoníu. Hún myndi tapa merkingu við svo víða skilgreiningu. Í gjörvallri kirkjusögunni hefur díakonían beinst að sjúkum, fátækum og olnbogabörnum samfélagsins. Hún hefur jafnan verið samfylgd, stuðningur og komið til varnar þeim sem átt hafa undir högg að sækja í einhverjum skilningi.

Því er brýnast að spyrja og velta fyrir sér: Hvernig kemur kirkjan til móts við nauðstadda? Díakonían verður ekki fullveðja, ábyrg þjónusta fyrr en þessu er svarað.

1.1 Þjónustan við einstaklinga og hópa fólks

Staldrá þarf við þá spurningu hvort díakonían eigi að beina kröftum sínum að einstaklingum eða hópum fólks. Því er fyrst til að svara, að að kristnum mannskilningi er það rík siðferðilega krafa að verja reisn og réttindi hvers einstaklings og gera honum kleift að bera ábyrgð á sjálfum sér sem manneskju og þjóðfélagsþegn. Of algengt er að einstaklingar verði nafnlaust númer í hópi fólks sem tíðum er kallað fórnarlömb, skjólstæðingar eða þiggiendur. Því má ekki gleyma að hver og einn á sér sína sérstöku lífsreynslu þjáninga og vona. Hver einstaklingur býr einnig yfir styrkleika til að taka þátt í að umbreyta aðstæðum sínum.

Á hinn bóginn ber og að hafa í huga, að einstaklingsbundin nálgun hefur ýmsa annmarka. Fátækt snertir marga einstaklinga en er í raun sprottin af óréttlátu skipulagi og kemur hart niður á ótölulegum fjölda einstakra öreiga. Þegar Suður-Ameríkumenn fóru að taka eftir því upp úr 1960 hve örbirgð fór hratt vaxandi hjá þeim, komust þeir að þeirri niðurstöðu, að allsleysi væri ekki **sjálfsagður hlutur** eða náttúrulögmál, heldur afleiðing langvinnrar kúgunar og ósanngjarnrar skiptingar gæða. Þannig er fólk vitandi vits **gert** að fátæklingum. Baráttan við fátæktina, þarf að taka mið af þessari félagslegu og pólitísku staðreynd en ekki aðeins ógæfusömum aðstæðum einstaklings. Ef ekki er litið þannig á málin mætti réttlæta fátækt með því að hún væri sjálfskaparvíti þeirra sem ekki hafa menntast eða eru jafnvel bara latir. Þannig væru fátækir gerðir ábyrgir fyrir eigin fátækt.

Æðsta boðorð kristninnar er þetta: „*Elska skalt*

þú Drottin, Guð þinn, af öllu hjarta þínu, allri sálu þinni og öllum huga þínum“ og „þú skalt elska náunga þinn eins og sjálfan þig“ (Matt 22.37-39). Að svara kalli náungans, þegar náunginn er hópur fólks, hefur þann kost að þannig geta fleiri notið góðs af baráttu fyrir breytingum. Stofna má tengslanet og hvetja til samstilltra átaka og aðgerða af hálfu ýmissa stofnana. Þetta er góð leið varðandi ýmsa hópa fólks eins og t.d. HIV-smitaða og alnæmissjúka, íbúa í fátækrahverfum stórborga og fjölskyldur vímuefnaneytenda.

1.2 Verkefni til lengri eða skemmri tíma

Ábyrg kærleiksþjónusta felur í sér skammtíma-verkefni og aðstoð sem ætlað er að vara um langa hríð. Dæmisagan af miskunnsama Samverjanum lýsir mismunandi stigum í hjálp hans. Fyrsta skrefið er þegar hann nemur staðar hjá hinum særða. Með því sýnir hann samstöðu og að hann stjórnast ekki af ótta eða afskiptaleysi gagnvart þjáningu annarra. Með því að nema staðar getur hann metið aðstæður og séð hvað þarf að gera. Annað skrefið er svar við bráðri neyð, fyrsta hjálpin, með því sem var tiltækt. Samverjinn tók upp úr farteski sínu sárabindi, olíu og vín og veitti aðstoð



© LWF/J. Schep

sem ekki þoldi bið. Þriðja skrefið er þegar hann gerði ráðstafanir til þess að maðurinn geti náð sér eftir ófarirnar og snúið aftur heim.

Eitt sinn þegar rætt var um þessa dæmisögu í leshring, spurði einn viðstaddra: „Hvert skyldi Samverjinn hafa farið, eftir að hann skildi við hinn særða á gistihúsinu?“ Þá varð einhverjum þetta að svari: „Hann fór náttúrulega beint á bæjar-skrifstofuna í Jeríkó, sagði sögu sína, og mæltist til þess við sveitarstjórnann að öryggisráðstafanir gegn ofbeldi yrðu hertar og fórnarlömbunum veitt viðeigandi aðstoð.“ Þótt þetta sé aðeins ímyndun, skýrir það vel nýtt skref sem er talsmannshlutverkið, sambandið á milli umhyggju og réttlætis og þess að hafa skýr fyrir sér, öll markmið þjónustunnar.

Þótt díakonían vilji jafnan hafa hraðar hendur þar sem aðstoð við bágstadda er annars vegar, og það verði alltaf forgangsmál, þá lætur hún sig

einnig varða orsakir mannglegra meina. Díakonían þarf strax í upphafi að beina sjónum að undirrót vandans með því að setja sér langtímamarkmið. Á meðal þess mikilvægasta er þetta:

1. Manngildi hvers og eins er óumdeilt og ber að verja.
2. Mannréttindi skulu í heiðri höfð og varin.
3. Hafa frumkvæði að því að efla fólk.
4. Opna þarf fólki leið til að njóta réttinda, taka þátt og bera ábyrgð í samfélaginu.
5. Leggja til félagslegra umbóta.



© LWF/J. Schep

Þegar af þessu verður, getum við leyft okkur að vona, að díakoníunni auðnist að stuðla að róttækum umbótum, ekki aðeins í lífi einstaklinga, heldur líka innan kirkjunnar og samfélagsins alls. Í samhljómi við þetta eru markmið innan þróunarstarfs, umbreyting á mannlegum aðstæðum í átt að réttlæti, friði og umhyggju fyrir sköpunarverkinu.⁷

En þótt hér sé fjallað um hið víða samhengi díakoníunnar og marghátuð markmið hennar, má samt ekki gleyma því, að ekki er hægt að ná þessum háleitu markmiðum í öllum aðstæðum. En díakonían skiptir ekki minna máli fyrir það. Verkefni eru mikilvæg, t.d. heimsókn til dauðvona manns sem einhver er hjá á andlátsstund og getur miðlað umhyggju og beðið bæna. Jafnvel þar sem ekkert meira verður að gert, megnar líknar- og kærleiksþjónustan að veita birtu og von með návist sinni.

2. Meginþættir kærleiks- og líknarþjónustu

Í riti Lúterska heimssambandsins, *Boðun í síbreytilegu samhengi*, er bent á þrjár víddir boðunarinnar, þ.e. að umbreyta, sætta og efla. „Þessar víddir gegnsýra boðunina alla og eru mælikvarði á trúfesti kirkjunnar frammi fyrir Kristi sem hefur sent hana út í heiminn“⁸ Þetta eru einnig lykilhugtök díakoníunnar, meginþættir kærleiks- og líknarþjónustunnar, sem stefnumótun hennar felst í og árangur hennar er metinn eftir.

⁷ 1990 styrkti Heimsráð kirkna alheimsráðstefnu um réttlæti, frið og náttúruvernd, sem haldin var í Seól í Kóreu. Á Canberra-þinginu 1991 lýsti Heimsráð kirkna yfir eindregnum stuðningi við stofnun JPIC (Justice, Peace and Creation Unit, Réttlæti/Friður/Sköpun).

⁸ *Boðun í síbreytilegu samhengi*, bls. 32.



2.1 Umbreyting

Í *Boðun í síbreytilegu samhengi* er umbreyting skilgreind svo, að hún sé „viðvarandi ferli þar sem lífið mótast sífellt að nýju, ferli sem snertir hverja þrá lífsins, hugmyndir, skipulag og gildi. Umbreyting er stöðugt ferli þar sem því er hafnað sem niðurlægir mennskuna og vanhelgar lífið en það styrkt sem staðfestir helgi lífsins og gjafir þess í hverri manneskju og eflir frið og réttlæti í þjóðfélaginu.“⁹ Umbreytingin hefur gagnager áhrif á alla sem komast í snertingu við hana. Sá sem hjálpar verður ekki lengur ofar þeim sem þiggur, „við“ og „hin“ verða ekki lengur til. Enda er öllum hætt við áföllum. Allir þurfa því á umbreytingu, sátt og eflingu að halda. Þess vegna höfum við öll þörf fyrir þjónustu en helst og fremst er það díakonía sjálfs Guðs, sem birtist okkur í syni hans Jesú Kristi, og svo í samfylgd og umhyggju okkar hvert fyrir öðru.

Umbreyting er framvinda, ferli, en einnig árangur sem næst, á leið þangað sem mannhelgi vex, friður ríkir og réttlæti. Því er hún óneitanlega náskyld félagslegum breytingum, framförum og þróun.

⁹ *Boðun í síbreytilegu samhengi*, bls. 32-33.

Guðfræðin vekur athygli á hinni sífelldu endurnýjun í sköpun Guðs (á latínu: creatio continua). Á hverjum morgni fáum við að líta náttmyrkrið hopa fyrir birtu nýs dags. Kristnir menn lofa Guð fyrir þessa umbreytingu og þakka honum. Orð Páls postula eru áminning um þetta: „Fylgið ekki háttsemi þessa heims. Látið heldur umbreytast með hinu nýja hugarfari og lærið svo að skilja hver sé vilji Guðs, hið góða, fagra og fullkomna (Róm 12.2).“

Viljinn til þess að umbreyta hafnar gagnrýnislausri fylgisemi við ríkjandi siði og venjur. Hann sækist eftir annarskonar upplifun af vilja Guðs. Svo segir í Boðun í síbreytilegu samhengi: „Umbreyting í ljósi upprisu Krists, er þegar möguleikar hins lífgefandi eðlis allrar sköpunar fá að njóta sín og eru tjáning á verki náðar Guðs í náttúrunni. Umbreyting er viðvarandi verk heilags anda sem hefur áhrif, bæði í kirkjunni og í gegnum hana, til að umbreyta öllum heiminum.“¹⁰

2.2 Sáttargjörð

Í augum kristinna manna er sáttargjörð, náðargjöf í samhljóðan við boðskapinn, þess efnis að Guð hafi í Kristi sætt heiminn við sig. Þessi gjöf er



© LUCSA

fyrirheiti föllum heimi og díakonían leitast við að bera þessu fyrirheiti vitni, með því að vinna að friði og réttlæti. Kirkjan er kölluð til að taka þátt í sáttumleitun Guðs, fengin til að biðja menn að sættast við Guð og við hver annan (2 Kor 5.19). Sáttin vísar í fyrsta lagi í verk guðs sem sætti heiminn við sig. Jafnframt breytir sáttargjörðin mannum og eflir hann til þjónustu (á grísku: diakonia) í þágu sáttargjörðarinnar. Hugtakið díakonía minnir okkur fyrst og fremst á díakoníu Jesú Krists, skilyrðislausu samstöðu hans með fátækum, hvernig hann varði þá sem voru út undan, hvernig hann læknaði og ekki síst loforð hans um fyrirgefningu og nýtt líf á komandi tímum. Það er kirkjunni fordæmi þegar hún boðar sáttargjörð Guðs og manna og manna í millum.

Robert Schreiter heldur því fram að sáttargjörðin fitji upp á nýrri orðræðu sem þaggi niður í sýbylju lyginnar.¹¹

Þar sem ofbeldi og kúgun vaða uppi, fá fórnarlömbin ekki að tjá sig. En ósvikin sáttargjörð getur ekki átt sér stað nema allur sannleikurinn fái að koma fram. Þegar almennri sakaruppgjöf var lýst yfir í El Salvador, eftir að mannréttindi höfðu þar verið brotin árum saman, var það gert að skilyrði, að þeir sem stóðu fyrir pyntingunum skyldu ekki ákærðir, heldur látnir lausir. Afleiðingin varð sú að harðstjórnir skrifuðu söguna. Og sögu-túlkun þeirra skyldu allir taka trúanlega. Þessu var allt öðruvísi farið í Suður-Afríku, eftir að aðskilnaðarstefnan þar var lögð niður. Þá skipaði Mandela forseti sannleiks- og sáttanefnd. Henni var falið segja sögu liðinna ára svo ná mætti sáttum og græða sár.¹²

Oft má ekki segja sannleikann. Til þess þarf öruggt umhverfi og gagnkvæma virðingu.

¹¹ Robert J. Schreiter: *Sáttargjörðin: Boðun og þjónusta í breyttum heimi*, Maryknoll 1992.

¹² Guðfræðilega úttekt á sáttargjörð í ljósi reynslunnar í Suður-Afríku er að finna í *Reconciliation. Restoring Justice* eftir John W. de Gruchy: Minneapolis 2002.

Oft þarf einnig að ríkja trúnaður svo ekki sé hætta á að sannleikurinn verði misnotaður, verði jafnvel verkfæri haturs- og ofbeldisafla. Það hefur ósjaldan gerst þegar konur segja sannleikann. En vitnisburður þeirra, kæfð rödd hinna undirokuðu, verður að ná athygli, því hann getur orðið einn sterkasti hvati langþráðrar sáttargjörðar.

Sáttargjörð og réttlæti eru systkin sem ekki verða aðskilin. Í Suður-Afríku svipti *Sannleiks- og sáttanefnd* hulunni af ástandinu eins og það var í landinu á meðan aðskilnaðarstefnan var við lýði. En skipti hún sköpum í að koma á réttlæti? Ýmsum þótti ósanngjarnt, að hin almenna sakaruppgjöf skyldi hlífa þeim sem framið höfðu ódædis- og grimmdarverk. Og ekki nóg með það, heldur hefði óréttlætið hlotið þegjandi samþykki og mundi því halda áfram að hafa mikil áhrif á líf fátækra.

Kristileg sáttargjörð færir menn aldrei aftur á byrjunarreit. Hún léttir ekki einasta þjáningu fórnarlambins og veldur sinnaskiptum hjá kúgaranum, heldur er hún nýtt upphaf á öðrum stað. Sáttargjörðin endurnýjar fólk til nýrra samskipta og ábyrgðar.

2.3 Valdefling

Frá guðfræðilegu sjónarmiði sækir hugtakið efling merkingu sína í þann biblíulega skilning á sköpuninni að hver maður sé skapaður í Guðs mynd, búinn hæfileikum og færni, sem er með öllu óháð stöðu hans í samfélaginu.

Hér er og byggt á fyrirheiti Jesú á hvítasunnudag: „Þér munuð öðlast kraft er heilagur andi

kemur yfir yður og þér munuð verða vottar mínir ... allt til endimarka jarðarinnar“ (Post 1.8). Í Postulasögunni er því lýst hvernig lærisveinarnir urðu sem nýir menn, hvernig ótti þeirra var



sefaður. Þeir sem áður höfðu flúið af vettvangi, skelfingu lostnir, fylltust nú ómældum kjarki og hugrekki. Hikandi stam hverfðist í fagnandi, tæpitungulausa þrumuræðu sem lofaði hástöfum „kraftaverk Guðs, undur hans og tákn“ og var svo skörulega fram borin, að allir fengu skilið. Kirkjan er ekki í minnsta vafa um það, að Guð heldur áfram að styrkja fólk og efla til góðra hluta. Það á ekki aðeins við um postulana forðum og aðra leiðtoga. Það gildir ekki síst um hina sem sjaldan eða aldrei fá tækifæri til að tjá sig. Díakonían á að starfa með þetta í huga. Aðferðir hennar og forgangsröðun eiga að taka mið af þessu. Þá ber hún vitni um trúna á þann Guð sem hefur útvalið hið lítilmótlega í heiminum og „það sem heimurinn telur einskis virði til þess að gera það að engu sem er í metum“ (1 Kor 1.28). Þessi ritningarorð notuðu djáknar í Suður-Ameríku til



© LWF/J. Schep

að búa til annað hugtak, „göfgun“ (dignification), samhliða hugtakinu eflingu. Það merkir kærleiks- og líknarþjónustu sem setur mannhelgi í öndvegi og dregur fram gildi, sæmd, tign og göfgi hvers manns, svo að hann geti verði hlutgengur og fullvirkur þegn kirkju og þjóðfélags.

Valdefling hefur óhjákvæmilega í för með sér að vald færast til. Þegar valdahlutföll eru

orðin mjög ójöfn er róttækra breytinga þörf. Díakonían á að vera ópreytandi að benda á þetta og gagnrýna – ekki aðeins í samfélaginu og samskiptum þeirra sem hjálpa og hinna sem þiggja, heldur einnig í tengslum við það hvernig díakonía er unnin og hvernig valdi er úthlutað í kirkjunni og með það farið. Of oft er þaggað niður í þeim sem vilja vekja athygli á því þegar vald hefur safnast á fárra hendur eða því misbeitt. Og stundum er valdafíkn falin í nafni velvildar, fórnarvilja og þjónustu.

Díakonían vill byggja brýr milli fólks. Gríska orðið diakon hefur m.a. merkinguna milligöngumaður, erindreki, jafnvel sendiherra sem falið hefur verið að koma á samskiptum, lækna og sætta.

Á fyrstu öldum kirkjunnar var djákninn kallaður „eyru og tunga biskupsins“. Hann hafði það hlutverk að koma upplýsingum um líðan þeirra sem voru útundan, sjúkra og snauðra, til safnaðarins og tala á milli fólks. Fyrirætlun meðalgöngumannsins lánast, ef honum tekst að fá viðkomandi

til samræðna. Þegar svo fer, veldur díakonían breytingu til góðs í kirkjunni, bæði á meðal kirkjufólksins og þeirra sem standa fjær.

Í öllu starfi díakoníunnar, að neyðarhjálp meðtalinni, er tilgangurinn fyrst og fremst að koma á tengslum. Að vera í samfylgd með varnarlausu fólki er aðferð í díakoníunni til að rjúfa einangrun og útskúfun og finna leiðir sem

opna möguleika til meiri samstöðu. Á ráðstefnu um díakoníu sem haldin var í Suður-Ameríku var rætt um þetta sem farand-díakoníu (migrant diakonia). Í henni felst að þjónar kirkjunnar slægjust í för með fátæklingum sem eru á vergangi í leit að betra lífi.

Meðalgöngumaður verður að kunna að hlusta á mismunandi útgáfur af sömu sögu og geta séð hvers vegna saga getur haft á sér svona margar hliðar. Þá reynir á hæfileikann til málamiðlunar þannig að gagnkvæmur skilningur ríki og að fólk viðurkenni hvert annað.

Óteljandi mál koma upp, utan kirkju og innan, sem kalla á það að gengið sé á milli og málum miðlað með aðferðum díakoníunnar. Þeir sem t.d. hafa smitast af HIV og alnæmi eru oft útskúfaðir úr þjóðfélaginu. Innflytjendur sæta fordómum. Konur eru beittar ofbeldi og ekki er hlustað á þær. Börn fátæklinga fá lélegri menntun. Frammi fyrir slíku getur díakonían ekki eingöngu fordæmt óréttlætið – þótt það sé líka nauðsynlegt – heldur þarf hún að leita lausna og miðla málum. Skýrt frumkvæði og aðgerðir eru nauðsynlegar og geta stuðlað að réttlátara og sjálfbærara samfélagi.

Stundum hefur kirkjan verið beðin að miðla málum þegar komið hefur til flókinna stjórn málaátaka. Árið 2002 og aftur sjö árum síðar varð mikil kreppa á Madagascar. Þá komu kirkjuleiðtogar á samræðum milli stjórn mála leiðtoga. Eins greiddi kirkjan í Austur-þýska alþýðulýðveldinu fyrir hreinskilnum skoðana-skiptum. Fólk safnaðist saman í kirkjunum og lét í ljósi vonir sínar og drauma um nýja tíma og betri framtíð. Þetta var eitt af því sem kom af stað hreyfingu sem leiddi til hruns ríkisstjórnarinnar 1989.

Sá sem talar á milli deiluaðila getur ekki leyft sér að þegja. Bil eru brúuð með samskiptum – oft með þolinmæði og diplómátskum aðferðum. En svo getur staðið á, að spámannleg orðræða sé best við hæfi, t.d. þegar reynt er að rétta hlut undirokaðra.

3. Mismunandi mynd þjónustunnar

3.1 Þjónusta einstaklinga – þjónusta allra trúaðra

Svo sem dregið var á hér að framan, eru allir skírðir, búnir og hvattir til að inna af hendi kristna líknar- og kærleiksþjónustu. Og þá komum við að ef til vill upprunalegustu mynd þjónustunnar sem er einmitt þjónusta einstaklingsins. Hún birtist vanalega í daglega lífinu allt í kringum okkur, í margháttuðum góðum verkum.

Þessa þjónustu mætti kalla eðlilega og sjálf-sagða hegðun. Hana láta menn í té af meðfæddri góðfýsi, óháð trú og lífsskoðun. Þess var líka getið fyrir í þessu riti, að díakonía er fyrst og fremst svar við ápreifanlegum þörfum fólks, eins og lýst er í 25. kapítula Matteusarguðspjalls, versunum 31 til 46. Þar hvetur frelsarinn til þess, að sérstaklega sé munað eftir þeim hungruðu og þyrstu, gestunum, hinum klæðlausu og sjúku, að ógleymdum föngunum. Nú er náttúrulega auðséð, að það eru ekki bara kristnir menn sem bregðast við neyð náungans. En það sem er sérstakt, er hvernig kristnir menn tengja kærleiksþjónustu við Krist sjálfan, að frelsarinn skuli setja sjálfan sig í spor fólks í neyð. Hann segir að það, sem þeim sé gert, „... það hafði þér gert mér!“

Dæmisagan fræga af miskunnsama Samverjanum (Lúk 10.25-37) hefur líka um aldir verið innblástur kristinni díakoníu. Þar kemur mjög á óvart að útlendur maður af trúflokki sem Gyðingar fyrirlitu, skyldi aumkast yfir hinn bágstadda, en landar hans, prestur og meðhjálpari, hröðuðu sér framhjá. Jesú sagði þessa sögu þegar hann var spurður um það hvernig mætti öðlast eilíft líf og hver væri náungi. Hann lauk henni á orðunum „Far þú og gjör slíkt hið sama“. Spurningunni var svo snúið við, frá því að spyrja hver væri náungi, í:

„Hver sýnist þér hafa reynst náungi þeim manni sem féll í hendur væringja?“ Með öðrum orðum skiptir ekki máli hver er skilgreindur sem náungi heldur það að öllum er gefið að vera öðrum náungi.

Oftast er óþarfi að hengja einhvern sérstakan merkimiða á það sem öðrum er gert til þægðar. Mest af því er réttilega álitid ósköp sjálfsagt og eðlilegt. En samt – það sakar ekki að gefa því nafn. Brasilísk kona lét svo um mælt þegar hún hafði farið á námskeið í díakoníu: „Nú veit ég, að það sem ég hef ástundað alla ævi er – díakonía!“ Henni sagðist svo frá, að hún hefði hjálpað fátækum bændum, sem veikst höfðu af skordýraeitri, tekið virkan þátt í mannréttindabaráttu og vitjað sjúkra og sorgmæddra í söfnuðinum. „Ég hafði nú alltaf á tilfinningunni, að þessi sýslan mín hefði tengipunkt við trúna,“ sagði hún, „en ég vissi ekki fyrr að hún hétu eitthvað!“ Þessi vitneskja á ekki að þurfa að breyta neinu í dagfari manns, þótt hún gæti gert það. Hvað sem öðru líður, þá setur það ákveðinn stimpil á velgerningana, að kalla þá díakoníu. Og það minnir okkur á hvar uppsprettan er og hvaðan hvatning og styrkur kemur til þjónustunnar.

3.2 Skipulögð díakonía – samstillt átak safnaðarins

Mjög oft er það, að heill söfnuður vinnur að kærleiksþjónustu. Af Post 6.1 má ráða, að söfnuðurinn í Jerúsalem hafi staðið fyrir daglegri díakoníu. Vísast er þar átt við daglegar matgjafir til fátækra. Það kom þó fljótlega í ljós, að fyrirkomulagið þurfti að lagfæra og ákveðnum leiðtogum var falið þetta hlutverk. Seinna kom Páll postuli á fót fjár-söfnun meðal grísku safnaðanna, hinni févana kirkju í Jerúsalem til styrktar – og það framtak var einfaldlega kallað díakonía.

Fornleifarannsóknir hafa leitt í ljós að kjör fólks í borgum og bæjum fyrstu aldarinnar eftir Kristsburð voru ótrúlega bágborin. Meðalæviöldur manna var ekki nema 30 ár, hreinlæti var mjög

ábótavant, ómengað drykkjarvatn sjaldfundinn munaður, enda herjuðu ótal sjúkdómar á fólkið. Við þetta bættist sífelldur straumur aðkomufólks er kynti undir stöðugar væringar á milli þjóðarbrota. Við þessar nóturlegu aðstæður hóf kirkjan trúboð sitt og þjónustu við almenning. Það fór vart framhjá neinum að hér var nokkuð nýtt og róttækt á ferð sem ekki hafði áður þekkt. Rodney Stark lýsir því hvernig umhyggjan fyrir sjúkum og utangarðsmönnum, hvernig öllum var tekið opnum örmum og hve sterkt fólk trúði á mátt upprisu Jesú Krists – varð til þess að á fáum öldum óx kirkjan frá litlum hópi fólks til þess að verða leiðandi trúarleg hreyfing í Rómverska heimsveldinu.¹³

Á öldunum sem síðan eru liðnar hefur verið brotið upp á ótal nýmælum í þjónustu safnaðanna um heim allan. Þegar drepsóttir geisuðu voru sjúkravitjanir skipulagðar og hinum dáu búin útför. Í stríði var skotið skjólshúsi yfir flóttamenn. Þótt tímarnir hafi breyst, hefur neyð hvorki horfið né söfnuðirnir sofnað á verðinum. Þegar Jesús varð þess áskynja að áheyrendur hans voru svangir, bauð hann lærisveinum sínum að „gefa fólkinu sjálfir mat“ (Matt 14.16). Þessu boði hefur kirkjan hlýtt síðan, með mörgu mismunandi móti.

Slíka þjónustu þarf þó að skipuleggja vel og einhver verður að vera ábyrgur fyrir henni. Þannig er það í allri mikilvægri starfsemi. Helgihaldið er t.d. mikilvægt og þess vegna er það vel undirbúið og skipulagt. Tími og staður er ákveðinn og verk-efni falin ábyrgu fólki.

Sama gildir um díakoníuna. Það þarf forystu og markvisst fyrirkomulag til þess að þjónustan verði skipulega innt af hendi og verði alltaf hluti af starfi kirkjunnar. Í Svíþjóð er hver söfnuður skyldugur að senda biskupi sínum áætlun um díakoníu, helgihald, fræðslu og boðun. Þetta veitir

¹³ Rodney Stark: *The Rise of Christianity. A Sociologist Reconsiders History*. 1996

kirkjunum yfirsýn, auðveldar forgangsröðun og skerpir á því hvað þarf til og hver ber ábyrg.

Fyrir kemur að díakonían er litin í því ljósi að hún sé einkum fólgin í að liðsinna þeim sem eiga bágt „einhvers staðar úti í þjóðfélaginu“. En vaxandi er sá skilningur að díakonían sé ekki í þágu annarra, heldur í félagi við aðra. Að biblíulegum skilningi er hjálpin kærleikur í verki (1 Kor 13), látinn í té á jafningjagrundvelli (2 Kor 8.13-15). Þjónustan er blessun bæði fyrir þann sem gefur og hinn sem þiggur. Sá sem er í neyð núna getur sem hægst orðið sá sem hleypur undir bagga með öðrum síðar. Í löndum þar sem bilið er breitt á milli ríkra og fátækra, hefur aðstoðin við snauða tilhneigingu til þess að taka á sig mynd ölmusu. Þeir sem betur mega sín rétta þá hinum miður stöddu gustukagjafir. Þetta verður til þess að dýpka enn gjána í milli hinna fjáðu og efnalitlu. Annars vegar eru þeir sem eru sterkir veitendur og hins vegar vanmáttugir þiggjendur. Því verður ekki neitað að mörg kærleiksþjónustan hefur verið frá hinum ríku og áhrifamiklu til hinna fátæku. Slíkt þarf að skoða mjög gagnrýnum augum. Aðstoð af þessu tagi verður gjarnan öll á forsendum þeirra sem skipuleggja hana. Af því leiðir, að talað er niður til viðtakendanna og fjarlægðin milli gefenda og þiggjenda vex. Suður-Ameríkumenn kalla þetta fyrirbrigði „asistencialism“, af því að meginmarkmiðið er að aðstoða, en ekki að koma á jöfnuði og samstöðu. Það dregur fram og kyndir undir það ólíka með fólki og er ekki líklegt til að stuðla að breytingum.

Það sem reifað hefur verið hér að ofan gæti gefið til kynna að góðgerðastarfsemi væri ekki góð. En því fer fjarri. Hún er dyggð, rótfest í hefð kirkjunnar. Guðfræðingurinn Molefe Tsele frá Suður-Afríku lét svo um mælt á ráðstefnu Lúterska heimssambandsins um þá díakoníu sem berst fyrir réttlæti og gegn kúgun: „Við hljótum að koma í veg fyrir að góðgerðastarf verði skammaryrði. Guð er mjög gæskuríkur allri

Fjölskyldan styrkt

Á hverjum þriðjudags- og föstudagsmorgni þrjú undangengin ár, hefur Nancy Krause farið í fangelsi Polk Country og rætt í klukkustund við fangana um foreldrahlutverkið. Þetta er hluti af farkennslu lútersku kirkjunnar í Iowafylki í Bandaríkjunum, sem ætluð er þeim sem ekki geta auðveldlega ferðast um t.d. innflytjendum, föngum og fólki í flóttamannabúðum. Margir foreldranna sem þessarar tilsagnar njóta eru fátækir eða hafa einhvern tíma ævinnar búið við skort. „*Fátæktin gerir það að verkum að þau eiga fárra kosta vól*“, segir Krause um fangelsaða nemendur sína. „*Þetta er heimur fárra valkosta, fárra möguleika.*“

sköpun sinni. Samfélagið allt þyrfti líka að æfa sig í að auðsýna gæsku.“¹⁴

Það sem reifað hefur verið hér að ofan gæti gefið til kynna að góðgerðastarfsemi væri ekki góð. En því fer fjarri. Hún er dyggð, rótfest í hefð kirkjunnar. Guðfræðingurinn Molefe Tsele frá Suður-Afríku lét svo um mælt á ráðstefnu Lúterska heimssambandsins um þá díakoníu sem berst fyrir réttlæti og gegn kúgun: „Við hljótum að koma í veg fyrir að góðgerðastarf verði skammaryrði. Guð er mjög gæskuríkur allri sköpun sinni. Samfélagið allt þyrfti líka að æfa sig í að auðsýna gæsku.“

3.3 Líknarstofnanir – þegar samstillts átaks er þörf

Í ýmsum aðstæðum getur þjónusta safnaðarins verið ófullnægjandi og þörf verður fyrir viðtakara starf en hægt er að sinna í söfnuðum. Þetta varð kirkjunni snemma ljóst. Reist voru sjúkrahús og hæli handa munaðarlausum og heimilislausum sem tengdust kirkjusöfnuðunum sterkum böndum. Án þeirra tengsla og stuðnings safnaðarfólks hefði þetta starf verið óhugsandi. Og þessi tengsl voru öllum augljós.

¹⁴ Jóhannesarborgarskýrslan bls. 54.



Orðið spítali (hospital, af hospes á latínu sem þýðir gestur) minnir þannig á skyldu kirkjunnar að sýna gestrisni og umhyggju. Á elstu spítölunum fór samband trúar og líkna starfs ekki framhjá neinum. Þar var vistarverum snúið þannig að altari blasti við sjónum allra sem þar dvöldu og minnti á að það er Guð sem lækna hina sjúku.

Díakonía nútímans sem á upptök sín í Þýskalandi um 1830, hefur komið á fót óteljandi líkna stofnunum, ekki aðeins þar í landi, heldur um gjörvalla Evrópu og í öðrum heimsálfum. Kirkjan var í þá tíð mjög tengd ríkisvaldinu og því varð trúboð og díakonía að vera á vegum sjálfstætt starfandi félaga – innan vébanda kirkjunnar en þó óháð kirkjuyfirvöldum. Einn af frumkvöðlum díakoníuhreyfingarinnar var Theodor Fliedner, prestur í Kaiserswerth, litlu samfélagi nálægt Düsseldorf í vesturhluta Þýskalands. Í september 1833 opnuðu hann og kona hans, Friederike,

heimili fyrir konur sem voru að losna úr fangelsi. Leikskóli og sjúkrahús sigldu fljótlega í kjölfarið. Hjónin áttuðu sig fljótt á því að þau þurftu faglært starfsfólk og aðeins þremur árum síðar opnuðu þau skóla fyrir díakonissur í hjúkrunarfræði og leikskólakennslu. Á næstu áratugum fengu þúsundir kvenna þar þjálfun og djáknavígslu. Stofnunin líktist um margt kaþólsku klaustri og systurnar, sem svo voru nefndar, unnu heit að hlýðni, fátækt og skírlífi.

Í september 1833 opnaði Jóhann Hinrik Wichern athvarf fyrir heimilislaus börn úr fátækra hverfi í Hamborg. Wichern var sannfærður um að menntun myndi forða þeim frá fátækt, ekki síst ef hún væri hagnýt. Þetta sýnir að menntun var hluti af skipulagðri díakoníu og álitin mikilvægur liður í því að brjóta út úr fátækt. Þess vegna hefur sprottið upp fjöldi menntastofnana á vegum díakoníunnar. Aðgang að þeim fengu einkum börn fátækra og þeirra sem voru félagslega illa staddir. Aðrar voru ætlaðar börnum, sem vaninn var að taka ekki inn í almenna skólakerfið vegna fötlunar á borð við blindu, heyrnarleysi eða geðsjúkdóma.

Þetta er í samræmi við þá miklu áherslu sem Lúter lagði á skólagöngu. Við siðaskiptin stakk hann upp á því að klaustrunum yrði breytt í opinbera skóla. Hann brýndi fyrir foreldrum að þeir hefðu fengið börn sín að gjöf frá Guði og bæru ábyrgð á velferð þeirra, en mikilsverður hluti hennar væri einmitt menntunin. Hann skrifaði stjórnmalaleiðtogum og hvatti til þess að öll börn fengju að ganga í skóla: „*Meiri er velferð borgar og öryggi, þegar hún hefur á að skipa mörgum hæfum, heiðvirðum og vel menntuðum borgurum (...) en miklum borgarmúr og mögnuðum byggingum.*“¹⁵

Hér er ekki rúm til þess að gera nákvæma

¹⁵ „To the Councilmen of All Cities in Germany That They Establish and Maintain Christian Schools“ (1524); ensk þýðing eftir A. Steinhaeuser; Luthers Works, 45. bindi (Fíladelphia: 1962), bls. 355-356

úttekt á díakoníu 19. aldar, né heldur að telja upp þá mörgu sem komu við sögu og lögðu hönd á plóginn. Aðeins skal á það minnt, að hreyfingin gjörbreytti stöðu kvenna bæði innan kirkju og utan. Aldrei fyrr höfðu ógiftar konur hlotið menntun og áhrifastöðu í samfélaginu. Fyrir þeirra tilstilli upphófst heilsuvernd eins og við þekkjum hana í dag. Hið opinbera tók sér það starf til fyrirmyndar þegar grunnur var lagður að velferðarríki nútímans.

Díakoníu-hreyfingin tók að verulegu leyti mið af hreintrúarstefnunni, píetismanum, þar sem guðrækni var frekar einstaklingsbundin og trúarreynsla persónuleg. Styrkur þeirrar eigindar var sá að hver og einn fann sig kallaðan til góðra verka upp á eigin spýtur og til urðu í kringum 30.000 líknarstofnanir í Þýskalandi. Allt þetta varð mögulegt í gegnum flókið kerfi fjármögnunar og sterkra tengsla við hið opinbera.

Þótt rekstur þessara stofnana sé í öllu samkvæmt venjum og kröfum hins opinbera, þá hafa böndin sem binda þessar stofnanir kirkjuyfirvöldum og söfnuðum aldrei slitnað. Oft styrkja söfnuðir þessar stofnanir með fjárframlögum, þátttöku í stjórnnum og ráðum, sjálfböðastarfi og hvers kyns uppörvandi samfylgd.

Í Bandaríkjum Norður-Ameríku hefur Evangelísk-lúterska kirkjan á sínum snærum samtök sem sinna velferðarþjónustu um allt landið. Um 280 heilbrigðis- og félagsmiðstöðvar starfa í þúsundum sveitarfélaga og eru skjólstaðingarnir um 6 milljónir manna á ári, eða sem svarar einum af hverjum 50 Bandaríkjamönnum. Fimm prósent þessara stofnana eru mjög viðamiklar og reka útibú í mörgum ríkjum.

Starfsemi margra þessara stofnana er einstakur vitnisburður um umhyggju fyrir bág-

stöddum, sem spröttin er beint upp úr jarðvegi kristindómsins. Hún hvetur til þess að fólk auki færni sína og axli ábyrgð í samfélaginu. Í Brasilíu er t.d. athvarf fyrir ungar og ógiftar verðandi mæður. Þar er sjálfsvirðing kvennanna styrkt og þær búnar undir framtíðina. Í gegnum þróunarverkefni í sveitum Madagaskar fá smábændur aðstoð, þeir læra að skynja styrkleika sína, ónotuð tækifæri og ný úrræði og nýta það til að bæta framleiðslu sína á sjálfbæran hátt. Námsflokkar á Indlandi gera ungu fólki kleift að bæta sér það upp, að hafa



© LWF/J. Schep

sakir stöðu sinnar í samfélaginu ekki komist í skóla á sínum tíma.

Fjöldi stofnana á sviði kærleiksþjónustu, sem starfræktar eru á suðurhveli jarðar, voru stofnaðar af kristniboðum. Margar reyndust þó ekki sjálfbærar þegar kristniboðssambönd tóku að skerða fjárframlög og fækka starfsfólki. En það finnst líka glæsileg dæmi um stofnanir sem staðarfólk kom á fót og féllu vel að aðstæðum.

Nútíma kristniboðshreyfingar störfuðu löngum sjálfstætt innan kirkjunnar. Það var ekki



© ELCA/Laury Rinker

3.4 Alþjóðleg diakonía – viðbrögð kirkjunnar við neyð, fyrir og með alþjóðlega kirknasamfélaginu

Kirkjan er ekúmenísk¹⁶ og því miðast starf hennar ekki við ákveðin landamæri, kynþætti og þjóðarbrot, og jafnvel ekki heldur trúarbrögð. Þessi skilningur hefur einkennt Lúterska heimssambandið mjög sterkt.¹⁷

Nauðir þeirra Evrópubúa, sem áttu um sárt að binda eftir seinni heimsstyrjöldina, voru aðalorsök þess að ákveðið var að stofna Lúterska heimssambandið árið 1947 á fyrsta þingi þess í Lundi í Svíþjóð.

fyrir en á allsherjarþingi Lúterska heimssambandsins í Delí árið 1961 að samþykkt var að upp frá þessu skyldi kristniboð ekki lengur vera verkefni fárra félaga, flestra á norðurhveli jarðar. Erfitt er að sjá fyrir sér svipaða þróun varðandi kærleikspjónustuna og þá einkum stofnanir hennar innan kirkjunnar. Ástæðan er sú að sumar kirkjur viðurkenna ekki að diakonía sem er skipulögð innan stofnana sé óaðskiljanlegur þáttur í lífi og starfi hverrar kirkju. En það má líka kenna stofnunum um, því að sumar þeirra hafa haldið áfram að skipuleggja og vinna starf sitt án tengsla við kirkjurnar. Hér þurfa bæði söfnuðir og líknarstofnanir að staldra við. Þó er þessu ekki alls staðar svona háttáð. Ýmsir söfnuðir, t.d. í Norður-Ameríku, hafa komið á fót sjálfstæðum líknarstofnunum er lúta faglegri stjórnun en tengslin við kirkjuna eru tryggð með því að fulltrúar safnaðanna eigi sæti í stjórnun þeirra.

Í upprunalegri stofnskrá Flóttamannahjálpar sambandsins má sjá sterka hvöt til að hjálpa til sjálfshjálpar. Í styrjaldarlok var einn af hverjum sex lúterstrúarmönnum ýmist flóttamaður eða á vergangi. Æ síðan hefur sambandið einarðlega beitt sér fyrir aðstoð við flóttamenn.

Þegar næst var blásið til þings, að þessu sinni í Hanover 1952, höfðu ýmsir áhyggjur af því að sambandið, líkt og gerst hafði með fyrirrennara þess, Heimsráð lúterskra kirkna (Lutheran World Convention), mundi lognast út af þegar bráðasti vandi stríðshráðra lúterstrúarmanna

¹⁶ Orðið ekúmenísk, er komið af gríska orðinu oikoumene sem merkir allur heimurinn.

¹⁷ Það sem hér fylgir á eftir er byggt á skrifum Brian Neldner í *Development Education Forum*, júní 1997. Um sögu þróunardeildar Lúterska heimssambandsins (Department for World Service) má lesa í *Let Us Help One Another: Service in the LWF* og í skrifum Jens Holgers Schjørring, Prasanna Kumari og Norman A. Hjelm: *From Federation to Communion. The History of the Lutheran World Federation*, Fortress Press, Minneapolis 1997, bls. 85-141.

væri úr sögunni. Því samþykkti þingið sögulega ályktun í anda fagnaðarerindisins, þess efnis, að áfram skyldi haldið að veita neyðarhjálp, nema nú yrði markhópurinn víkkaður til að rúma alla þurfandi. Við þetta nýja upphaf hjálparstarfs Lúterska heimssambandsins var með öðrum orðum sérstaklega tekið fram, að hjálparhönd skyldi rétt út fyrir lúterska kirkjusöfnuði.

Útgangspunktur deildarinnar innan Lúterska heimssambandsins, sem af hálfu aðildarkirknanna annast aðstoð við fólk hvar sem er í heiminum (Department for World Service, DWS) er neyð fólks. Meginhlutverk deildarinnar, eins og það var ákveðið í Hanover, er að „*veita, skipuleggja þjónustu á heimsvísu bágstöddum til handa, án tillits til kynþáttar, kynferðis, trúar, þjóðernis eða stjórnmálaskoðana*“.

Náið samband er á milli þróunar- og hjálparstarfsdeildar Lúterska heimssambandsins (DWS) og starfsemi deildar fyrir kristniboð og þróunaraðstoð (Department for Mission and Development, DMD). Hlutverk hennar er að styrkja kirkjur með boðun og þróunarhjálp í kristnum anda. Það gerir hún að hluta til í gegnum verkefni sem skrifstofan í Genf skipuleggur. Öðrum verkefnum stjórna svæðisskrifstofur, og þá gjarnan þeim sem tengjast staðbundnum vanda eins og t.d. fátæktinni í Afríku, samstarfi trúfélaga í Asíu, ólögætum skuldum í Suður-Ameríku og sambandi ríkis og kirkju í Evrópu. Öðrum viðfangsefnum þarf að sinna á heimsvísu, svo sem HIV og alnæmi, kynjamisrétti, æskulýðsstarfi, að auka mannaúð, þekkingu og getu til að miðla upplýsingum af aðstæðum og verkefnum. Auk þess samhæfir deildin (DMD) stuðning sem aðildarkirkjur Lúterska heimssambandsins veita um 230 verkefnum. Sér þá deildin um að afla fjár og styðja framkvæmdaraðila við útfærslu verkefnanna og skýrslugerð.

Lúterska heimssambandið hefur allt frá stofnun haldið fast við játningagrundvöll sinn og fóstað samkirkjulega nálgun í alþjóðlegu þróunar- og neyðarstarfi sínu.

Með nánun samstarfi kirknanna frá upphafi, var brautin rudd fyrir flóttamannahjálp í Afríku á öndverðum 7. áratug síðustu aldar. Lúterska heimssambandið hleypti af stokkunum Kristilegu flóttamannahjálpinni í Tanganyika á vegum Alkirkjuráðsins og í samstarfi við Kirkjuráð Tanzaníu. Í framhaldinu var samskonar stofnun komið á í Sambíu.

Á sama tíma var áætlun Lúterska heimssambandsins um aðstoð við kínverska flóttamenn í Hong Kong hrundið af stað, allsherjar félagslegri þjónustu sem Kirkjuráð Hong Kong tók síðar yfir.

Á öndverðum áttunda áratugnum, þegar mikið tjón varð af þurrkum í Afríku, tóku höndum saman til aðstoðar, Lúterska heimssambandið og Alkirkjuráðið, kaþólskar stofnanir á vegum Caritas Internationalis og mótaðilar þeirra í mismunandi löndum sem höfðu þegar hafið samstarf. Í framhaldinu komu enn fleiri til liðs við hjálparstarfið, ekki aðeins alþjóðasamfélagið, heldur byrjuðu kirkjur í Afríku, svo sem í Eþíópíu og Eritreu, að vinna saman. Með aðild sinni að Action by Churches Together (ACT, nú ACT-Alliance) staðfestir Lúterska heimssambandið vilja sinn til samkirkjulegra verkefna.

Mannréttindasamþykkt Evian-þingsins árið 1970 staðfesti hlutverk Lúterska heimssambandsins og aðildarkirkna þess á áttaksvæðum. Mikil aðstoð var veitt til að styrkja fólk sem tekið hafði þátt í frelsisbaráttu í löndum á borð við Mosambík, Angóla og Namibíu og þeim sem þjáðust vegna hennar. Fólki í útleið og flóttamönnum var veitt aðstoð og stutt var við verkefni sem hjálpuðu fólki að snúa aftur heim. Enduruppbygging og endurhæfing var studd og þróunaraðstoð veitt. Þá fékk fólk í útleið, sem stóð að frelsisbaráttunni, bæði félagslega aðstoð og prestsþjónustu. Prestsþjónusta við útlæga Namibíumenn var í höndum þróunardeildar Lúterska heimssambandsins og var veitt í nánun samstarfi við kirkjuráð landanna, þar sem þeir höfðu leitað hælís og stærri kirkjur í Namibíu.

Árið 1974 var tekin ákvörðun um að hefja hjálparstarf í Míritaníu þar sem íslam er ríkjandi trú.

Þar staðfestist enn frekar sá skilningur aðildarkirkna Lúterska heimssambandsins að veita bæri aðstoð þar sem neyðin væri mest, óháð öðrum aðstæðum. Framtak af þessu tagi skiptir miklu, þegar fólk sem aðhyllist ólík og mismunandi trúarbrögð vill bindast bræðraböndum. Árið 1997 samþykkti stjórn Lúterska heimssambandsins ályktun þess efnis, að mannréttindi skyldu vera samofin allri neyðaraðstoð þess og þróunaraðstoð.

Hjálparstarfs- og þróunardeild Lúterska heimssambandsins er mjög öflug og miðlar fjármunum frá alþjóðastofnunum og stjórnvöldum fjölda landa til verkefna sem tjá gildi kristninnar um náungakærleika.

Hjálpar- og þróunardeild Lúterska heimssambandsins vinnur einnig náið með Sameinuðu þjóðunum. Á allra fyrsta þingi sínu tjáði Lúterska heimssambandið, aðalritara Sameinuðu þjóðanna áhyggjur sínar af flóttamönnum og fólki á vergangi. Sama ár fékk Lúterska heimssambandið aðild að

Sameinuðu þjóðunum. Þar með hófst langt og farsælt samstarf hjálpar- og þróunardeildarinnar við stofnanir Sameinuðu þjóðanna, einkum Flóttamannahjálpinna. Lúterska heimssambandið vinnur starf sitt samhliða Sameinuðu þjóðunum. Það veitir aðstoð á jafnréttisgrundvelli, manna á milli, sem er nauðsynlegt í samstarfi við alþjóðlegar stofnanir og ríkisstjórnir landa.

Í framtíðinni munu alþjóðlegar aðgerðir á sviði mannúðarmála ráðast af ákvörðunum stjórnmalamanna, efnahagsástandinu og áhrifum náttúruhamfara. En menningarhættir, bókstafstrú og ágreiningur um andleg efni mun einnig hafa áhrif í þessu sambandi. Hér hefur Lúterska heimssambandið því þýðingarmiklu hlutverki að gegna. Um leið og sambandið kemur nauðstöddum til hjálpar, á það að tala á milli deiluaðila í anda kærleiksþjónustunnar, í félagi við aðildarkirkjurnar og fyrir hönd þeirra, og freista þess að ná sáttum.



© LWF/J. Schep

Hjálparstarfs- og þróunardeild Lúterska heimsambandsins er nú að störfum í 36 löndum í Afríku, Asíu, Evrópu, Suður-Ameríku og Karabískahafinu. Obbanum af þeim eitt hundrað milljónum bandaríkjadollara, sem hjálpin veitir árlega, er varið til mannúðarstarfa og þróunarhjelpar. Kjörorð deildarinnar er: „Stöndum vörð um réttindi fátækra og kúgaðra“ – og á stefnuskrá hennar eru sex atriði:

1. að bregðast við náttúruhamförum og skipuleggja viðbúnað vegna þeirra;
2. að vinna að því að byggðarlög verði sjálfbjarga;
3. að berjast á móti HIV-smiti og alnæmi;
4. að efla frið, sátt og mannréttindi;
5. að umbreyta samskiptum kynjanna;
6. að vernda umhverfi og náttúru.

Svo sem getið var hér að framan, ríkir samstaða um þessi mál milli lúterskra manna og annarra kristinna söfnuða. Alþjóðleg díakonía hefur því verið óaðskiljanlegur hluti samkirkjuhreyfingarinnar allt frá upphafi. Árið 1922 var stofnuð í Zürich í Sviss kirkjuleg hjálparstofnun í Evrópu (Europäische Zentralstelle für kirchliche Hilfsaktionen eða EZ). Að henni stóðu Alríkisráð kristinna kirkna í Ameríku og Samband mótmælendakirkna í Sviss, og síðar fleiri kirkjur í Evrópu. Skrifstofa stofnunarinnar var flutt til Genf árið 1928 og árið 1945 var hún sameinuð Alkirkjuráðinu (WCC).

Árið 1938, þegar Willem A. Visser't Hooft var beðinn um að taka að sér starf fyrsta aðalritara Alkirkjuráðsins, setti hann það skilyrði, að komið yrði á fót sérstakri deild innan þess, er stýra skyldi samvinnu aðildarkirknanna að hjálparstarfi, „af því að það getur ekki orðið neitt samkirkjulegt bræðralag sem ekki sýnir samstöðu í



© LWF/F. Longakit

verki“. Árið 1949, ári eftir fyrsta allsherjarþing Alkirkjuráðsins í Amsterdam, ályktaði miðstjórn þess að hjálparstarf skyldi verða varanlegur þáttur í starfi sambandsins og að það yrði best unnið á samkirkjulegum grunni. Þessi deild var árið 1971 látin heita CICARWS (Commission on Inter-Church Aid, Refugee and World Service, Samkirkjulegt hjálparstarf, flóttamannahjálp og veraldarþjónusta).

Verkefni CICARWS skyldi vera „að liðsinna kirkjunum til að sýna samstöðu í verki, ná fram félagslegu réttlæti, framförum og öfluggu hjálparstarfi í heiminum með því að deila hver með annarri efnum sínum, mannaúði, fjármunum og andlegum styrk“.

Í lok 9. áratugar síðustu aldar tók deildin meira frumkvæði í því að hvetja kirkjur og trúfélög til að grafast fyrir um orsakir hinna ýmsu vandamála og finna leiðir sem gerðu aðstoð árangursríkari. Eftir það tók CICARWS ekki eins virkan þátt í einstökum verkefnum, en hélt áfram

að ákvarða hver skyldu vera forgangsverkefni, og leggja hönd á plóginn við brýn úrlausnarefni, er samkirkjuhreyfingin hafði á sinni könnu hverju sinni. Árið 1992 var deildin lögð niður og við tók ný nefnd undir heitinu *Þjónum og deilum með öðrum* (Sharing and Service).

Eins og komið hefur fram, voru hörmungar seinni heimsstyrjaldarinnar slíkar að kirkjuleiðtogar margra landa komu á fót alþjóðlegu hjálparstarfi og kerfi til að byggja það á. Ennþá fyrr, eða árið 1922, hafði Danska kirkjan komið á fót *Hjálparstofnun þjóðkirkjunnar (Folkekirkens Nødhjælp)* þar í landi. Hún beindi aðstoð sinni til bágstaddir í Austur-Evrópu með sérstaka áherslu á að styðja minnihlutakirkjur. Um svipað leyti varð sams konar hræringa vart víða um heim og alls staðar voru það afleiðingar styrjaldarinnar sem hreyfðu við mönnum. Starf margra stofnana sem litu dagsins ljós, hófst með aðstoð við flóttamenn en þróaðist svo út í alþjóðlega díakoníu.

Í lok 6. áratugar síðustu aldar voru margar þessara stofnana farnar að huga meira að þjóðum á suðurhveli jarðar, sem nýlega höfðu öðlast sjálfstæði og áttu nú í höggi við fátækt og skipulag sem nýlendustefnan innleiddi og skyldi eftir sig. Nú voru hendur láttnar standa fram úr ermum.

Mótmælendakirkjurnar í Þýskalandi stofnuðu samtökin Brauð handa hungruðum heimi árið 1959. Núna vinnur bandalagið að kringum eitt þúsund verkefnum, með kirkjum og trúfélögum í Afríku, Asíu, Suður-Ameríku og Austur-Evrópu og er kjörorð þess „*Réttlæti til handa snauðum*“ (*Justice for the poor*).

Annars vegar eru þessar stofnanir farvegur einstaklinga og söfnuða til að sinna kristilegri skyldu sinni og hjálpa ekki aðeins þeim sem næst standa heldur sérhverjum þurfandi. Hins vegar eru þær hjálparhönd, sem kirkjurnar rétta fram af því að þær vilja berjast gegn fátækt og óréttlæti, og fylgja dyggilega að málum öðrum, sem það vilja gera. Þess vegna er eðlilegt að líta á stofnanirnar eins og meðalgangara sem fengið hafa umboð til þess að starfa með skodanabræðrum og systurum í öllum heimi.

Allt frá árinu 1960 hafa margar þessara stofnana fengið styrki frá ríkisstjórnnum landa sinna og þróast í þá átt að veita langtíma þróunaraðstoð. Talsmannshlutverkið hefur einnig aukist og er orðið eitt forgangsmála. Nú eru þessar stofnanir farnar að líta hlutverk sitt öðrum augum, æ meir sem hvata að umbreytingum, heima og í löndum á suðurhveli jarðar. Ástæðan er sú að þær hafa öðlast

meiri skilning á kerfislægu eðli fátæktar, þar sem örbirgð stafar oftast af óréttlæti og kúgun. Þær hafa líka áttað sig á að fyrir vikið er þróunarstarf flókið og það krefst sérþekkingar.

Þegar díakoníu samkirkjuhreyfingarinnar var ýtt úr vör eftir seinni heimsstyrjöldina, komu þar fjölmargir að. Bágindi hinna stríðsþjáðu Evrópuríkja voru of hræðileg til þess að það gæti verið á færi einnar kirkju eða stofnunar, að verða að liði. Frá því um 1970 hefur tvíhliða samstarf orðið ofan á í



© FELM

alþjóðlegri díakoníu. Margir telja það heppilegasta fyrirkomulagið því þá er nándin mest.

Oft verður tvíhliða samvinna ofan á því hún er álitin fljótvirkari og árangursríkari en sú marghliða. En það fyrirkomulag er þó engan veginn gallalaust. Sumar kirkjur í Afríku eiga í tvíhliða samstarfi við marga aðila. Í því getur falist feykileg fyrirhöfn. Svára þarf kröfum hvers og eins um aðferðir, skýrsluskil og fleira. Að því leyti getur marghliða nálgun verið betri. Í tveggja þjóða samstarfi veldur misjöfn valdastaða einnig oft vanda. Þegar margir vinna saman, er oft auðveldara að dreifa valdinu. Annan góðan kost við viðtækara samstarf er að fleiri fá að njóta þekkingar og reynslu sem saman kemur í verkefninu.

Allt hefur þetta orðið samkirkjuhreyfingunni hvatning til meira samstarfs. Upp úr 1990 áttu fulltrúar þjóða á norðurhveli jarðar með sér reglulega fundi (*Heads of Agencies Network*) en smám saman jukust áhyggjur manna af því að kirkjur og kirkjutengdar stofnanir frá suðurhveli ættu ekki fulltrúa á fundunum. Árið 1995 var ACT International (Action by Churches Together) komið á fót til að samhæfa neyðaraðstoð. Árið 2000 var Ecumenical Advocacy Alliance (EAA) stofnað til þess að samhæfa raddir kirkna og kirkjutengdra stofnana í talsmannahlutverki sínu um sérstök málefni (við frumútgáfu þessa rits: fæðuöryggi og HIV/alnæmi). Í kjölfarið var stefnt að því að samhæfa einnig þróunaraðstoð og var Alkirkjuráðinu falið að fylgja þeirri vinnu eftir.

Í febrúarmánuði 2007 var þróunaraðstoðinni ACT Development hleypt af stokkunum sem „alþjóðlegu bandalagi kirkna og tengdra stofnana sem hafa umboð til þróunaraðstoðar á samkirkjulegum grunni og vilja vinna saman“. Markmið ACT Development var „að hvetja til og auðvelda samvinnu þátttakenda svo þeir nái meiri árangri í umbreytandi framförum og þróun“.¹⁸

Árið 2009 eiga 70 kirkjulegar stofnanir

1982 var haldið þing í Genf um skilning á díakoníu í samtímanum (Contemporary Understandings of Diaconia). Þar var díakoníu lýst í átta liðum sem samkirkjulegri aðferð til að ná réttlátari skiptingu gæða. Díakonía er:

- nauðsynleg til þess að kirkjan lifi og dafni.
- nærþjónusta hefur forgang.
- spannar allan heiminn í alþjóðlegri einingu.
- hún spornar gegn vexti og viðgangi kerfa sem stuðla að ójöfnuði.
- hún lætur sig varða stjórnmal og þjóðfélagsuppbyggingu.
- hún vinnur að líknar- og mannúðarmálum, óháð trúarbrögðum.
- hún er ekki einstefna heldur gagnkvæm.
- hún léttir ok og leggur áherslu á að efla fólk til þátttöku.

Heimild: From Inter-church Aid to Jubilee. Stutt yfirlit um sögu eku-menisku díakoníunnar hjá Alkirkjuráðinu. WCC, Genf 2002, bls. 13.

aðild að ACT-þróunaraðstoðinni. Þær vinna að langtímaverkefnum í meira en 150 þjóðlöndum með sameiginlega ársveltu upp á um það bil 1.400 milljónir bandaríkjadollara. ACT beinir sjónum að langtímaárangri og nýtir samvinnu margra til að efla getu aðildarkirknanna til að fást við verkefnið á sínu svæði. Þegar við stofnun ACT-þróunaraðstoðarinnar var ljóst, að leggja bæri áherslu jafnt á mannúðarstarf, þróunarhjálp og talsmannshlutverkið og best ef einn alþjóðlegur aðili sæi um að samhæfa aðgerðir. Til að ná þessu var mikið starf unnið til að fella saman starf ACT International og ACT Development, neyðar- og þróunarstarfið. Í janúar 2010 voru deildirnar sameinaðar undir nafninu ACT Alliance með miklum meirihluta atkvæða hlutaðeigandi.

Engum dylst að nauðsynlegt hefur verið að stilla saman strengi alþjóðlegrar díakoníu. Þessi samtök gegna mikilvægu hlutverki í þá átt. En jafnframt hefur framtakið vakið spurningar um gagnkvæmni. Eitt áhyggjuefnið er að þjóðirnar á norðurhveli jarðar ráði of miklu í þessum nýju samtökum og hvernig megi tryggja að svo verði

¹⁸ www.actdevelopment.org/pages-en/documents-en.html

Eftirfarandi eru níu biblíulegar og guðfræðilegar full-yrðingar varðandi samkirkjulega díakoníu á tímum hnattvæðingar. Samkirkjuleg díakonía:

- verður að svara kalli aðstæðna, bæði heima og heiman;
- er boð og hvatning til að taka þátt í verki Guðs;
- er spámannleg;
- umbreytir og leitar réttlætis;
- verður ekki skilin frá koinoníu (helgu samfélagi);
- nær til allrar heimsbyggðarinnar og allrar sköpunarinnar;
- vill lækna, sætta og endurreisa;
- snýst um að skapa valdajafnvægi í samskiptum, gagnkvæmni og réttláta sameign.

Við erum kölluð til þess að taka höndum saman um framgang fagnaðarerindisins af spámannlegri díakoníu, samúð og sáttavilja, með umbreytingu og réttlæti að leiðarljósi

Heimild: Chris Ferguson and Ofelia Ortega: Ekúmenísk díakonía. Í WCC-handriti frá 2002, bls. 3.

ekki. Annað er skilgreiningin á þróun og hvernig þessi samtök muni tengjast kirkjunum og skilningi á heilðrænni boðun, manninum öllum til handa. Þá hafa menn í þriðja lagi velt fyrir sér hvað teljist faglegt og árangursríkt starf og hver eigi að skera úr um hvenær slíkt starf hefur verið unnið. Þótt ACT International og ACT Development leitist við að vera verkfæri díakoníunnar um heim allan, er ekki gefið að stefna, greining á vanda og þarfir aðila á norðurhveli falli að hugmyndum kirkna í suðri. Ljóst er, að haldið verður áfram að ræða þessar spurningar á samkirkjulegum vettvangi.

Á ráðstefnu Lúterska heimssambandsins í Addis Ababa í október 2008 var ríkri hefð og reynslu félagasamtaka í alþjóðlegri díakoníu fagnað. Jafnframt var tekið fram, „að full þörf er á að halda áfram að ræða markmið og fyrirkomulag slíkra hluta“. Ráðstefnan hvatti til „nýrrar samvirkni aðila á milli og hreinskilinna samræðna

norðurs og suðurs um nýja sýn á boðun og díakoníu sem myndi gagnast báðum“.

Til að ná þessum markmiðum þarf nálgunin að byggjast á þeim skilningi að fólk þið hafi réttindi og að það leiki stórt hlutverk, sjálft og með öðrum, í því að ná fram og tryggja sjálfbærni breytinga og framfara.

4. Aðferðafræði díakoníunnar

4.1 Mikilvægi aðferðafræðinnar

Fyrir í þessu lesmáli var þess getið, að ætíð þyrfti að skipuleggja díakoníuna vandlega. Í því sambandi er eitt brýnasta viðfangsefnið að setja sér markmið. Annað, engu minna vert, er að finna réttar aðferðir. Orðið aðferð er á ensku method, úr grísku: meta og hodos og merkir eiginlega að fara veginn, halda leiðina fram. Aðferðafræði fjallar því um hvernig aðferð er beitt til að komast að settu marki.

Í díakoníu skiptir aðferðafræði öllu máli. Engin aðferð er nokkurn tíma hlutlaus og allar eru gildishlaðnar. Því er svo nauðsynlegt að koma sér niður á vinnubrögð sem stuðla að valdeflingu og virkni þeirra sem unnið er með og sem endurspeglar eðli og grundvallargildi díakoníunnar.

Hin svonefnda túlkunarfræði tortrygginnar kemur í góðar þarfir, þegar skoða þarf verk díakoníunnar gagnrýnum augum. Túlkunarfræði bendir til mismunandi túlkunar á sama hlut og krefst huga sem sífellt spyr: Hverra hagsmunir búa að baka því sem sagt er og gert? Hinir efnameiri og áhrifamiklu líta jafnan heiminn og vandamál hans öðrum augum en hinir, sem hafðir eru útundan. Díakonían þarf að vita af þessum mismun og gæta þess að leyfa líka þeim röddum

að heyrast, sem oftast nær er skellt skollaeyrum við. Slíkt er í góðu samræmi við kenningar Biblíunnar og spámannlega díakoníu.

4.2 Sjáðu – hugsaðu – framkvæmdu

Suður-Amerískir guðfræðingar hafa notað aðferðina eða módelið að *sjá – hugsa – framkvæma* og hefur það náð hylli margra þegar á að reyna að tengja saman hugmynd og raunveruleika, teóríu og praxis. Aðferðin hefur einnig reynst notadrjúg við að skipuleggja og vinna að verkefnum díakoníunnar.

Aðferðin er þriggja þrepa:

Fyrst er að horfa – og sjá! Það merkir að greina það sem gert er, með hliðsjón af félagsvísindum og skyldum greinum, til þess að gera okkur skýra mynd af umhverfinu þar sem díakonían er að verki. Greining af þessu tagi ætti umfram allt að leiða til þess, að við tökum fullkomlega mark á reynslu og vitnisburði fólksins í kringum okkur. Hvaða augum líta hinir snauðu veruleikann? Eða olnbogabörnin? Hvað má læra af því sem áður hefur verið gert? Hver var styrkur og hver var veikleiki þess framtaks? Þetta dregur fram það sem stundum er nefnt þögul þekking – og raddir sem alla jafna hafa ekki aðgang að formlegum vettvangi.

Þá er næst að hugsa – freista þess að máta veruleikann og framkvæmd díakoníunnar við kristna trú og sið. Í fyrsta skrefinu, að sjá, er einkum leitast við að greina; það á því skylt við veraldlega þekkingu og hyggindi, sem í hag mega koma. En annað skrefið, að hugsa, heyrir fremur undir túlkunarfræðina, af því að hér reynum við að leggja út af því, sem við sáum og skilgreindum. Hvernig kemur raunveruleikinn, tíðarandinn og hversdagurinn okkur fyrir sjónir í ljósi Guðs orðs

og þess fyrirheitis Krists, að Guðs ríki sé nærri? Og hvernig störfum við í ljósi þeirrar köllunar að við eigum að vera verkfæri Guðs, hendur Krists og fætur? Hvernig bregðumst við réttast og best við og hvers konar starf er raunhæft svar við þessari spurningu?

Þegar við höfum gert okkur grein fyrir þessu, getum við hjálpað kirkjunni til þess að hefja upp raust sína og fordæma óréttlæti og synd en boða um leið fagnaðarerindið um ást Guðs á veikum og snauðum í orði og verki.

Stundum getur verið gott að bíða eftir því að annað skrefið hafi verið tekið, áður en farið er að beita guðfræðilegum verkfærum túlkunar. Ef við byrjum á því að hugleiða guðfræðilega – getur sjónarhornið auðveldlega orðið of þröngt. En



© LWF/J. Schep



© LWF/J. Schep

saman gefa greining og úttekt á raunveruleikanum og guðfræðileg hugsun góða nálgun og verða til þess að auka gildi faglegrar og félagslegrar aðstoðar.

Þriðja skrefið er framkvæmdin – í ljósi fyrri skrefanna tveggja, að sjá og að hugsa. Vonandi verður framlag díakoníunnar þannig viturlegra og agaðra, markvissara og árangursríkara.

Þótt skrefin séu þrjú er rétt að hafa í huga að hér er á ferð hálfgerð hringferli, þar sem fyrsta skrefið hefst í raun á framkvæmd og hið þriðja ætti ófrávíkjanlega að koma okkur til þess að hugsa aðferðir upp á nýtt, í ljósi reynslunnar. Þetta þýðir samt ekki, að um lokað kerfi sé að ræða, því að nákvæm, vakandi rannsókn og stöðugar spurningar, með öllum mögulegum fyrirvörum, ættu að ganga í gegnum allt ferlið.

4.3 Þegnarréttur – að verða þegn/meðborgari

Þegar við ræddum tilgang díakoníunnar (sjá 1.2 grein III. hluta), hugleiddum við um leið þá spurningu, hvort starf þjónustunnar ætti að vera í þágu einstaklinga, hópa fólks – ellegar heilla byggðarlaga. Um margra ára skeið hefur orðið vart ákveðinnar tilhneigingar til þess að helga þjónustuna kirkjusóknum eða heilu nærsamfélagi. Upp á síðkastið hafa menn komið auga á nauðsyn þess að gefa ekki síður gaum að hverjum og einum út af fyrir sig. Oftast er þó óþarfi að greina glögg þarna á milli heldur láta þetta vinna saman.

Gott dæmi um þetta kom upp í Suður-Afríku á tímum apartheid-stefnunnar. Svörtum íbúum landsins var þá oft neitað um réttindi sín og vinnuveitendur hundsúðu þá. Þetta varð til þess að aðilar á vegum díakoníunnar fóru að láta sig verða löggjöf og stjórnarstefnu. Efnt var til herferða í héruðum landsins með það að augnamiði að vekja fólk til vitundar um réttindi sín og krefjast þeirra.

Jafnframt var verkamönnum boðin lögfræðileg aðstoð og þeim fengin í hendur gögn, svo þeir gætu varið sig sem borgarar landsins og sem starfsmenn.

Áþekkar kringumstæður komu upp í Suður-Ameríku og snertu fyrirætlanir hins opinbera um að styrkja vitundina um þegnrétt meðal landsmanna (á spænsku: *construir cidadania*) með betra samfélag fyrir augum. Orðið þegnréttur er hér látið merkja hegðun manna í samræmi við þau réttindi og skyldur, er gera þeim kleift að taka virkan þátt í daglegri stjórn samfélags og þjóðar. Þegar fólk er án þegnréttar hefur það óhjákvæmilega í för með sér útilokun; það á þá engan hlut að félagsmálum, kemur þar hvergi nærri sem ákvarðanir eru teknar og er sett hjá eins og óæðra fólk. Þetta gildir oftast en ekki um ákveðna hópa þjóðfélagsins. Þegar þegnréttur er eflur, fara almennir borgarar aftur að skipta sér af samfélaginu, takast á hendur ný hlutverk, verja eigin réttindi og verða óskoraðir þátttakendur í félags- og stjórnámálum.

Þessa vanda verður vart í felstum heims- hlutum. Eftir að kommúnisminn leið undir lok í Austur-Evrópu, þurftu þegnarnir að læra að taka frumkvæði og vinna saman, verða virkir og ábyrgir borgarar á ný. Svo verður þess vart á Vesturlöndum að áhugi á stjórnámálum og sjálfboðastarfi fer minnkandi.

Áhugi díakoníunnar á því að efla með mönnum vitundina um þegnrétt og góðan þegnskap er til kominn vegna félagslegs- og pólitísku vanda af þessu tagi. En hann er líka í samhljóðan við hinn sígilda barnalærdóm sem byggður er m.a. á Boðorðunum tíu og kennir mönnum að vera góðir borgarar.

Til að efla þegnrétt þarf að tala fyrir honum, fræða um hann og fá fólk til liðs við málið. Allt ýtir þetta undir breytingu til hins betra, um- breytingu sem hefur margar hliðar. Hver ein- staklingur verður að vinna bug á hvers konar minnimáttarkennd og örlagatrú á að hlutskipti

hans verði ekki breytt. Síðan þarf að byggja upp þekkingu fólk og færni og þjálfva það til að taka þátt í skipulögðu starfi. Í þessu tilliti ber sérstaklega að forðast of mikla mótun, að menn tileinki sér gagnrýnislaut það sem leiðbeinandinn færir fram. Raunveruleg valdefling gerir fólki kleift að mynda sér sínar eigin skoðanir, jafnvel þótt þær kunni að vera á skjön við ætlun kennaranna.

Komið hefur í ljós, að skilningur á og iðkun þegnréttar, eins og hann er skilgreindur hér, er forsenda þess að lýðræði eflist. Lýðræðið verður að spretta upp úr grasrótinni. Þeir sem hafa verið eflir til að iðka þegnrétt sinn vita hvernig á að mæta þörfum venjulegs fólks og styrkja réttindi þess. Hér um að ræða lagaleg réttindi, en líka efnahagslegan, þjóðfélagslegan og menningar- legan rétt. Þeir vita hvernig þeir eiga að beita sér til þess að hafa áhrif á mikilvægar ákvarðanir og stefnumótun sem varða líf þeirra og tilveru. Þeir vita hvernig ríkisstjórnir verða dregnar til ábyrgðar og þeir vilja friðsamlegri sambúð í fjölþjóðlegum samfélögum.

4.4 Að byggja upp samfélag

Þau verkefni að efla þegnrétt og byggja upp samfélag, eru nátengd. Þegar stefnt er að því að leysa vanda ákveðins hóps eins og t.d. þeirra sem búa við líkamlega fötlun mun allt samfélagið einnig njóta góðs af. Stundum hefur díakonían getað stuðlað að pólitískum aðgerðum eins og t.d. í Mið-Ameríku á dögum herforingjastjórnanna á níunda áratug síðustu aldar. Því er ekki hægt að líta á díakoníuna eins og hún sé óviðkomandi og einangruð frá þjóðfélags- og stjórnámálum.

Verkefni sem þroska og ýta undir þróun sam- félaga eru orðin mikilvæg í alþjóðlegri díakoníu. Þá er markmiðið að samfélagið allt, og ekki aðeins forréttindahópar, taki þátt í og njóti góðs af starfi hennar. Leitast er við að taka sem flesta þætti með: vatn, hreinlæti, fæðuöryggi, umhverfismál,

menntun, málefni kynjanna og þannig mætti áfram telja. Hver sem upphafspunkturinn er, hvort sem það er neyðarhjálp, enduruppbygging, viðbúnaður vegna náttúruhamfara eða hvers konar þróunarstarf, þá ætti ævinlega að miða að þátttöku samfélagsins alls.

Hér er gengið út frá því að öll þessi viðfangsefni séu nátengd. Því aðeins verði sjálfbærum árangri náð, að tekist sé á við þau öll. En það er vægast sagt krefjandi að eiga við allt þetta í einu og hætt við að það sé ekki á færi neins eins aðila. Það þarf því að ganga kerfisbundið til verks í samstarfi við sem flesta og fá til liðs heimamenn á hverjum stað.

Síðustu áratugi hefur mönnum lærst, að heimamenn verða að vera virkir þátttakendur og eiga hlutdeild í þróun verkefna ef þau eiga að verða sjálfbær. Af þeirri ástæðu er í þróunarstarfi leitast við að efla einstaklinga og hópa, fá þeim í hendur það sem þeir þurfa til að hafa áhrif á eigið samfélag. Það sem til þarf er oft tengt uppbyggingu pólitísk áhrifavalds með því að fá stóra þjóðfélagshópa til að vinna að sameiginlegum málefnum. Þeir sem hér koma að verki verða að hafa skilning á því hvernig hægt er vinna með einstaklingum og hafa áhrif á samfélagið og stofnanir þess.

Það er alltaf krefjandi fyrir þá sem starfa að díakoníunni að gæta sín á ójafnvægi í þeirra eigin hlutverki og áhrifum – eða valdi, og hlutverki og áhrifum einstaklinga og samfélags sem unnið er með. Þeir þurfa að auðsýna auðmýkt og hafa vilja til að nálgast verkefni og finna lausnir á þeim sameiginlega. Utanaðkomandi lausnum sem þvingað er upp á fólk gagnast yfirleitt ekki. Þær gera oft lítið úr því sem fyrir er, bæði einstaklingum og samfélagi, kasta jafnvel rýrð á þekkingu og hindra þátt þeirra í ákvörðunum sem þó er hluti af þegnrétti þeirra. Í seinni tíð hafa því þeir sem starfa innan díakoníunnar frekar haldið að sér höndum í framkvæmd flókinna verkefna og leitað þess í stað samstarfs um þær við heimamenn sem þekkjja allar aðstæður.

Annars konar vandi getur komið upp þegar um viðkvæm málefni er að ræða eins og t.d. eignarrétt á landi, kynjamisrétti eða hefðir á borð við umskurð kvenna. Að hve miklu leyti getur díakonían skipt sér af slíku? Á hún að nota stöðu sína og hefja máls á réttlætismálum sem þessum eða er hún þá að misnota vald sitt? Eða mundi hún með því að þegja þunnu hljóði bregðast hinu spámannlega hlutverki sínu?

Hin síðari ár hefur það orðið æ augljósara, að verkefni díakoníunnar verða að vera réttindamiðuð (rights-based). Réttindamiðuð nálgun er ein helsta leið þróunardeildar Lúterska heimssambandsins (LWF World Service) í verkefnum sínum.

Réttindamiðuð nálgun felst fyrst og fremst í því að efla vitund um réttindi á öllum sviðum, meðal hinna valdalaus og þeirra sem valdið hafa. Markmið þróunarstarfs eru líka markmið mannréttindabaráttu. Áhersla á mannréttindi í þróunarstarfi vekur athygli



© LWF/D. Lorenz

á stjórnkerfum sem viðhalda fátækt og útilokun. Með skýrri vísun í mannréttindi tekst betur, í framkvæmd verkefnanna, að vekja athygli á rótum fátæktar og útilokunar í stað þess að einblína á tæknileg atriði sem mælikvarða á árangur. Þessi nálgun dregur líka úr því að fátækir séu álitnir ölmusufólk sem þurfi á gustukaverkum að halda.¹⁹

Alveg eins og díakonían getur aldrei dregið dul á tengsl sín við kristindóminn, hlýtur hún að gangast við grunngildum sínum um réttlæti og mannlega reisn. Hvernig staðið er að þessu er svo háð aðstæðum á hverjum stað.

4.5 Að byggja upp samstarfsnet

Á undanförunum árum hefur þriðji geirinn komið fram sem mikilvægur vettvangur til að stuðla að því að fólk taki þátt í samfélags- og félagslegum breytingum. Þriðji geirinn vísar til hinna tveggja sem eru hið opinbera og einkageirinn. Að efla þriðja geirann eykur jafnvægi gagnvart valdi ríkis og markaðar. Eftirfarandi skilgreining sýnir þetta:

Þriðji geirinn vísar til samstarfs fólks um sameiginleg áhugamál, markmið og gildi. Þetta starf tekur á sig nokkuð aðra mynd en þá sem algengust er hjá hinu opinbera, fjölskyldunni eða viðskiptalífínu. Þó skal viðurkennt að mörkin milli ríkisafskipta, fjölskyldu, markaðar og svo þriðja geirans eru löngum flókin, óskýr og oft háð samkomulagi. Þriðji geirinn starfar á mörgum sviðum og hefur ólíka starfshætti. Innan hans þrífst mismunandi skipulag, formfesta, sjálfræði og áhrif. Þriðji geirinn felur gjarnan í sér skráð góðgerðafélög, hjálpar- og þróunarstofnanir, kvenfélög, félög sem byggjast á aðild að trúarhópum,

¹⁹ *Uphold the Rights of the Poor. Global Strategy 2007-2012.* LWF World Service, Genf 2007, bls. 9.



© FELM



© LWF/E.-S. Vogel-Mfäro

fagfélögum, verkalyðsfélögum, sjálfshjálparhópum, félagslegum hreyfingum, viðskiptafélögum, bandalögum og baráttufélögum.²⁰

Eitt stærsta hlutverk þriðja geirans í hinu borgaralega samfélagi er að styrkja lárétta virkni samfélagsins og efla þannig lýðræði. Tilvist þess sjálfstæða og óformlega vettvangs sem þriðji geirinn er, stuðlar einnig að góðum stjórnarháttum í löndum þar sem slíkur vettvangur er virkur.

Kirkjur og trúarleg samtök gegna miklu hlutverki í borgaralegu samfélagi. Þar fær kristin kirkja ný tækifæri til að vera virk í þjóðfélaginu. Á það þótti nokkuð skorta fyrr á tíð, einkum í Evrópu, þar sem kirkjan var framlengdur armur ríkisvaldsins. Það er þó liðin tíð, að kirkjan sækist eftir völdum eða forræði sem markmiði í sjálfu sér. Nú vill hún miklu fremur fá að taka þátt í knýjandi almennum málefnum lífaðs lífs í hversdeginum

og inna af hendi þjónustu með velferð allra í huga.

Borgaralegt samfélag gefur díakoníunni einstakt tækifæri til þess að hafa áhrif á samfélagið allt. Frumkvæði díakoníunnar getur verið öðrum fyrirmynd hvað varðar samfélagslega ábyrgð. Díakonían getur vitanlega ekki ein og óstudd ráðið við vanda heimsins. En hún ætti að efna til samstarfs allra sem vilja vinna að góðum málum. Hvetja þarf til frelsis hvers samstarfsaðila og virða það. Í borgaralegu samfélagi eru góð tækifæri til samstarfs og samskipta. Mikilvægt er að þau sem starfa að kærleiksþjónustu rannsaki þessa möguleika og setji starfið í

breitt samhengi í baráttu fyrir almannaeið.

Í borgaralegu samfélagi gefast góð tækifæri til að tala máli fátækra og kúgaðra og berjast fyrir þeim á opinberum vettvangi. Þegar díakonían nær ekki nægri athygli í baráttunni fyrir réttlætismálum getur hjálpað að vera í samstarfi við aðra. Sama gildir um tengslin við kerfið, ríkisvaldið. Vegna fyrri reynslu eru menn í sumum löndum hættir að treysta stjórn málastéttinni og yfirvöldunum. Annars staðar hefur kirkjan orðið að lúta svo rækilega í lægra haldi fyrir ofurefli þeirra sem með völdin fara, að hún hefur setið og staðið eins og valdhafarnir hafa kosið. Við slíkar aðstæður er hægt að vera í samstarfi við aðra sem hafa svipuð gildi. Þá geta samskipti við stjórnvöld fengið meira vægi og gæði þeirra orðið meiri og aukið almennar umræður í þjóðfélaginu. Af því leiðir ennfremur að áhuga- og stefnumál kirkjunnar og díakoníu hennar verða augljósari.

²⁰ Skilgreining London School of Economics and Political Sciences: www.lse.ac.uk/collektions/CCS/what_is_civil_society.htm

4.6 Áreiðanleiki

Oft er bent á að gagnkvæmur heiðarleiki (accountability) sé grundvallargildi alþjóðlegrar díakoníu. Með því er átt við að gagnkvæm ábyrgð og traust ríki í samskiptum og orð standi milli tveggja eða fleiri aðila. Í þessu felst tvennt: að menn geti svarað fyrir athafnir sínar og að þeir gangi ekki á bak orða sinna. Hið fyrra á við um skylduna til að geta réttlætt ákvarðanir og aðgerðir, en hið síðara um ábyrgð á því að geta gert það sem var ákveðið og staðið við það.

Þegar traust ríkir á báða bóga og menn eru ábyrgir, geta þeir gert þá kröfu hver til annars, að ekki bregði út af því sem bundið var fastmælum. Oft vill þó brenna við, að út af þessu sé brugðið. Það er oft vegna ójafnræðis milli aðila. Þannig getur t.d. samband þeirra sem fjármagna aðstoð og þiggjendanna verið viðkvæmt vegna ólíkrar valdastöðu þeirra og möguleika þiggjenda til að hafa áhrif á ákvarðanir. Fyrir slíku þarf díakonían að vera vel á verði og spyrja gagnrýnna spurninga.

Í díakoníunni er lykिलatriði að hafa á að skipa hæfum stjórnendum, að vinnuferlar skili árangri og aðilar treysti hver öðrum. Án þessa er hætt við að jafnvel bestu fyrirætlanir skili sér ekki í traustum og ábyrgum gerðum.

Nú hefur það sem kallað er sameiginlegur undirbúningur, eftirlit og mat (Joint Planning, Monitoring and Evaluation) komið styrktaraðilum á norðurhveli jarðar og félögum þeirra á suðurhveli í góðar þarfir við að bæta stjórnun og vinnubrögð. Markmiðið er „að þróa vinnuaðferðir og tryggja, að takmarkað, handbært fé nýtist eins vel og kostur er í baráttunni við skort og óréttlæti,“ og jafnframt „að bæta samskipti stofnana í suðri og styrktaraðila í norðri með því að samræma stjórnun og upplýsingakerfi, beina sjónum að því sem má læra en ekki bara að því hvort það sem átti að gera hafi verið gert. Markmiðið er einnig að tryggja að

allar upplýsingar liggi fyrir þegar þeirra er þörf, í samstarfi um betri lífskjör“.²¹

Parísaryfirlýsingin, alþjóðasamningur sem þjóðarleiðtogar og stjórnendur alþjóðastofnana undirrituðu, undir hatti Efnahags- og þróunarstofnunarinnar (OECD), árið 2005, er gott dæmi um ákvörðun sem tekin er á æðstu stöðum, um að auka gæði hjálparstarfs og tryggja betur árangur af því. Eitt af lykिलatriðunum í þessum samningi er skuldbinding til að auka gagnkvæma ábyrgð milli gefenda og þiggjenda hjálpar og að opinbert eftirlit sé með því að staðið sé við hana.²²

Hér er þó ekki um að ræða kröfur erlendra samstarfsaðila, sem þó mætti ætla, því í krafti stöðu sinnar, geta þeir skorið á fjárhagsaðstoð ef samstarfsaðilarnir í suðri uppfylla ekki kröfur og skilyrði eins og mælt var fyrir um. Allir, sem hér koma að, ættu að líta á vinnureglur, skipulagningu og áreiðanleika sem styrkleika fyrir sig, sem eigið gildismat og kunnáttu. Góð samskipti skipta öllu og hreinskiptin umræða um ójöfn valdahlutföll og áhrif er nauðsynleg.

Styrk stjórn og góð vinnubrögð eru forsenda góðra verka. Og umfram allt þarf starfsfólk díakoníunnar að vera vel menntað og vel þjálfað, vegna þeirra sem það vinnur með. Þannig sýnum við þeim virðingu og hjálpum þeim til að berjast gegn aðstæðum sínum með reisn. Það á ekki að líðast, að sumir kirkjuleiðtogar segist aðeins vera ábyrgir frammi fyrir Guði, ef þeir leyfa engum að skoða hjá sér bókhaldið. Kirkjuleiðtogar ættu

²¹ *Building bridges in PME. Guidelines for good practice in the planning, monitoring and evaluation of community-based development projects implemented by Southern NGOs with support from European Ecumenical Agencies.* Published by ICCO, The Netherlands 2000. Idem p. 6.

²² Nánar um Parísaryfirlýsinguna og framkvæmdaáætlun hennar á www.oecd.org

heldur að vera öðrum fyrirmynd og hafa allt hjá sér opið og aðgengilegt.

Algengur vandi í framkvæmd þróunarverkefna er sá að þeir sem fjármagna verkefnið vilja oft láta gera miklu meira en mögulegt er innan fjárhagsrammans. Þá er góð skipulagning afar mikilvæg og gott að nota svonefnda SWOT-aðferð eða einhverjar aðrar viðurkenndar aðferðir.²³ Niðurstaðan ætti að leiða í ljós á hvaða sviði viðkomandi stofnun er sterkust og þá er hægt að miða verkefnið ekki aðeins við þörfina heldur styrkleika og annað sem viðkomandi getur sérstaklega lagt til. Að öllum líkindum verður þannig auðveldara að stjórna verkinu og gera það sjálfbært.

Kirkjusöfnuðum reynist oft erfitt að takmarka sig, gera minna, en gera það jafnvel betur.



© LWF/F. Longakit

Þá er gott að minnast þess, að það eru til miklu fleiri stofnanir en kirkjan ein; díakonían getur ekki tekið ábyrgð á öllum vanda í samfélaginu. Því er gott að margir taki höndum saman. Og þá er kirkjunni mikilvægt að leggja krafta sína í það sem hún telur að hún nái mestum árangri í.

²³ SWOT: Strengths, Weaknesses, Opportunities and Threats (Styrkleikar, veikleikar, ógnanir og tækifæri)

5. Hverjir sinna kærleikspjónustu?

Þeir eru margir sem sinna díakoníu; flestir ónafngreindir, þar sem þeir sinna verkum sem þeim er edlislægt að vinna, hvar sem þeir verða vitni að þjáningu, skorti eða óréttlæti. Einkum á þetta við þjónustu einstaklinga, sem lýst var í kaflanum um þess konar díakoníu. En ekkert síður gildir þetta um þjónustu stofnana og samtaka; líka þar, koma að verki fleiri en þeir sem bera formlega ábyrgð. Það væri maklegt, að þetta fólk nyti meiri athygli, ekki aðeins til að þakka því og heiðra, heldur líka til þess að hvetja fleiri til þess að fylgja góðu fordæmi þess. Ekki er að efa, að margir væru reiðubúnir til þess að vinna að díakoníu, ef þeim væru sköpuð tækifæri til þess.

Yfirleitt eru konur í miklum meiri hluta þeirra sem að díakoníu starfa, hvort heldur eru sjálfbodaliðar eða fastir starfsmenn. Fyrir þessu kunna að vera ýmsar ástæður, m.a. sögulegar. En þetta er merkilegt umhugsunarefni. Kvendjárnar gegndu lykilhlutverki í díakoníu-hreyfingunni í Þýskalandi á 4. áratug 19. aldar. Konur í þann tíð höfðu ekki mikla möguleika á vinnumarkaði. Með djáknastöðu fengu konurnar því aukið olnbogaráymi, bæði innan kirkju og utan.

Því verður samt ekki neitað, að konum var – og er sums staðar enn – að verulegu leyti haldið frá leiðtoga- og stjórnunarstörfum. Jafnvel í starfi Theodors Fleidner og konu hans Friederike á 19. öld (sjá kafla 3.3) kusu menn heldur að hafa karla í forsvari en konu; og helst prestvígðan mann. Víða er þetta svona enn í dag; karlar stjórna og taka úrslitaákvæðanir um verkefni díakoníunnar. Sums staðar hafa konur orðið leiðtogar, en þrátt fyrir það eru karlar áfram þeir sem móta stefnuna og stjórna fjármálum. Þá er leitt að þurfa að viðurkenna þá staðreynd, að víða um heim njóta konur ekki sömu launa og karlar fyrir sömu vinnu. Þetta óréttlæti höfum við tekið í arf frá fyrri

öldum og það fer auðvitað í bága við hugsjónir og gildismat díakoníunnar.

Sú hugmynd að díakonía sé fyrst og fremst hlutverk kvenna kallar á að hún verði talin „kvennastarf“. Þetta kann að stafa af þeim alvarlega misskilningi, að díakonían sé skör neðar en annað starf í kirkjunni – umönnun og auðmjúk þjónusta. Slík sjónarmið ganga þó í berhögg við guðfræði kirkjunnar og díakoníunnar. Samkvæmt henni er díakonían eitt höfuðatriði daglegs lífs safnaðanna, og skal iðkuð bæði af körlum og konum.

Í allri díakoníu er því næmni fyrir hlutverkum og stöðu kynjanna nauðsynleg, bæði hvað varðar stefnu og praktíska útfærslu. Greining á þessu beinist að venjum og siðum í samfélaginu, í fjölskyldum og í kirkjunni. Í gagnrýnu greiningarferli er það skoðað hvort díakonía eigi að endurspeglar það sem gerist í samfélaginu eða bjóða upp á aðrar leiðir þar sem konum og körlum er gert jafn hátt undir höfði. Mikilvægt er að átta sig á að slíkar spurningar eiga fullan rétt á sér út frá anda og eðli díakoníunnar.

Þegar hlutverk karla og kvenna í díakoníu eru greind ætti að gera það bæði út frá trúar- og réttindasjónarmiðum. Þá sést að jafnt konur sem karlar eru sköpuð í Guðs mynd og báðum kynjum er falin á hendur þjónusta við meðbræður og -systur. Eins eru bæði kynin skírð í nafni heilagrar þrenningar og bæði hafa þau þegið kraft heilags anda til þess að vera samviskusamir og ábyrgir ráðsmenn sköpunar Guðs. Í díakoníunni eru ærin verkefni handa báðum kynjum. Spyrja má, hvort atgerfi karla og kvenna sé hið sama, og ef ekki, hvort hlutverkaskiptingin taki þá mið af því. Eða er hugsanlegt, að þátttaka karla og kvenna í starfi díakoníunnar muni smám saman breyta kynjahlutverkunum, bæði í kirkju og utan? Eða ýtir kirkjan undir hið gagnstæða? Dregur hún úr meðbyr kvenna í samfélaginu, tefur fyrir frama þeirra?

Kynjagreining þarf að vera praktísk, þannig að hún skili starfsmönnum díakoníu raunverulegum

ábata, gegnum þjálfun og skipulag. Valdefling býður heim breyttum valdahlutföllum. Í mál-efnum kynjanna þýðir þetta að eyða hugarfari sem gefur karlmönnum vald en ekki konum og koma á lögum og anda sem tryggir þátttöku beggja og möguleika þeirra til að verða leiðtogar.

5.1 Sjálfbóðaliðar

Oftast er það bara venjulegt fólk sem vinnur að kærleikþjónustu. Sama gildir í skipulagðri díakoníu; þar líka fara sjálfbóðaliðar með mikilvægt hlutverk. Framlag þeirra er að sjálfsögðu mjög mikils metið og margir söfnuðir efna oft til sérstaks átaks til þess að laða að nýja sjálfbóðaliða. Öllum er ljóst að safnaðarstarf getur ekki eingöngu þrífist með launuðu starfsfólki.

Stundum eru sjálfbóðaliðarnir hámenntað fólk sem notar sérgrein sína til þess að inna af hendi ólaunaða kærleiks- og líknarþjónustu. Læknir eða tannlæknir helgar kannski nokkrar klukkustundir í viku ókeypis þjónustu við bágstadda og snauða. Sumir þeirra líta á slíkt sem tækifæri til þess að leggja af mörkum til samfélagsins sem þeir hafa sjálfir þegið svo margt frá. Aðrir sjálfbóðaliðar eru sjálfir þurfamenn sem í þakkarskyni fyrir vinnu sína fá í staðinn e.t.v. málsverð eða dálitla vasapeninga.

Víða um lönd hefur unglingum boðist að inna af hendi hjálparstarf um eins árs skeið, launalaust. Gott dæmi um þetta er þjónustuárið svonefnda, í Þýskalandi (*Diakonisches Jahr*). Þar starfar fólk á aldrinum 16 til 27 ára í eitt ár í söfnuðum eða við líknarstofnanir. Annað dæmi er *Changemaker* sem svo er kallað, innan vébanda *Hjálparstofnunar norsku kirkjunnar*, frjálst framtak í sömu veru, en með áherslu á talsmannshlutverkið (einnig til á Íslandi <http://changemaker.is/web/>). Hér eru kraftar ungs fólks virkjaðir til alþjóðlegs hjálparstarfs, þar sem einkum er barist gegn óréttlátri skiptingu gæða á milli auðugra landa í norðri og hinna fátæku



© LWF/F. Longakit

í suðri. Þriðja dæmið má nefna Kristniboðsátak ungs fullorðsins fólks (*Young Adults in Global Mission Program*) sem Evangelísk-lúterska kirkjan í Ameríku skipuleggur.

Vert er að velta fyrir sér hlutverki sjálfboðaliða nokkru nánar. Stundum er þess vænst af þeim að þeir einfaldlega hlaupi í skarðið fyrir launaða starfskrafta. En þá er þess að geta, að sjálfboðaliði á ekki að vera aðstoðarmaður fastráðins starfsmanns, heldur manneskja, sem í krafti hæfileika sinna og kunnáttu, er einfær um að leysa af hendi vandasöm verkefni. Margir söfnuðir hafa komið á fót svokallaðri hjálparlínupjónustu. Þá gefst þeim sem í vanda eru staddir tækifæri til þess að leita aðstoðar með því að hringja í ákveðið númer. Gert er ráð fyrir að þeir sem þá verða fyrir svörum séu sjálfboðaliðar sem hafa til þess menntun.

Díakonía, ekki síst á vegum kirkjusafnaða, lítur á það sem forgangsverkefni að safna sjálfboðaliðum, leiðbeina þeim, hvetja og aðstoða til að nýta krafta sína. Oft gerist það að sjálfboðaliðum finnst að of oft og mikið sé leitað til þeirra og að þeir séu látnir of afskiptalausir í störfum sínum. Því er það, að sumir hætta fljótlega,

stundum með vonda samvisku eða tilfinninguna að þeir hafi verið misnotaðir. Það er því mikilvægt, að starf sjálfboðaliða sé metið rétt og að verðleikum, ennfremur að álitis þeirra sé leitað, þegar ákvarðanir eru teknar eða sest niður til að meta árangurinn af starfinu – og að þeir njóti í sem stystu máli virðingar sem fullveðja samstarfsmenn. Sjálfboðaliðar verða líka öruggari og ánægðari í starfi, ef þeir hafa hlotið tilsögn og æfingu. Og síðast en ekki síst ber að ítreka, að sjálfboðaliðar upplifa oft nán

tengsl á milli trúar sinnar og þjónustunnar. Það ber að kannast við og hlúa að.

Að vissu leyti er hætta á að orðið sjálfboðaliði gefi ekki alveg rétta mynd, sérstaklega ef fólk hefur á tilfinningunni að eðlismunur sé á sjálfboðaliða og ráðnum starfsmanni – eitthvert bil sé á milli þeirra. Slíkt getur að vísu orðið uppi á teningnum þegar um mjög sérhæft þjónustustarf er að ræða, þar sem rík ábyrgð krefst ákveðinnar hæfni og þar sem starfið er skipulagt með tilliti til þess. Þó réttlætir þetta engan veginn að gert sé upp á milli starfsmannsins og sjálfboðaliðans og aldrei má beita þess konar rökum í því skyni að eigna díakoníuna útvöldum hópi lærðrar starfsmannaélítu.

Orðið sjálfboðaliði (á ensku: volunteer) á rót sína í latneska orðinu voluntas, sem þýðir vilji. Sjálfboðaliði er sá, sem **vill** bjóða fram starfskrafta sína. Þetta er auðskilið frá almennu sjónarmiði. En að guðfræðilegum skilningi göngum við skrefi lengra, þegar um er að ræða þjónustu díakoníunnar. Þá þarf nefnilega að skilgreina þjónustuna sem köllun allra skírðra, nýjan lífsstíl, sem knúinn er fram og borinn uppi af Guðs heilaga anda.

Marteinn Lúter reisti kenningu sína um sið-

fræði köllunarinnar á þessari túlkun og predik- aði, að heimurinn væri sá staður, þar sem við komum því í verk, sem hin helga köllun krefst. Hann benti þannig á, að bóndinn ætti að líta á sín daglegu störf sem þjónustu við Guð, og það sama ættu skósmiðurinn og kennarinn að gera. Af þessu má sjá, að sérhvert heiðarlegt starf, og eigi aðeins starf í kirkjunni, er köllun kristins manns. Vettvangur hversdagsins er dýrmætt tækifæri okkar til þess að verða samverkamenn Guðs að umhyggju hans fyrir sköpun sinni, svo að hún verði sýnileg, skiljanleg og áþreifanleg öllu fólki. Þessi hugsun skiptir því alla þá, er að díakoníu starfa, mjög miklu máli.

5.2 Fagfólk í kærleikspjónustu

Kærleikspjónusta allra trúaðra felur í sér, að auk áhugamanna og sjálfboðaliða, leggi einnig fagfólk, hönd á plóginn. Og þá má spyrja: Hvernig ber að líta á góðverk sem fastir, launaðir starfsmenn inna af hendi? Getur það kallast góðverk í guðfræðilegum skilningi þeirra orða? Í ljósi kenningar Lúters þess efnis, að allt sé gott, sem unnið er í góðri trú, má halda því fram að vel unnið líknar- og þjónustustarf sérmenntaðra manna á fullu kaupi, sé í eðli sínu ekkert síður gott verk en það sem sjálfboðaliðar láta í té. Að auki gætu gæði verið meiri.

Menntun og hæfni er fyrst og fremst leið til að tryggja gæði díakoníunnar, hvort heldur er á safnaðarvísu eða á sérstofnunum. Löngum hafa djáknar og díakonissur verið fulltrúar þekkingar og kunnáttu á sínu sviði. En aðrar starfsstéttir, eins og t.d. heilbrigðisstarfsfólk, félagsráðgjafar, stjórnendur fyrirtækja og stofnana og hag- og viðskiptafræðingar, hafa lagt sitt lóð á vogarskálarnar til þess að þjónusta mætti verða sem best af hendi leyst. Þegar við tölum um gæði díakoníunnar (þjónustunnar), hefur það tvenns konar merkingu: Í fyrsta lagi sem innlegg í starfið

– að miðla hvatningu, viðhorfum og kunnáttu o.s.frv. og í öðru lagi það sem kemur út úr því, hvernig starfið er unnið og árangur þess.

Fagfólk fór ekki að sinna heilbrigðis- og félagsþjónustu að marki, fyrr en upp úr síðari heimsstyrjöld. Breytingin varð nokkurnveginn í takt við þróun velferðarsamfélagsins. Tilgangurinn var meðal annars að styrkja stöðu starfsfólksins, gefa því kost á góðri menntun og þjálfun og betri vinnuskilyrðum. Að hinu var og stefnt, og það vó enn þyngra, að sérþekking og fagmennska myndu bæta þjónustuna við þurfandi og nauðstadda. Það varð beinlínis krafa hins opinbera, að starfsfólk í heilbrigðis- og félagsþjónustu hefði yfir nægri þekkingu og þjálfun að ráða til þess að geta ráðið við margbrotnar og flóknar aðstæður, þar sem fólk bjó við þrengingar, mótlæti eða neyð, og bætt lífsskilyrði þess. Og þetta, umfram allt, með manngildi hinna nauðstöddu efst í huga.



© FELM

Við verðum vitni að áþekkri framvindu þegar díakonían verður atvinna enda höfðu margir fyrstu fagaðilar innan heilbrigðis- og félagsmála gjarnan fengið menntun sína hjá stofnunum díakoníunnar. Tilgangur menntunar innan díakoníunnar var að auka gæði þjónustunnar. Fagleg díakonía hefur ýmsar hliðar. Ein þeirra er stjórnun. Þá er átt við, að starfið sé vel skipulagt, áreiðanlegt frá upphafi til enda, nýting fjármuna sé góð og skil séu gerð. Mikilsverðara er þó innihaldið og útkoman, miðað við markmið. Til að meta það þarf kunnáttu, þekkingu á matskerfum, og tengingu við trúar- og siðferðisgildi. Mestu skiptir þó allt það marga

brugðist við andlegum þörfum á fagmannlegan hátt og taka trú, andlega iðkun og trúarbrögð með í myndina þegar mannlegt líf er skoðað.

Öll þessi efni eru þýðingarmikil í alþjóðlegri díakoníu. Sóknarfærum og erfiðleikum þarf að mæta af fagmennsku og færni. Stundum er því haldið fram að þetta sé aðeins hugðarefni vestrænna aðila, rekið fyrir opinbert gjafafé með sífellt meiri kröfum um árangur og skýrsluskil. Það kann að skipta einhverju máli, en helsta ástæða þess, að díakonían vill vera fagleg er samt sem áður sú að hún vill tryggja gæði. Í stuttu máli: Aðalástæðan fyrir fagmennsku er virðing og umhyggja fyrir þeim sem á að þjóna.

Gagnrýnið mat er eitt af einkennum fagmennsku. Það þarf líka að beinast inn á við og spyrja spurninga eins og hverjar séu áhættur og takmarkanir fagmennskunnar. Sú hætta er t.d. fyrir hendi að komi eintómt fagfólk að verki, verði ekki rými fyrir dýrmæta reynslu og þekkingu leikmannsins. Sé fagmennska öll byggð á veraldlegum grunni er hætta á að trú og guðsdýrkun fái lítinn sess. Frammi fyrir slíku verður venjulegt fólk oft máttvana og einfaldlega þagnar. Hinn menntaði maður er þá álitinn eins konar sérfræðingur eins og vel er lýst



© LWF/E.-S. Vogel-Mfatto

og margvíslega, sem lýtur að manneskjunni sjálfri. Raunverulegt gildi díakoníu mælist þó best í því hve vel tekst að sýna manneskjunni virðingu við allar aðstæður – hvernig kerfunum sem útiloka fólk frá þátttöku er kollvarpað, hvernig fólk er eftir til áhrifa í eigin lífi og hvernig tekst að lokum að breyta samfélaginu. Aukin lífsgæði felast einnig í þeirri hæfni að takast á við hina andlegu hlið lífsins út frá aðstæðum einstaklingsins. Að geta

í lítilli sögu frá Madagaskar. Eyjaskeggjar, sem unnið höfðu að merkilegu verkefni árum saman, fengu í heimsókn útlendinga, fulltrúa hjálparstarfs sem hafði styrkt verkefnið lengi. Þegar gestirnir voru farnir, sagði einn verkefnisstjórnanna döprum rómi: „Æ, þeir voru bara að hugsa um möppur og skýrslur. Allur tíminn fór í að rýna í bókhaldið. En þeir höfðu engan áhuga á því að hitta verkafólkið að máli. Og þeir spurðu ekkert um það, hvaða ábrif

framkvæmdirnar hefðu á daglegt líf hjá okkur.“

Á þinginu í Addis Ababa voru viðstaddir hvattir til þess að leggja sig eftir listinni að hlusta í díakoníu sinni. Hvatt var til þess að sérfræðingar lokuðu ekki á það sem heimamenn hefðu að segja heldur ýttu undir gagnkvæman lærdóm. Mikilvægt er að bera kennsl á allan lærdóm og skynja hvernig ólíkir þættir díakoníu tengjast. Það þýðir þó ekki, að í ýmsum tilvikum megi ekki einn leiðbeina öðrum eða leggja á ráðin um verkefni framundan. Þegar hörmungar dynja yfir, er kunnáttu og sérþjálfunar þörf, umfram getu einstakra

söfnuða eða kirkna. En það væri godgá að nýta ekki ráðleggingar heimamanna, sem eru auðvitað kunnugri aðstæðum en aðkomufólkið og munu auk þess upplifa langtímaáhrif áfallanna.

Díakonían vill efla fólk til þess að hafa áhrif á málefni samfélagsins. Menntun og þjálfun starfsfólks verður að búa það til þess verks. Hún birtist í nálgun við verkefni og aðferðafræði. Hún birtist líka í heildrænum skilningi á raunverulegum aðstæðum fólks og möguleikum til að nýta trú, trúariðkun og gildi til að bæta líf skjör.

5.3 Embættið í söfnuðinum

Djárnar og díakonissur sem hafa lært til starfa og verið ráðin til sérstakrar þjónustu eru dæmi um faglega díakoníu. Sumar lúterskar kirkjur hafa stofnað til djárnarþjónustu sem þá er skilgreind sem hluti af hinu kirkjulega embætti. Í sumum söfnuðum (eins og t.d. í Svíþjóð og Brasilíu) er



© LWF/J. Schep

djárninn því vígður til embættis. Annars staðar er orðið vígsla einungis notað um presta, en helgun eða blessun um djárnna. Í Indónesíu hefur HKBP-kirkjan komið á fót skóla fyrir verðandi díakonissur og árið 1983 var samþykkt að þær skyldu hljóta vígslu. Meðal lúterskra manna hefur þó ekki enn náðst samstaða um skilning á eðli og hlutverki djárnna. Lúter lagði af þá kaþólsku venju, að menn þyrftu að vera djárnar um tíma, oftast um eins árs skeið, áður en þeir tækju prestsvígslu. Þessi tímabundna djárnarþjónusta er enn við lýði þar sem embættið í söfnuðinum er þrepaskipt eins og t.d. tíðkast í kaþólsku og anglíkónsku kirkjunum.

Að skilningi Lúters átti djárninn ekki að vera hálf-prestur, heldur þjónn fátækra og nauðstaddra. Hann getur þess á einum stað, að kirkjan þurfi á slíkum að halda, en fátt var gert til þess að koma á stétt djárnna á siðbótartímanum. Prestsþjónustan varð eina embætti kirkjunnar. Þannig túlkaði lúterski rétttrúnaðurinn Ágsborgarjátninguna, þar sem segir að embættið í kirkjunni sé stofnað

til þess að kenna fagnaðarerindið og úthluta sakramentunum. Vanalega var það álitid hlutverk prestsins.

Reglur djákna og díakonissa sem urðu til á 18. öld sem hluti af hreyfingu díakoníu, voru ekki á vegum kirkjunnar, þótt ýmislegt hafi verið gert til að tengja þetta tvennt. Djáknum var einkum úthlutaður starfsvettvangur á heilbrigðis- og



© Anders Falk

félagsstofnunum, en þeim var ekki ætlað að boða fagnaðarerindið og úthluta sakramentum, að minnsta kosti ekki í strangasta skilningi þeirra orða. Litið var á þá sem fulltrúa kirkjunnar en ekki boðunar hennar.

Á undanförunum árum hefur oft komið til tals, bæði innan lútersku kirkjunnar og hjá samkirkjuhreyfingunni, að endurskoða hlutverk djákna. Merkt innlegg kom frá nefnd Heimsráðs kirkna (WCC), sem fer með málefni er lúta að trú og kenningu, þegar hún tjáði sig um skírninga, kvöldmáltíðarsakramentið og embættið (BEM-skýrslan svonefnda). Vakin er athygli á því, að í frumkirkjunni var embættinu skipt í þrennt og því gegndu biskupar, prestar (öldungar) og djáknar. Í skýrslunni segir svo: „Í mörgum kirkjum nútímans ber mikið á þeirri hugmynd að endurvekjja hlutverk og virðingu djákna sem vígðra þjóna og vari það ævilangt (...) Djáknar minna kirkjuna á þjónustuhlutverk hennar í heiminum. Þeir kljást við margvíslega neyð manna og samfélaga í nafni Krists og eru lýsandi dæmi um hversu guðsdýrkunin og þjónustan mega ekki án hvor annarrar vera. Þeir gegna trúnaðarstöðum innan safnaðarins með því að lesa upp úr Ritningunni, predika og hafa orð fyrir fólki í bæn. Þeir aðstoða við kennslu í söfnuðunum. Þeir hafa á hendi kærleikþjónustu. Þeir eiga hlut að stjórnunarstörfum og eru kjörgengir til ábyrgðarstarfa.“²⁴

Sumar lúterskar kirkjur hafa tekið upp hjá sér sérstakt djáknaembætti í samræmi við hina gömlu hefð frumkirkjunnar. Djáknum er alla jafna falið að sjá um díakoníuna (líknar- og kærleikþjónustu) í söfnuðunum, en að auki ætlað að aðstoða við guðspjónustuhaldið. Sú aðstoð getur verið fólgin í ákveðnum skyldum við litúrgíuna (guðspjónustuna), t.d. að bera fram bænir fyrir sjúkum og þurfandi og að aðstoða viðstadda að ganga til altaris, t.d. hreyfihamlaða.

Ég heyri því stundum fleygt, að díakoníu og ráðgjöf beri að skilja að. Díakonían er gjarnan skilgreind svo, að hún sé guðspjallið í verki. Að setjast með annarri manneskju og hlusta á hana er verknður sem skiptir máli. Fyrir mér eru því díakonían og ráðgjöfin nátengdar.

Stigs Kerstin Olsson, djákni í Säffle-söfnuði
Sænsku kirkjunnar

²⁴ *Baptism, Eucharist and Ministry*. World Council of Churches, Genf 1982. § 31 og athugasemdir í viðhengi.

Þegar djáknaþjónustuna ber á góma, verður vart ákveðinna efasemda varðandi þrískiptingu embættisins, sérstaklega þegar litið er á þjónustuna sem stigskipta, þegar djákninn er lægst settur, á eftir biskupi og presti. Lúterskir menn viðurkenna einungis eitt embætti, „ministerium ecclesiasticum“. Aftur á móti mundu flestir þeirra fallast á að viss stigsmunur sé á embættum biskups og prests.²⁵ En sé unnt að halda því fram að þessi tvö embætti séu í raun tvær birtingarmyndir á einu og sama embættinu, þá má spyrja, hvort skoða megi embætti djáknans sem þriðju birtingarmynd hins sama?

Ekki ætti að einblína á hvernig beri að túlka hið þrefalda embætti, heldur miklu fremur á það hvaða þýðingu kirkjan hefur í heiminum nú á tímum. Biskupar norsku kirkjunnar ræddu þetta sérstaklega árið 2004. Þeir komust að þeirri niðurstöðu, að í ljósi þjónustuhlutverks kirkjunnar og vandamála nútímans væri full ástæða til þess að telja starf djákna með embætti kirkjunnar. Það væri algerlega ómissandi hluti af hinu eina embætti hennar og fyrir því væru guðfræðileg rök, ef til þess kæmi að hið kirkjulega embætti yrði skilgreint á ný, og þá á þann hátt að hlutverk kærleiksþjónustu væri talið með.

Í þessu tilfelli er djákninn ekki álitinn hálf-prestur, heldur sérmenntaður og hæfur til forystu í kirkjunni. Þetta er tjáning á „bene esse“ kirkjunnar, í samræmi við sjálfsmynd hennar og köllun en ekki kenningarlegt atriði, þannig að embætti kirkjunnar þurfi að vera skipulagt á þann hátt.

Á þingi Lúterska heimssambandsins um spámannlega díakoníu í Jóhannesborg árið 2002, voru söfnuðir minntir á mikilvægi þess að djáknar veldust til forystu og þeir hvattir til þess að efla menntun þeirra og starfsþjálfun. „Sem eins af handhöfum embættisins í kirkjunni,

²⁵ *Episcopal Ministry within the Apostolicity of the Church. Lundarsamþykktin 2007.* LWF Genf 2008.

ætti návist djáknans, sem kallaður er og vígður til starfa síns, stöðugt að minna okkur á algjöra nauðsyn díakoníunnar.“²⁶

Enn er spurt, hvað sé kirkja. Ef díakonían er hlutverk kirkjunnar, hlýtur þess að gæta í kirkjustjórninni. Þetta var áréttað svohljóðandi í ályktun þings Lúterska heimssambandsins um djáknaþjónustu sem haldið var í São Leopoldo í Brasilíu árið 2005: „Við erum á einu máli um það, að mikilvægi díakoníunnar í boðun kirkjunnar hefur farið vaxandi á undanförunum árum. Flestar aðildarkirkjur Lúterska heimssambandsins búa við æði fjölbreytilegt umhverfi í félagslegum, pólitískum og trúarlegum efnum. Stundum eru þær minnihlutakirkjur. (...) Við slíkar aðstæður getur díakonían verið voldugt verkfæri til þess að koma kærleika Guðs til skila.“²⁷

Í ályktuninni segir ennfremur: „Við teljum að díakonían sé kjarninn í tilveru kirkjunnar og boðun hennar. Sérhver sá sem skírður hefur verið í nafni heilagrar þrenningar og heyrir því undir hinn almenna prestdóm, á að taka þátt í líknar- og kærleiksþjónustu við umhverfi sitt. Þjónusta díakoníunnar er mikilvægur hluti embættis kirkjunnar (ministerium ecclesiasticum, Ágsborgarjátningin V) (...) Við teljum einnig að möguleikarnir sem felast í dýrmætri hefð evangelísk-lúterskrar kirkju, hafi ekki enn verið fullnýttir. Hið opinbera embætti kirkjunnar, sem er eitt, (Ágsborgarjátningin V og XIV) er af Guði stofnað. En í ljósi breyttra tíma þarf kirkjan að endurskoða, hvernig því er hagað. Eins og við höfum séð, verður ljóst bæði af vitnisburði Heilagrar ritningar og kirkjusögunni, hinnar lútersku einnig, að það er ekki um að ræða neitt eitt, algilt fyrirkomulag embættisins.“²⁸

Þessar hugleiðingar leiddu til eftirfarandi

²⁶ *Prophetic Diaconia: "For the Healing of the World".* Report. Johannesburg, South Africa, November 2002. LWF Genf, bls. 9.

²⁷ *The Diaconal Ministry in the Mission of the Church.* LWF Studies 01/2006. LWF Genf, bls. 82.

²⁸ *Sama rit,* bls. 82 og 84-85.



© FELM

niðurstöðu: „Við skorum á aðildarkirkjurnar að hugsa að nýju um það, hvernig þær hafa farið með hið kirkjulega embætti, með sérstöku tilliti til þess, að sú diakonía, sem hlýtur ævinlega að vera kjarninn í allri kristinni boðun, komist vel til skila.“²⁹

6. Djáknanámið

Í kærleikspjónustu er yfirleitt verið að leita réttar þeirra sem kúgaðir eru eða að bregðast með öðrum hætti við neyð annarra og umkomuleysi. Í henni felast viðbrögð við örbirgð og þjáningu annarra en einnig við innri þörf til að auðsýna samúð og samstöðu með þeim sem líða órétt, hafðir eru útundan eða eru undirokaðir.

Líklega er rétt að segja að erfitt sé að kenna fólki að bregðast allt í einu við einhverjum að-

stæðum, án umhugsunar. En um leið, er það rétt að ef fólk gerir það, þá er það sjaldnast vegna sérstakrar góðmennsku eða göfugs hugarfars heldur vegna viðhorfa og gilda sem viðkomandi hefur. Rannsóknir sýna að það sem oft er talað um sem hugboð, er gjarnan byggt á fyrri reynslu og hefur oft komið til vegna þjálfunar.

Þetta bendir til þess að þá sjálfsprottu diakoníu sem verður til fyrir frumkvæði án utan- aðkomandi þrýstings, megi efla með kennslu og þjálfun. Gæti það t.d. átt við þar sem margir HIV-smitaðir búa. Söfnuðurinn á staðnum gæti boðið upp á námskeið til þess að efla mönnum skilning á aðstæðum, hann gæti hlúð að sjúklingunum og gert þeim kleift að halda reisu sinni.

Í öllu djáknanámi skyldi sú grundvallarregla ævinlega höfð í heiðri að þjónustan er ekki góðgerðastarfsemi. Og aldrei skyldi greina að okkur, sem hjálpum og þau hin sem hjálpar njóta. Ekki má heldur gleyma því, að hver einasti söfnuður býr yfir þekkingu, verkviti og þjálfun sem nýtist

²⁹ Sama rit, bls. 88.

vel í starfi díakoníunnar. Má nefna sem dæmi, að þeir sem sjálfir eru með HIV eða alnæmi gera oft góða hluti í starfi meðal smitaðra. Þeir eru næmari á aðstæður hinna sjúku og líklegri til þess að miðla af réttlæti, umhyggju og samúð.

Nám sem ýtir undir þroska og hugarfarsbreytingu er mikilvægt. Í djáknaskóla einum í Sviss sem einnig rak stofnun fyrir fólk með erfiða geðsjúkdóma, var fyrsta árs nemandinn látinn deila herbergi með sjúklingi, sem hluta af náminu. Gert var ráð fyrir að báðir myndu njóta góðs af.

Menntun er jafnvel enn mikilvægari í skipulögðu þjónustustarfi díakoníunnar. Nú eru söfnuðir víða farnir að átta sig á því, að heimsóknir til einmana og sjúkra krefjast undirbúnings. Slíkur undirbúningur verður til þess að gesturinn og líklega sá sem heimsóttur er líka, verða afslappaðri. Þar sem heimsóknin er á vegum safnaðarins og í nafni hans, þá er líka nauðsynlegt fyrir alla hlutaðeigandi að átta sig á tilgangi heimsóknarinnar. Árangurinn verður meiri og betri, þegar allir eru vel undirbúnir, fylgja hlutunum eftir og meta árangurinn.

Í djáknánámi er mikilvægt að læra af reynslu annarra og gera sér grein fyrir vanda sem við er að etja í víðu samhengi félagslegra, menningarlegra og stjórnmálalegra aðstæðna. En þar sem djákna-starfið er einkum fólgið í því að láta verkin tala, þá er verknám jafnvel nauðsynlegra. Í æfingarskyni geta nemendur farið í hlutverkaleik, t.d. leikið djákna sem kemur í heimsókn, til dæmis til brotamanns sem situr í fangelsi. Í hópavinnu geta nemendur ímyndað sér margskonar aðstæður og í lokin metið frammistöðu hver annars.

Djákna sem starfa á stofnunum þurfa að hafa faglega framhaldsmenntun. Þegar díakoníuhreyfingin í Evrópu kom á fót líknarstofnunum fyrir hálfri annarri öld, varð menntun strax drjúgur hluti af starfseminni. Þeir skólar sem þá urðu til gegna enn í dag mikilvægu hlutverki við að halda á lofti málefnum díakoníunnar innan kirkju og samfélags, í menntamállum og rannsóknum. Allt

frá upphafi var þarna lögð stund á fjölbreytt fræði. Díakonissur lærðu hjúkrun en lásu jafnframt guðfræði. Í þessu sambandi er í Þýskalandi stundum talað um að hafa tvær gráður, þ.e.a.s. að viðkomandi geti sinnt bæði störfum á sjúkrahúsi og þjónustu í kirkju. Með þessu er ekki átt við það, að skarpt sér skilið á milli hinna tveggja greina. En markmiðið með náminu er að djákninn geti gegnt báðum hlutverkunum, annast jafnt um líkamlegar og andlegar þarfir sjúklingsins.

Grundvallaratriði í menntun og þjálfun djákna er hve greinar eru fjölbreyttar. Það rímar við raunveruleikann sem jafnan er ofinn af mismunandi þáttum sem krefjast greiningar og aðgerða. Fagleg aðkoma að málum fólks í vanda felur í sér að fagfólkið taki á líkamlegum, geðrænum, andlegum og félagslegum þáttum sem hafa áhrif á manneskjuna. Auk þess þurfa leiðtogar á sviði díakoníu oft að beita þekkingu sinni í bókhalði, fjármálum og stjórnun. Og þeir forstöðumenn líknarstofnana, sem eftirsóttastir eru, hafa einmitt hlotið menntun bæði í guðfræði og stjórnun á viðskipta- eða heilbrigðissviði.

Einn af kostunum við nám djákna ætti að vera sá að í félagslegu starfi er tekið tillit til trúarinnar út frá guðfræði og öðrum viðeigandi greinum s.s. félagsvísindum. Með öðrum orðum felur námið í sér bæði trú í verki og agaða og gagnrýna skoðun í gegnum guðfræði.

Þessi kostur er ekki aðeins mikilvægur á heilbrigðissviðinu þar sem þess er vænst að starfsmaður hafi burði til þess að uppfylla þarfir sjúklings í andlegum og trúarlegum efnum. Hann er einnig mjög mikilvægur þegar díakonía snýst um þróunarstarf, ekki síst nú á tímum þegar rætt er um endurkomu trúarbragðanna, og í ljós hefur komið að trúarbrögð og þróunarstarf eiga nána samleið. Sýn manna á veröldina er yfirleitt mótuð af trú og gildismati tengdu henni. Sú sýn mótast skilning þeirra á þjóðfélaginu og áhuga þeirra á að breyta því til hins betra. Þeir sem starfa að þróunarhjálp á vegum díakoníunnar, ættu að fá

góða þjálfun til að bera skynbragð á hlutverk trúarinnar í árangri verkefna, styrk og veikleika. Þeir þurfa einnig að læra að beina sannfæringu þeirra sem eru trúaðir í farveg til umbóta í samfélaginu, í átt að réttlæti og sjálfbærni.

Svo sem áður var getið, er guðfræði fastur þáttur í djáknanámi. Það má líka orða þetta svo, að umfjöllun um díakoníu ætti ævinlega að vera hluti af guðfræðinámi. En því er verr að þau sem lesa til prests fara oft á mis við hana. Afleiðingin verður sú, að margir kirkjuleiðtogar eru fákunnandi um díakoníu og ekki nógu færir um að skipuleggja og framkvæma hana.

Best væri, að díakonían væri á námsskrá í allri kristinfræðikennslu. Hún ætti að vera þema bæði í barnamessum og fermingarfræðslu. Þar sem yfirleitt er ekki til mikið kennsluefni um díakoníu ættu söfnuðir að skiptast á reynslu og gögnum sem gætu orðið að nothæfu kennsluefni.

7. Díakonía og þróunaradstoð

Eftir að nýlendustefnan leið undir lok komst á skipting milli þróaðra og vanþróaðra landa, seinna kölluð þróunarlönd. Sameinuðu þjóðirnar ákváðu að áratugurinn eftir 1960 yrði helgaður þróunarhjálp og hvöttu þær ríkisstjórnir og frjáls félagasamtök til að taka þátt í henni. Frumkvöðlar þessa átaks voru bjartsýnir á að með þekkingu, tæknikunnáttu og fjármagni mætti fljótt koma á varanlegum breytingum á högum fátækra þjóða á suðurhveli. Á áratugunum sem liðnir eru síðan hafa viðhorf til þróunarhjálp breyst eftir því hvernig vindar hafa blásið í stjórnámálum. Þegar kom fram á 8. áratuginn vöknudum upp róttækar hreyfingar sem héldu því fram að örbirgð stafaði ekki eingöngu af því að þróun í viðkomandi löndum hefði ekki verið næg, heldur væri orsök fyrst og fremst sú, að þjóðirnar hefðu verið undirokaðar og ofurseldar

ranglátu alþjóðlegu fjármálakerfi. Enn síðar kom fleira til sögunnar. Eitt var samband þróunar og umhverfis, sem gat af sér kröfuna um sjálfbæra þróun. Þegar rætt er um sjálfbærni núna, eiga menn við vilt svið þ.e. menningu, félagslíf, efnahag, umhverfisvernd, lífsskoðanir og trú.

Þeir sem gagnrýnastir voru höfnuðu hugtakinu þróun, það væri allt of litað af vestrænni skynsemishyggju, afsprengi upplýsingastefnunnar. Þróun var þá skilin þannig að hún ætti að lyfta þróunarlöndum upp á sama stig og hafði verið náð hjá þróuðum þjóðum Vesturlanda. Þá er litið á þróun sem stigskipt ferli, hárarki. Í fyrstu, þegar þróunarhjálpin fór á stað, voru sendir hjálparar og sérfræðingar af norðurhveli sem hugðust koma á laggirnar samfélögum sem byggðu skipulag, stjórnmal og efnahagslíf á vestrænum fyrirmyndum (og kommúnisma ef menn aðhylltust hann). Þetta framtak átti að tryggja þróunina sem óskað var eftir. En alþjóðleg fjármálakerfi og pólitískt vald leyfa ekki slíka þróun. Í annan stað kom í ljós að mannlegir og menningarlegir þættir eru grundvallaratriði þegar unnið er að breytingum. Það sem vel meint aðstoð átti að ná fram gat aldrei orðið að veruleika því framkvæmdaraðila skorti skilning á menningarlegum aðstæðum og samfélagsuppbyggingu. Ef ekki það, þá gróf óstjórn og spilling undan góðum fyrirætlunum.

Samband díakoníu og þróunarhjálp er mikilvægt umræðuefni og allrar athygli vert. Mikilvægt er að spyrja þess, hvaða skilningur sé lagður í þróunarhjálp – og í framhaldi af því, hver getur orðið árangur af aðgerðum sem byggjast á trú. Verður starf díakoníunnar að þróunarhjálp aðgreint frá starfi veraldlegra aðila? Er eitthvað í aðstoð díakoníunnar sem ekki er annars staðar að finna? Og þá hvað?

Það hefur verið ljóst um nokkurt skeið, að ekki dugar að vinna að þróun aðeins með efnahagslegum eða stjórnmalalegum aðgerðum. Þróun felst ekki heldur í einstökum verkefnum

eins og að grafa vatnsbrunna eða reisa kennslustofur handa börnum. Slíkt getur að vísu hjálpað til við þróun, en hana þarf að skoða frá heildrænna sjónarhorni og alltaf að spyrja um sjálfbærni.

Árið 2002 gaf Lúterska heimssambandið út bæklinginn „Guiding Principles for Sustainable Development“ (*Leiðbeiningar um sjálfbæra þróun*). Þar er sjálfbær þróun skilgreind svo, að hún sé „breytingar sem fela í sér að grunnþörfum og mannréttindum einstaklinga og samfélaga er mætt, um leið og staðinn er vörður um grunnþarfir og mannréttindi annarra samfélaga og komandi kynslóða“.

Í þessu riti felst skilningur á þróun í fleiru en tæknilegum eða stjórnmálalegum atriðum. Hann hefur ekki aðeins þjóðfélagslega og menningarlega vídd, heldur segir líka til um hvernig þróun megi skilja út frá kristnum sjónarmiðum. Tekið er fram, að fyrir Lúterska heimssambandinu sé sjálfbær þróun „rótfest í og mótuð af þeirri trú sem kristnir menn játa á þríeina Guð“.

Varðandi þetta eru 15 atriði talin upp:

1. Sjálfbær þróun er heildrænt ferli.
2. Sjálfbær þróun fer ekki í manngreinarálit, heldur stendur vörð um virðingu sérhvers einstaklings
3. Velferð manneskjunnar er mikilvægasta markmið sjálfbærrar þróunar.
4. Sjálfbær þróun tekur tillit til mismunandi menningar og trúariðkunar.
5. Sjálfbær þróun setur enga eina stjórn efnahags- og þjóðmála ofar annarri.
6. Í sjálfbærri þróun taka allir þátt.
7. Að efla þekkingu og færni er bæði markmið og leið í átt að sjálfbærri þróun.
8. Sjálfbær efnahagur er nauðsynleg forsenda sjálfbærrar þróunar.
9. Sjálfbær þróun er undir styrkleika og sjálfbærni stofnana komin.
10. Að efla auð samfélagsins er markmið sjálfbærrar þróunar.
11. Sjálfbær þróun fylgir tæknistigi eins og það er á hverjum stað.
12. Sjálfbær þróun veltur á því að aðstæður til að hlúa að heilsu og menntun séu til staðar.

© LWPFJ, Schep



13. Í sjálfbærri þróun felst talsmannshlutverk fyrir félagslegum, efnahagslegum og stjórnmálalegum aðstæðum sem stuðla að velferð fólks.
14. Barátta fyrir friði og sátt manna og þjóða í milli er hluti af sjálfbærri þróun, og forsenda hennar.
15. Sjálfbær þróun gerir ráð fyrir sanngjarnri skiptingu auðlinda.

Til viðbótar þessum grundvallaratriðum er bent á eftirfarandi:

1. **Mannréttindi:** Í mannréttindum má segja að felist lögformleg hlið þess sjónarmiðs að sérhver maður hafi fengið gildi sitt og virðingu frá Guði. Kirkjan er kölluð til þess að vernda og halda á lofti þessum rétti. Réttur til framþróunar þýðir að mannréttindi séu virt á öllum sviðum, efnahags-, þjóðfélags-, menningar- og stjórnmálalegum.



© EYCE

2. **Kynjafnrétti:** Forsenda sjálfbærrar þróunar er að efla og vernda réttindi kvenna. Sjálfbær þróun krefst kynjafnréttis með fullri þátttöku kvenna á öllum stigum. Í öllu frummati, áætlunum, eftirliti og árangursmati þarf að gæta kynjasjónarmiða og meta vinnu og reynslu kvenna.
3. **Umhverfismál:** Sjálfbær þróun gengur ekki í berhögg við umhverfið, heldur stuðlar að því að varðveita og viðhalda náttúruauðlindum. Taka þarf tillit til umhverfismála í allri ákvarðanatöku og framkvæmdum.
4. **Samskipti:** Samskipti styrkja samfélög svo að þau geti þróast í heillavænlega átt. Sjálfbær þróun veltur því á greiðum og góðum samskiptum og nauðsynlegt er að þjálfra fólk í þeim.

Þótt uppbygging í þróunarlöndum sé alltaf á stefnuskrá alþjóðasamfélagsins, standa spjótin að kirkjunni, að sinna málinu. Ástandið í heiminum og sú staðreynd að milljónir manna fá hvorki lifað með reisu né notið öryggis, hrópar á afskipti kirknanna. Enn erfiðara verður ástandið þar sem kirkjur horfa upp á lífsháska, hungur og skort eigin sóknarbarna. Þá þarf að grípa til aðgerða á öllum stigum kirkjustarfs: söfnuðir, þjóðkirkjur og alþjóðastarf kirkna. Til að ná samlegðaráhrifum þarf allt starfið að tengjast saman.

Diakonía í þróunarstarfi getur tekið á sig margar myndir. Það getur falist í smærri verkefnum eða yfirgripsmiklum framkvæmdum. En hvort heldur sem er, ætti hún ávallt að hafa það að stefnumiði að efla fólk. Eins og komið hefur verið inn á þarf alltaf að skoða orsakir hvers vandamáls og samhengi þess. Það er ekki bara til þess að tryggja árangur í samræmi við áætlanir, heldur einnig til þess að geta talað máli þeirra sem þurfa aðstoð.



Hvert er aðaleinkenni díakoníu í þróunaraðstoð? Framar öllu þurfum við að gera okkur grein fyrir því, að þróunaraðstoð á vegum kirkjunnar er ekki endilega neitt frábrugðin venjulegri þróunarhjálp. En sérstöðu má greina í nokkrum atriðum:

1. Þróunarhjálp sem er veitt á grunni kærleikspjónustunnar tengist söfnuðum og trúfélögum í grasrótinni. Þess vegna getur almenningur auðveldlega komið að henni, ekki síst konur. Slík þátttaka tryggir líka samfellu í starfinu, þar sem söfnuðurinn er ekkert á förum, þótt einhverju ákveðnu verkefni sé lokið.
2. Þróunarhjálp sem er veitt á grunni kærleikspjónustunnar, byggist á kristinni trú og sýn hennar á heiminn. Hún gengur út frá því að allir menn séu skapaðir í Guðs mynd og búi yfir ævarandi reisn sem ekki verður frá þeim tekin. Og Guð er málsvári hinna fátæku og útskúfuðu.
3. Þróunarhjálp sem er veitt á grunni kærleikspjónustu eflir með okkur trú og gefur okkur um leið betri skilning á henni og tilgangi okkar í lífinu.
4. Þróunarhjálp í anda kærleikspjónustu, nær til fólks með hugsunarhátt og gildismat hins trúaða. Þar eð hún er reist á trú, veit hún að trúin og vonin eru hreyfiafl í baráttunni við þjáningu og fátækt. Það opnar fyrir heildrænni nálgun en ella og auðveldar fólki að segja frá og ræða fleiri þætti sem hafa áhrif á líf þeirra.
5. Þróunarhjálp kærleikspjónustunnar velur verkferla sem hvetja til virkrar þátttöku allra og fer leiðir sem efla fólk. Það gerir hún af

Því hún trúir því að hver einstaklingur sé skapaður í Guðs mynd til að vera einstakur, í samfélagi sem virðir hann og viðurkennir.

6. Þróunarhjálp á grunni kærleikþjónustunnar fer ekki einungis fram í grasrótinni í kirkjunum, kirkjurnar eru einnig þar sem ákvarðanir eru teknar á hærri stigum. Grasrót og stjórnendur þurfa að stilla saman strengi og kirkjuleiðtogar þurfa að vinna með stjórnvöldum að þjóðfélagsmálum („grasstops“ advocacy).

Þessir mögulegu kostir við þróunarhjálp sem er veitt á grunni kærleikþjónustunnar, eiga hins vegar ekki að verða til þess að kirkjurnar slái af almennum gæðakröfum t.d. við framkvæmd

verkefna. Verkefni kalla alltaf á nákvæmar áætlanir og þurfa að vera þaulhugsuð og skipulögð, svo árangurinn verði sá sem stefnt var að í upphafi. Hraði framkvæmda þarf að ákvarðast af fjármunum og bókhaldið þarf að vera faglega unnið og opið. Að byggja upp færni og skilning á nauðsyn þess að gagnkvæmt traust ríki, er því orðið forgangsverkefni.

8. Spámannleg díakonía

Díakóníu-hreyfingin sem hófst í Þýskalandi á fjórða tug 19. aldarinnar átti rót sína í hreintrúarstefnunni (píetismanum) og þeirri guðrækni einstaklingsins sem svo mjög setti svip sinn á hana.



© LWF/J. Schep

Í ljósi þess þótti eðlilegt að þýða orðið díakonía með orðunum auðmjúk þjónusta, og var djáknum og díakonissum falin sú þjónusta á hendur. Hvort sem djáknar og díakonissur þjónuðu innan vébanda stofnana eða á vegum safnaða, var ætlast til þess að þau væru auðmjúkir þjónar. Auðmýkt er mikilvægur eiginleiki og þegar þeir sem starfa meðal fátækra nálgast viðfangsefni sín með hana að leiðarljósi gerir fólk sér gleggri grein fyrir eigin hæfileikum og atgervi. En stundum var gefið í skyn að díakonían ætti að vera auðmjúk í sjálfri sér, veitt í hljóði og næstum af undirgefni, ætti ekki að ögra neinum eða skipta sér af flóknum vandamálum á sviði stjórnmálanna.

Á undanförunum áratugum er fólk farið að hugsa öðruvísi um þessi efni. Biblíuguðfræðingar á borð við Ástralíumanninn John Collins,³⁰ hafa vakið athygli á því, að gríska orðið diakonia, þýði í raun ekki auðmjúk þjónusta, heldur merki það miklu fremur mikilsverðan starfa sem manni er á hendur falinn af háttsettu yfirvaldi. Í Nýja testamentinu er með orðinu langoftast átt við embætti (leiðtogahlutverk) og meira að segja messíasarhlutverk Jesú. Af þessum skilningi sprettur hugtakið spámannleg díakonía. Á síðustu áratugum hefur notkun þess hugtaks breiðst út á samkirkjulegum vettvangi, einkum meðal kristinna manna á suðurhveli. Þetta sama á við um hinn lúterska heim. Á þingi Lúterska heimssambandsins í Jóhannesarborg árið 2002, þar sem fjallað var um spámannlega díakoníu, var eftirfarandi ályktun samþykkt:

Við minnumst með þakklæti hins margvíslega starfs sem díakonían hefur innt af hendi á liðnum öldum og vinnur enn í dag. Um leið bendum við á að nú ber nauðsyn til þess að díakonían gerist spámannlegri. Í anda Jesú Krists og spámannanna sem gengu gegn valdhöfum og kölluðu eftir breytingum á óréttlátu

³⁰ John N. Collins, *Diakonia. Re-interpreting the Ancient Sources*. New York/Oxford 1990.

kerfi og venjum, biðjum við þess að Guð styrki okkur til að umbreyta öllu því sem leiðir til græðgi, ofbeldis, óréttlætis og útilokunar.³¹

Spámannleg díakonía skyldi byrja á því að hlusta grannt eftir röddum þeirra sem þjást og eru hafðir út undan. Á ráðstefnu Lúterska heimssambandsins í Curitiba árið 1990 var yfirskriftin „Ég hef heyrt kvein þjóðar minnar“ til að minnast þess sem segir í Biblíunni um næmi guðs fyrir neyð mannfólksins. „Ég hef séð eynd þjóðar minnar í Egyptalandi og heyrt kvein hennar undan þeim sem þrælka hana. Já, ég þekki þjáningu hennar ...“ (Exodus 3:7ff).

Ráðstefnan lagði áherslu á mikilvægi þess að tala spámannlegri röddu:

Að tala spámannlegri röddu, í hlýðni við Guðs orð, felur í sér að takast á við gildi samfélagsins, sérstaklega þau sem hefja til vegs nýjar og nýjar innantómar leiðir sem eiga að veita lífsfyllingu fjarri Guði. Sérhver spámannleg rödd þarf að hlusta bæði á hróp fólksins og orð Guðs. (...) Díakonía kirkjunnar nær oft betur til fólks en nokkur orð. Þegar kirkjan vinnur með þeim sem eru utangarðs, á vergangi, ungum og öldnum, konum og körlum, vitnar hún um allt umvefjandi náð Guðs.³²

En hvaða skilning leggjum við þá í spámannlega díakoníu? Spádómar eru Biblíulegt hugtak og þá ber að fjalla um í því samhengi. Stundum hafa hugtökin spámannleg díakonía og pólitísk díakonía verið notuð jöfnum höndum. En þótt merking beggja hugtakanna skarist, er þó nauðsynlegt að greina hér á milli.

³¹ *Prophetic Diakonia: "For the Healing of the World" Report*. Johannesburg, South Africa November 2002, LWF Genf, bls. 6.

³² „Ég hef heyrt kvein þjóðar minnar.“ Curitiba 1990. Úr gerðabók 8. þingsins. Skýrsla Lúterska heimssambandsins 28/29, Genf 1990, bls. 85.

Pólítísk diakonía tjáir pólítísku víddina í kærleikspjónustu kirkjunnar. Öll diakonía á sér stað á vettvangi samfélagsins og þarf því að vera sér vitandi um félags- og pólítískt hlutverk sitt og vera tilbúin til að láta að sér kveða þegar nauðsyn ber til. Til eru mörg skínandi dæmi um pólítíska diakoníu. Eitt er um það hvernig kirkjur á Indlandi taka þátt í frelsisbaráttu 250 milljóna Dalíta, sem áður nefndust hinir ósnertanlegu. Þeim er samkvæmt stéttakerfi landsins talin trú um að þeir séu ekki einu sinni manneskjur. Annað dæmi er afskipti lútersku kirknanna í Suður-Ameríku af ólögmetum skuldum og hversu þétt þær hafa tekið höndum saman við þriðja geirann og þrýst

Kirkjan er undir dómi Guðs sem aldrei fyrr. Endurheimti hún ekki þann anda fórnarlundar sem einkenndi frumkirkjuna, þá verður hún ekki lengur trúverðug, milljónir manna munu segja skilið við hana og líta á hana eins og hvert annað félag sem litlu máli skipti fyrir 20. öldina. Á hverjum degi verður á vegi mínum ungt fólk, sem hefur orðið fyrir svo miklum vonbrigðum með kirkjuna, að það er farið að fyrirvíta hana.

Martin Luther King, Bréf úr fangelsinu í Birmingham, 1963.

á stjórnmalámennt um aðgerðir. Þriðja dæmið, er *Lútersk skrifstofa fyrir einingu í heiminum*, sem stofnuð var í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna, til að fylgja eftir málaflökkum sem skrifstofan telur mikilvæg. Starfsemi þrýstihópa getur skipt miklu máli í pólítískri diakoníu. En þá þarf líka að gæta þess vel, að þrýstihóparnir skari ekki eld að eigin köku, heldur beri hag skjólstæðinga sinna fyrir brjósti.

Spámannleg diakonía hefur aðrar áherslur. Hún tengist innsta eðli diakoníunnar sem ber með sér að spámannlegt hlutverk sé hluti af því umboði og valdi sem Guð hefur gefið kirkjunni og kærleikspjónustu hennar.

Samkvæmt biblíuhefð, birtast spádómar sem svar við guðlegri opinberun og sem guðlegt

umboð til spámannanna. „Og orð Drottins kom til mín, svohljóðandi ...“ Og þetta orð Guðs staðfestir ævinlega tign hans og vald, sbr. Amos 4.13; „Sjá, hann mótar fjöllin, hann skapar vindinn, hann boðar mannum það sem hann hefur í hyggju. Hann breytir myrkri í morgunroða og gengur yfir hæðir jarðarinnar, Drottinn, Guð hersveitanna, er nafn hans.“ En í því birtist jafnframt umhyggja Drottins fyrir sköpun sinni, einkum öllu mannfólki, og minnir á það að Guð er dómari og frelsari, nú og að eilífu.

Kristnir menn skynja mikilvægi slíkra orða. Á tímum alþjóðavæðingar, þegar markaðurinn og fáeinir, valdamiklar þjóðir þykjast hafa rétt til að setja öllu mannlífi lífsskilyrði, þá minnir hið spámannlega orð á að það er Guð sem er Drottinn sögunnar.

Hvert er samband spámæla og diakoníu?

Spámæli og diakonía eiga það sammerkt að bæði hvetja þau til endurnýjunar (iðrunar) og breytinga til hins betra. Diakonían á að vera brautryðjandi og hún á að koma fram sem brautryðjandi. Hún lætur því aldrei sitja við orðin tóm, heldur vinnur að því hörðum höndum að koma á breytingum til hins betra.

Brýnt er að gera sér grein fyrir því að spámennirnir héldu mjög á lofti málstað réttlætisins. Þeir brugðust við, sérstaklega þegar hin sístæðu fyrirmæli Drottins um þjónustu við náungann voru að engu höfð. Til þessa lögmáls Drottins var stofnað til á Sínaísfalli forðum, sem hluta sáttmálans milli Guðs og fólks hans. Boðorðin tíu eru kjarni þess lögmáls og athyglisvert er að Lúter notar boðorðin í Fræðum sínum, ekki aðeins til þess að hemja gjörðir okkar heldur einnig til að fá okkur til að þjóna og gæta náunga okkar. Hin algildu og sístæðu fyrirmæli Drottins eru ofar tilfallandi lögmálum sem öldungarnir boðuðu við borgarhlíðin. Hin fyrri verða ekki dregin í efa. Þau eru megininntak sáttmálans með fyrirheiti sínu um frið (shalom) og velferð. Og þess vegna hafði það svo alvarlegar afleiðingar að brjóta lögmálið.

Að vera spámannlegur þýðir að standa vörð um réttlætið. Í eðli sínu er því eitt af verkefnum díakoníunnar að afhjúpa, sérstaklega kerfislægt óréttlæti og hvetja til réttlætis – eða enn betra, að marka brautina sjálf sem best þjónar því markmiði.

Á hinn bóginn verður hin spámannlega raust aldrei stofnanavædd í kirkjunni, þar sem hún er rödd sem berst í gegnum kirkjuna en ekki frá henni. Spámannlegur hugur þarf að vera opinn fyrir því sem heilagur andi vill við hann tala; spámannlegur hugur er borinn uppi af þeirri trú sem ævinlega leitar nýrra sjónarhorna, dreymir um endurnýjun og von um frelsun. Af vitnisburði Biblíunnar er ljóst að spámennirnir til forna beindu oft máli sínu til trúarleiðtoga samtímans, þar sem þeir voru oft spilltir og kúguðu fátæka. Þeir hikuðu ekki heldur við að átelja hina ríku og völdugu, jafnvel konunginn sjálfan, fyrir að misnota vald sitt.

Að vera málsvari annarra er oft tengt því að verjast valdi og hugmyndafræði hinna völdugu. Þeir sem mótmæla mega búast við því að þurfa að þjást fyrir afstöðu sína, jafnvel líða píslarvætti, sem var einmitt hlutskipti margra kristinna manna á fyrstu öldum trúar og hefur æ síðan verið hluti kirkjusögunnar. Þekktir píslarvottar á síðari tímum eru Milada Horáková sem komst lífs af úr útrýmingarþúðum Nazista, en kommúnistastjórnin dæmdi hana svo til dauða árið 1950 – og Gudina Tumsa sem var drepin í Eþíópíu árið 1979.

Jafnvel nú á tímum er það hlutverk spámannlegrar díakoníu að fylgjast með kirkjustjórninni gagnrýnum augum og því hvernig við erum mótuð „að háttsemi þessa heims“ (Róm 12.1) þegar við tökumst á við brýn verkefni samtímans. Er of djúpt í árinni tekið, þótt sagt sé að kirkjan hafi stundum fetað dyggilega í fótspor valdastofnana sem misbeita valdi sínu eða einblínt um of á gömul kerfi og leiðir til að takast á við erfið verkefni díakoníunnar? Hefur kirkjan tileinkað sér neysluhyggju í skjóli trúar og verið afskiptalaus

þegar kemur að siðferðismálum, í stað þess að taka nærri sér hrópanði merki vaxandi fátæktar og óréttlætis í heiminum?

Ef ekki er spurt áleitinna spurninga í spámannlegum anda, sigur auðveldlega á kirkjuna og díakoníu hennar djúpur syndasvefn sjálfumgleði og annarra afbrigða dýrðar-guðfræðinnar. Hugtakið reformatio continua, þ.e. sífelld siðbreyting í kirkjunni, leitar á í þessu sambandi, svo við megum frelsast, endurnýjast og minnst umboðs okkar frá Guði sjálfum og höldum ótraud áfram veginn – jafnvel þegar það er vegur krossins.

9. Díakonían og boðun orðsins

Haft er eftir heilögum Frans frá Assísí: „Predika fagnaðarerindið án afláts og gríptu til mæltis máls ef nauðsyn krefur.“ Af þessum orðum má ráða að fagnaðarerindið er atburður og athöfn, kærleikur Guðs að verki meðal manna. En í þeim felst líka að verkin bera okkur vitni, lýsa okkar innra manni og því sem fyrir okkur vakir. Það má svo færa í orð.

Engu að síður er það eitt það erfiðasta við

Lögfræðingurinn og stjórnmalamaðurinn Milada Horáková er fulltrúi frelsisbaráttu, lýðræðis og borgaralegra réttinda í Tékklandi. Hún var fyrsta konan sem kommúnistastjórn landsins lét taka af lífi. Réttarhöldin yfir henni og tólf samstarfsmönnum hennar voru skrípaleikur, settur á svið í áróðursskyni. Þrátt fyrir margra mánaða grimmilegar yfirheyrslur og pyntingar, varði Milada Horáková hugsjónir sínar þótt hún vissi að það myndi einungis gera aðstæður hennar verri og flýta fyrir endalokunum. Hún var tekin af lífi 27. júní 1950, aðeins 48 ára. Milada Horáková heyrði til Evangelísku bræðrakirkjunni í Tékkóslóvakíu.

http://en.wikipedia.org/wiki/Milada_Horakova

díakoníuna að skapa jafnvægi á milli þjónustu og boðunar í orði. Þátttakendur á heimsþingi um kærleiksþjónustu í Addis Ababa 2008 sögðu: „... mjög erfitt er að skilgreina nákvæmlega sambandið á milli boðunar orðsins og díakoníunnar. Hvort tveggja er kjarni fagnadarerindisins og boðunar kirkjunnar. Við heitum því að vinna áfram að þessu og ræða hvernig megi nýta þetta í okkar mörgu og mismunandi aðstæðum.“

Það fyrsta, sem leitar á hugann hér, er sá fjöldi kringumstæðna þar sem kirkjan er að starfi, þar sem ógerlegt er að notast við eina sanna skilgreiningu á því hvernig díakonía og boðun haldast í hendur. Það er t.d. alveg ljóst, að í sumum múslímalöndum verður díakonían að forðast boðun í orði ef íbúar eiga að taka henni opnum örmum og kirkjan ekki að vera vænd um tilraunir til þess að hafa áhrif á trúarafstöðu heimamanna. Jafnaugljóst er að í sumum öðrum heimshlutum búast menn við því af díakoníunni, að hún sýni fram á sambandið á milli trúar og verka. Þeir ganga t.d. að því sem gefnu, að mikilvægir fundir hefjist með ritningarlestri og bæn. Og þeir finna trúarlega vídd í þjónustu- og líknarstarfi.

Hvorugt þetta skyldi þó verða til þess að við komumst að niðurstöðu í flaustri. Í fyrra fallinu vitnar þjónusta díakoníunnar um kærleika í anda Krists, þótt ekki sé um beina boðun orðsins að ræða. Í síðara dæminu, sem fljótt á litið gæti virst ósköp sjálfsagt og eðlilegt, þarf samt allrar aðgæslu við. Helgihald getur nefnilega orðið verkfæri í höndum þeirra, sem vilja ná valdi yfir fólki, einkum því sem á undir högg að sækja. Hvort sem okkur líkar betur eða verr, stöndum við hér frammi fyrir skökku valdajafnvægi.

Það eru því ærnar ástæður til þess að huga nánar að samspili díakoníu og boðunar orðsins. Reynslan af starfi díakoníunnar í fortíð og nútíð getur hjálpað okkur að greina betur vandann. Rétt er þá að huga að nokkrum meginreglum sem byggðar eru á guðfræðilegum grunni.

Sjálfur Marteinn Lúter er höfundur einnar

þeirra. Hann snerist á sínum tíma öndverður gegn góðverkum, sérstaklega þeim skilningi að Guð umbunaði mönnum fyrir að gefa fátækum ölmusu. Ekki má nota aðstæður hinna snauðu til þess að réttlæta með þeim sjálfan sig. Guð einn réttlætir syndarann. En af því að Guð hefur af náð sinni réttlætt okkur fyrir trúna á Jesú Krist, erum við frjáls að því að þjóna hinum allslausu og varpa um leið af okkur hlekkjum fátæktar. Að skilningi Lúters er slík þjónusta annars vegar nátengd Guði, er raunar guðs-þjónusta, og hins vegar beinist hún að þeim sem í neyð er. „*Engin þjónusta við Guð* (sbr. orðið guðsþjónusta) *getur verið meiri en sú að hjálpa og þjóna hinum þurfsandi í kærleika Krists.*“³³

Því getur hluverk díakoníunnar aldrei orðið annað en merking orðsins segir til um, þjónusta við bágstaddan náunga. Díakonían má aldrei verða verkfæri í þágu þess sem hjálpina veitir, né heldur tæki til þess að kristna fólk. Færi svo yrði díakonían aðferð til að tengja saman hjálp og boðun, sem beitt yrði með meðvituðum hætti til þess að snúa fólki til trúar. Afleiðingin gæti jafnvel orðið sú, að díakoníunni yrði valinn vettvangur eftir því hversu vel hún nýttist til að fjölga fólki í söfnuðinum.

Ef díakonían yrði notuð sem tæki til kristni-boðs, væri það þvert á boð Drottins að koma nauðstöddum til aðstoðar, skilyrðislaust. Guð hefur gefið okkur umboð til þess að hjálpa bágstöddum auk þess sem það er mikilvægt í sjálfu sér, eins og Jesús er okkur fyrirmynd um. Auk þess hlýtur það að vekja siðferðilegar spurningar að nýta sér bágindi fólks til þess að boða því trú. Það væri vanvirðing. Í Kína var á 19. öldinni stundum talað um „hrísgrjóna-kristna“ og haft um fólk sem gengið hafði í kristinn söfnuð til þess að fá úthlutað daglegum matarskammti á kristni-boðsstöðinni. Nú

³³ Úr *Ordinance of a Common Chest*, í *Heildarútgáfu á verkum Lúters*, útg. af Jaroslav Pelikan and Helmut T. Lehmann. Fortress Press, 1958 (1972), 45. bindi, bls. 172; WA (Weimar-útgáfan) 12, bls. 13.

á dögum starfa flest ábyrg kristniboðsfélög með kirkjum í viðkomandi löndum og setja engin skilyrði fyrir því að fólk fái aðstoð, eins og að börn þurfi að koma í sunnudagaskóla eða fullorðnir reglulega til messu.

Það er ámælisvert, þegar kristniboð fer að endurspegla skil milli ríkra og fátækra í heiminum þannig að kristniboðar frá velmegunarlöndum nýti sér aðstöðu fátækra til að afla fylgismanna. Þess í stað ættu kirkjur í boðunarstarfi sínu að hefja upp spámannlega rödd sína og úthrópa þessa misskiptingu. Þær ættu einnig að vera vel meðvitaðar um stöðu sína meðal valdastofnana. Í öllu falli má ekki kvika frá þeim skilaboðum að elska Guðs er skilyrðislaus og að kirkjan er kölluð til að veita þjónustu sína öllum sem í neyð eru.

Vegna þess vanda sem hér hefur verið dregið á, hafa einhverjir leiðst út í gagnstæðar öfgar og haldið því fram að engin tengsl geti verið á milli díakoníunnar og boðunar fagnaðarerindisins. Er þá stundum staðhæft að alþjóðleg díakonía skuli aðeins beinast að neyðaraðstoð og þróunarhjálp. Þannig verði eðlileg verkaskipting innan kirkjunnar, þannig að sumum sé falin predikunarþjónustan, en öðrum barátta fyrir réttlæti og að yfirvinna fátækt.

Neikvæð afstaða til kristniboðs og það viðhorf að það snúist um að fá fólk til fylgis við eigin sértrú kann að hafa getið af sér þetta viðhorf. En þetta er ekki rétt lýsing á kristniboðsstarfi þar sem það að snúa öðrum í trúarefnum, er yfirleitt skilið svo að reynt sé að laða fólk til eigin kirkjudeildar. Fæst kristniboðsfélög myndu taka þátt í slíku. Og gleymum því ekki að starfsemi langflestra kristniboðsstöðva felur í sér mikla kærleiks- og líknarþjónustu (díakoníu), sem innt er af hendi skilyrðislaust og alls ekki með það fyrir augum að sópa nýjum félögum í söfnuðinn.

Að skilja skarpt á milli díakoníu og boðunar fagnaðarerindisins má einnig réttlæta með því að almenningur fjármagnar verkefnin. Þar sem fjármunir ríkisins eru veraldlegs eðlis má gera ráð fyrir að verkefnin sem þeim er varið í, séu af sama

toga. Þannig háttar hjá kirkjulegum stofnunum í alþjóðlegu hjálparstarfi sem fá opinbera styrki og fylgja fyrir vikið ákveðnum reglum um hvernig þeim er varið.

Að baki þessu viðhorfi býr sá skilningur að ekki megi blanda saman þróunarhjálp og trúarbrögðum, því að margra álit sé trúin einkamál hvers og eins. Og þó er sannleikurinn sá að afskipti eru aldrei alveg hlutlaus, heldur ævinlega sprottin af einhverri hugmynda- eða siðfræði sem þar af leiðandi hefur áhrif á trúarskoðanir og siðferði fólks, hvort sem það er meðvitað eða ómeðvitað. Og þetta gildir um allt þróunarstarf, hvort heldur er á trúarlegum eða veraldlegum grunni.

Stjórnvöld sem styðja þróunarhjálp eru smám saman að vakna til vitundar um að trú gegnir stóru hlutverki á þessu sviði. Kirkjan er viðurkennd sem grasrótarhreyfing og virkur aðili að þriðja geiranum. Þegar hið opinbera veitir fjármunum til kirkjulegra stofnana er það oft vegna þess hvernig þær skilgreina sig og vegna möguleika þeirra til að starfa með öðrum í löndunum í suðri. Þar verður staða þeirra til virðisauka.

Brýnasta verkefni kirknanna er að finna leið til þess að sameina díakoníu og boðun orðsins, á þann veg að sérstöðu díakoníunnar og djúpum rótum hennar í fagnaðarboðskap kirkjunnar séu gerð jöfn



© LWF/F. Longakit



© FELM

verk, án fagnaðarerindisins, verði ekki meira en mannúðlegur verknaður sem ekki megnar að koma til skila öllu því sem fagnaðarerindið boðar. Trúverðugleiki vitnisburðarins er fyrst og síðast fölginn í fagnaðarerindinu sjálfu en ekki ófullkomnum verkum manna.³⁵

Hér er meginþátturinn ekki aðeins sá, að orð og verk eigi nána samleið, heldur það að í öllum verkum býr vitnisburður sem þarf túlkunar við. Það er fullkomlega eðlilegt að vænta þess að málflutningur manna sé í samræmi við lífvernið. Día-

skil. Díakonía og boðun eru nátengd hvor annarri og eins og sumar deildir kirkjustarfsins hafa boðunina á sinni könnu, sjá aðrar um díakoníuna.

Lúterska heimssambandið ályktaði á þessa leið á þingi sínu í Naíróbí 1998 um boðandi kirkju: „Boðun felur í sér predikun, þjónustu og baráttu fyrir réttlæti.“³⁴ Þetta kemur vel heim við efni skýrslu Lúterska heimssambandsins frá 1988, *Samstarf að boðun (Together in God's Mission)*, en þar getur að lesa þetta:

Trúverðugleiki boðunar kirkjunnar birtist í því að við þjónum jafnt í orði sem verki. Orð og verk eru hvort tveggja farvegur fyrir skilyrðislausan kærleika Guðs sem tekur okkur sem manneskjum þrátt fyrir syndir okkar og án tillits til félagslegrar stöðu, kynþáttar eða menningarlegs bakgrunns. Ef aðeins er stuðst við orðið, missir fagnaðarerindið snertiflöt sinn við veruleikann og umbreytingarmáttur Guðs í sköpun og holdtekju tapast. En ef orðinu fylgir ekki athöfn, góð verk trúarinnar, getur verið að boðendur fagnaðarerindisins komi að lokuðum dyrum áheyrenda sinna. Á hinn bóginn er hætta á því að athafnir og

konía getur aldrei verið þögn og ætti ekki að þykjast vera það. Af því leiðir, að starfsmaður, sem játar aðra trú en kristna eða er trúlaus og vinnur á stofnun á vegum díakoníunnar, segjum t.d. á sjúkrahúsi, leggur einnig sitt af mörkum til þeirrar líknar- og kærleiksþjónustu sem kirkjan er kölluð til þess að sinna. Þannig ætti og allt starfsfólkið að gangast heiðarlega við því, að hlutaðeigandi stofnun er byggð á kristnum grunni með þeim lífsreglum og afdráttarlausa gildismati, er honum fylgja.

Þessu fylgir annars vegar að tilheyra söfnuði sem játar trú á Jesú Krist. Díakonían dregur því aldrei dul á það, að boðun fagnaðarerindisins sé hluti þess erindis sem kirkjan á við veröldina. Hins vegar skyldi þess gætt, að báðar hliðar boðunarinnar fái notið sín, þannig að sérkenni þeirra beggja, predikunar og díakoníu, verði augljós. Og ef til þess kemur að ekki sé hægt að aðskilja orð og verk, ætti aldrei að blanda þeim saman á þann hátt, að annað verði einungis verkfæri hins.

³⁴ Sjá skýrslu, bls. 20.

³⁵ *Samstarf að boðun (Together in God's Mission): Framlag Lúterska heimssambandsins til aukins skilnings á kristnibóði*. Skýrsla LWF, Nr. 27, 1988, kafli 4.1.4.

Framkvæmdin á þessu hlýtur að verða mismunandi eftir því hvar er.

En fagleg díakonía þarf að gefa þessu góðan gaum svo stýra megi hjá því að nýta þjáningu annarra til að boða trú á Krist. Hinu má svo ekki gleyma, að öll þjáning ber í sér þátt af trúarlegum toga, og fagnaðarerindið er og verður kraftur til umbreytingar, sáttargjörðar og eflingar.

Við getum tekið saman í nokkrar meginreglur það sem var reifað hér að ofan:

1. Díakonía hefur gildi í sjálfu sér. Hún þarfnast ekki réttlætningar af neinu tagi. Og hún ætti aldrei að verða meðal, til þess að ná öðrum markmiðum.
2. Díakonían verður að vera skilyrðislaus. Það má aldrei gera kröfu um eitt eða neitt í staðinn, eins og t.d. þátttöku í kirkjustarfi.
3. Díakonían verður að virða einstaklinginn, manngildi hans og frelsi til að iðka eigin trú samkvæmt sannfæringu sinni og hefð.
4. Díakonían verður að gæta þess vandlega að hafa ekki áhrif á þá sem standa höllum fæti, í því skyni að beina þeim að trúariðkun eða öðru á því sviði.
5. Díakonían hefur ríkt í huga trúarlega vídd mannlífsins og sérílagi þjáningarinnar. Hún er því reiðubúin að verða að liði, þegar hún er beðin hjálpar, einnig með sálgæslu ef hennar er óskað.
6. Díakonían verður að vera fær um að túlka veruleikann og ekki síst þjóðfélagsbreytingar á heildrænan hátt.
7. Díakonían þarf að geta gert skýra grein fyrir þeim trúarlega grunni sem hún byggir á.

8. Díakonían verður að taka ábyrgð á því hvernig hún ber boðskap kirkjunnar vitni.

Það er megineinkenni díakoníunnar, að hinir láréttu og lóðréttu fletir hennar verða ekki skildir að. Það er því prófsteinninn á frammistöðu hennar, hversu vel tekst að láta þessa fleti spila þannig saman að þeir hvorki blandist um of, né skiljast að. Séu þeir aðskildir er hættu á að díakonían hætti að vera trúaleg. Hún myndi áfram koma að gagni en takmarkast við veraldlega hagsmuni og markmið. Önnur afleiðing aðskilnaðar díakoníu og boðunar getur orðið sú, að díakonían verði um of andleg, of bundin guðfræðilegri og kirkjulegri umgjörð.

En þegar allt kemur til alls, gefur vissan um að andi Guðs vekir mannfólkið til trúar, vonar og kærleika, okkur frelsi til að þjóna og treysta guði – og mönnunum til að velja, hver fyrir sig, með fullri reisn.

10. Díakonía sem ekki er játningabundin

Verkefni díakoníunnar hafa alltaf tengt saman fólk frá ólíkum kirkjudeildum, af ólíkum trúarbrögðum og trúlausum, til að vinna með fólki sem þjáist og er utangarðs. Allt hefur það lagt fram sinn dýrmæta skerf til kærleiks- og líknarþjónustu við nauðstadda og utangarðsmenn. Með þessari sameiginlegu löngun fólks til að vinna að réttlæti í sínu nánasta umhverfi og í samfélaginu öllu, hefur díakonían stuðlað að því að draga úr fordómum tengdum trú og ýtt undir samtal. Hin sterka hefð díakoníunnar að byggja brýr milli fólks hefur gert þessa hreyfingu að einum af hornsteinum samkirkjuhreyfingarinnar. Gott dæmi um þetta er boðun sem hófst í borgum Norður-Evrópu um miðja 19. öld. Kristið fólk úr ólíkum kirkjudeildum tók höndum saman til



© LWF/J. Schep

hjálpur þeim sem mest urðu fyrir barðinu á þeim mikla félagslega vanda sem skapaðist í tengslum við iðnbyltinguna og flutning fólks úr sveit í borg.

Sama gerist þegar fólk af mismunandi trúarbrögðum vinnur saman að neyðar- og þróunarhjálp til þess að auka lífsgæði meðbræðra sinna og -systra. Danski guðfræðingurinn Lissi Rasmussen stakk upp á orðinu **diapraxis** um það samstarf sem gengur þvert á trúarbrögð, játningar og kirkjudeildir. Hún skrifar:

Reynsla mín, bæði í Afríku og Evrópu, hefur kennt mér, að þá verða skoðanaskipti árangursríkust, þegar fólk deilir kjörum og lifir fyrir hvert annað, ef svo má segja. Því legg ég til orðið „diapraxis“. Orðið „dialogue“ (hér í merkingunni samkirkjuleg eða þvertrúarleg samræða) merkir samskipti þar sem samræðan er mikilvæg. En í orðinu diapraxis felst samvinna kirkjudeilda.³⁶

³⁶ Lissi Rasmussen, *From Diapraxis to Dialogue. Christian-Muslim Relations* í ritinu *Dialogue in Action* eftir Lars Thunberg o.fl. Nýju Delí: Prajna Publications 1988, bls. 282. .

Í riti Lúterska heimssambandsins, *Boðun í síbreytilegu sambengi*, ræðir um reynslu af diapraxis (samstarfi trúarbragða) á Indlandi, þar sem fólk úr ólíkum trúarhópum vinnur saman „í því skyni að efla réttlæti, bæta líf skjör og lina þjáningar“.³⁷

Í júní 2006 blés Lúterska heimssambandið til samráðsfundar í Medan í Indónesíu. Þar komu kristnir menn og múslímar saman og ræddu hörmulegar afleiðingar tsunami-flóðanna og þá miklu samheldni og hjálpssemi, óháð trúarbrögðum, sem ríkti dagana á eftir. Mörgum

ráðstefnugesta var þetta fyrsta tækifærið sem þeir höfðu haft til að ræða trúmál milli kristinna og múslíma. Sumir áttu erfitt með að hlusta á það sem viðmælendur þeirra höfðu fram að færa. En reynslan af því að hafa þjáðst saman og hjálpað hver öðrum, varð til þess að menn gátu haldið áfram að ræða saman.³⁸

Díakonían, einnig í diapraxis, greiðir þannig umbreytingu, eflingu og sátt, veginn að hjörtum manna, jafnvel þar sem trúarbragðadeilur eru uppi, svo sem í mörgum löndum Suður-Asíu. Í Evrópu eru menn að öðlast reynslu af því að tengja diapraxis við námskeið fyrir þá sem hyggjast sækja um ríkisborgararétt. Tilgangurinn er að gera fólk að sjálfstæðum og frjálsum einstaklingum í lýðræðissamfélagi.³⁹

Lúterska heimssambandið studdi eindregið

³⁷ Bls. 52.

³⁸ *LWF Seminar on Dialogue in Life*, skýrsla útgefin af LWF Department of Mission and Development, Genf..

³⁹ Lissi Rasmussen (ritstj.): *Bridges Instead of Walls. Christian-Muslim Interaction in Denmark, Indonesia and Nigeria*. LWF, Genf 2007 bls. 208-209.

stofnun IFAPA, þvertrúarlegra samtaka til að efla frið í Afríku (Inter-Faith Action for Peace in Africa). Samtök þessi hafa komið á samskiptum ólíkra trúarhópa, samræðum og samráðsfundum víða um Afríku til að efla virðingu fyrir trúarhefðum annarra og greiða fyrir þróunarstarfi, svo sem að útvega hreint neysluvatn.

Díapraxís vitnar um þann kristna mann-skilning, að allir menn eigi hlutdeild í þeirri köllun skaparans að elska hver annan og reynast jafnan náungi meðbróður í neyð. Færa má guðfræðileg rök fyrir því að dæmisagan af miskunnsama Samverjanum í 10. kapítula Lúkasarguðspjalls, snúist um að elska náungann eins og sjálfan sig, óháð trú.

Að Samverjinn tilheyrði ekki samfélagi gyðinga virðist styðja þá skoðun. Sagan hjálpar okkur einnig að sjá hlýhug og umhyggju víðar en í kristilegri díakoníu.

Þessi skilningur staðfestir einnig mikilvægi trúar, iðkunar hennar og trúarbragða í þróunar-samvinnu. Trúarbrögðin skipta miklu máli í að móta gildismat fólks og lífsviðhorf þess. Í hjálpar- og þróunarstarfi er því ekki hægt að líta fram hjá hlut trúarbragðanna.

Díakonía, sem díapraxís, ber fulla og einlæga virðingu fyrir guðstrú fólks, hver sem hún kann að vera. Þó er ekki þar með sagt, að hún álíti alla trú jafna og enga trúarafstöðu annarri fremri, eins og æði oft heyrst haldið fram, þegar komist er svo að orði, að leiðir allra trúarbragða hljóti að liggja til Guðs. Ekki er heldur átt við það, að díakonían skuli vera hlutlaus í trúarefnum og hafa hljótt um innihald kristinnar trúar eins og það birtist í játningum kirkjunnar. Nei, höfuðatriðið er tillitssemin og virðingin, sem díakonían sýnir skoðunum fólks, undantekningarlaust, líka þeim sem ekki binda bagga sína sömu hnútum og hún sjálf, að viðbætti þeirri sterku sannfæringu, að Guð hafi blásið öllum mönnum í brjóst hæfni til góðra verka.

Orðið að „respektera“ (bera virðingu fyrir) er

komið úr latínu (re-spectare). Það þýðir að líta á öðru sinni, horfa á aftur – út yfir eigin fordóma og staðalmyndir, út yfir það fyrsta sem við sjáum eða dettur í hug þegar við hittum fólk. Sá sem fljótt á litið virðist allslaus og hjálparvana, getur

Ákall jarðar í sárum

Synir og dætur jarðar,
þið, sem vitið skyn góðs og ills:
Lífínu er ógnað! Látið ykkur ekki standa á sama!

SJÁIÐ EININGU ALLS

Jörðin er sem kirtill, ofinn án sauma.
Engum má líðast að rífa hann í sundur.

SKYNNIÐ HEILAGLEIKANN

Allt, sem til er, ber í sér ilm heilagleikans.
Elskum því lífið, metum það og verjum.

GLEÐJUMST AF FEGURÐINNI

Sköpunin er djásn í sjálfri sér.
Ekkert er einvörðungu hráefni.
Þiggjum gjafir jarðar með þakklæti og guðsóttu.

MUNUM, AÐ VIÐ ERUM HLEKKIR Í LANGRI KEÐJU

Líf vort er sem ívaf í vefnaði alls jarðlífs.
Allt höfum vér þegið að láni.
Öllu verðum vér að skila áfram til eftirkomendanna.

BERJUMST FYRIR RÉTTLÆTI

Jörðin býr yfir nægum gæðum handa öllum, en þau
auðævi hrökkva skammt, ef græðgi mannsins fær að ráða.
Bilið á milli ríkra og fátækra er flekkur syndar og skammar.

LIFUM Í SÁTT OG SAMLYNDI

Synir og dætur jarðar!
Þið, sem gætuð rífið kirtilinn í tætlur:
Þið eru kölluð til þess að lifa í sátt og samlyndi!

Finn Wagle, Þrándbeimsbiskup

þegar betur er að gáð, átt sér eigin sögu, búið yfir dýrmætum hæfileikum og haft sína trú.

Þessi virðing fyrir öðrum og sá skilningur að sérhver maður sé óendanlega dýrmætur, sérstaklega eigi hann við þjáningu og óréttlæti að etja, kemur í veg fyrir að díakonían geti orðið verkfæri til að snúa fólki til trúar eða til að safna nýjum safnaðarmeðlimum. Það er mikilvægt að minnst þess að kærleiks- og líknarþjónusta díakoníunnar er markmið í sjálfri sér þar sem hún er algert grundvallaratriði í kristinni kirkju. En þessi sama tillitssemi felur líka í sér þá virðingu fyrir náunganum, að honum er tekið opnum örmum, ef og þegar hann eða hún, af eigin frumkvæði, óskar eftir því að verða þátttakandi í því sem kirkjan boðar og iðkar.

Annað mikilvægt einkenni á díakoníu, í merkingunni diapraxis (þ.e. kærleiks- og líknarþjónustu sem lætur ekki kenningar og stefnur í trúmálum standa í vegi fyrir samstarfi), er að hún ætti ekki að vera unnin í einangrun heldur í samvinnu við annað góðviljað fólk. Verkefnið blasa við í öllum áttum og þau eru umfangsmeiri en svo að kirkjan og díakonía hennar fái unnið úr þeim öllum. Samstarf við aðra verður til þess að byggja upp færni samfélagsins, þriðja geirans, til að taka á neyð og óréttlæti.

11. Siðareglur díakoníunnar

Í díakoníu er það ekki aðeins það sem gert er, sem skiptir máli, heldur einnig hvernig það er gert. Hvernig birtast viðhorf þess sem veitir þjónustu, í verkum hans? Hvað má lesa út úr framkomu þeirra, sem að kærleiks- og líknarþjónustunni starfa? Þetta er sameiginlegt áhyggjuefni þeirra sem starfa innan díakoníunnar og heilbrigðisstétta, félagsráðgjafa og þeirra sem vinna að neyðaraðstoð og þróunarmálum. Þar sem þeir mætast sem áhrif og völd hafa og þeir sem eiga allt sitt undir öðrum, er

alltaf hætta á því að áhrifum sé beitt á óviðeigandi hátt og þau hreinlega misnotuð.

Ýmsar fagstéttir hafa komið sér upp siðareglum. Þar er vanalega að finna reglur, gildi og staðla sem eiga að leiðbeina þeim sem eftir þeim starfa í daglegum verkum sínum. Siðareglur eiga að stuðla að velferð allra sem koma við sögu, og einkum að standa vörð um réttindi þeirra.

Ágætt dæmi um þetta eru siðareglur Alþjóða Rauða krossins og Rauða hálfmánans og annarra hjálparstofnana í neyðaraðstoð, frá árinu 1994. Boðorðin þeirra tíu eru eftirfarandi:

1. Mannúð ofar öllu.
2. Hjálp er veitt án tillits til kynþáttar, trúarbragða eða þjóðernis og án mismununar. Aðstoð er metin eingöngu út frá þörf.
3. Hjálp er aldrei tæki til þess að koma á framfæri stjórn mála- eða trúarskoðunum.
4. Við erum aldrei málsvarar utanríkisstefnu stjórnvalda.
5. Við virðum menningu og siði heimamanna.
6. Við leitumst við að byggja neyðarviðbrögð á getu heimamanna og nýta krafta þeirra
7. Við fáum þá sem njóta neyðaraðstoðar til samstarfs um hana. .
8. Neyðaraðstoð á að miða að því að fyrirbyggja neyð ekki síður en að mæta brýnustu þörfum.
9. Við berum ábyrgð gagnvart þeim sem við leitumst við að aðstoða og hinum sem styrkja hjálparstarfið.
10. Þegar við veitum upplýsingar um þá sem hafa orðið illa úti í hamförum eða auglýsum

starf okkar í fjölmiðlum, skal þess jafnan gætt, að rætt sé um þá af virðingu sem fullgilda einstaklinga sem njóti fullrar reisnar en ekki sem vonlausan hóp ólánsamra fórnarlamba.⁴⁰

© LWFI, Shep



Þeir sem starfa að díakoníu ættu að stefna að sömu gæðum í starfi sínu og þess vegna gera þessar reglur að sínum. Það hafa fjölmargir innan díakoníunnar nú þegar gert.

Á þinginu í Addis Ababa um díakoníu var þetta efni rætt og óskað eftir skoðanaskiptum sem mættu verða til þess að sérstakar siðareglur díakoníu litu dagsins ljós. Var í því efni höfðað til alþjóðasamstarfs djákna og hvernig þeir gætu sem best unnið saman. En málið snertir ekki síður starfið í söfnuðum og stofnunum. Það var þó ekki átt við að nýjar siðareglur ættu að ryðja öðrum slíkum úr vegi. Þeim nýju var ætlað að skerpa á gildunum sem einkenna díakoníu og ætlast var til þess að þær yrðu lagaðar að umhverfi og aðstæðum á hverjum stað.

Þingið í Addis Ababa setti saman atriði sem það áleit mikilvægust fyrir sameiginlegan skilning á díakoníu. Þau ættu því að leiða okkur í starfi:

Guðfræðilega er díakónía:

1. sprottin af náð Guðs og er tjáning á kristinni trú okkar;
2. veitt að fyrirmynd Jesú Krists, lífi hans og þjónustu;
3. hönd Guðs að verki í okkur, útrétt til hjálpar hvarvetna þar sem menn þjást (líkamlega, andlega, trúarlega eða félagslega);
4. hún leitast við að bera skilyrðislausum kærleika Guðs vitni og umhyggju hans fyrir sköpuninni;
5. óaðskiljanlegur hluti af starfi kirkjunnar.

Markmið díakoníunnar er:

1. að standa vörð um mannlega reisn;
2. að koma á friði manna í milli og vinna að bata og sátt;
3. að sköpunin varðveitist heilsteypt og óskert;
4. að berjast gegn óréttlæti og vinna að friði og réttlæti í spámannlegum anda;
5. að koma til hjálpar í nauðum;
6. að verða alls staðar til þess að breyta hlutunum til hins betra.

⁴⁰ www.ifrc.org/publicat/conduct

Í störfum sínum:

1. sýnir díakonían samúð, hún umvefur alla, eflir samhug, virðingu og áreiðanleika;
2. eykur hún veröldinni skyn á því að öll erum við systkin og öll berum við sameiginlega ábyrgð á lífi og heimi, óháð landamærum, og hún leitar leiða til að skipta réttlátlega auðæfum jarðar;
3. leitar hún samkirkjulegs samstarfs, samstarfs við önnur trúarbrögð sem og félagasamtök;
4. leggur hún áherslu á að taka þátt í lífi fólks, fylgja því í kjörum þess og efla til áhrifa á eigin framtíð;
5. er hún vakandi fyrir mismunandi aðstæðum og notar þær aðferðir sem best henta hverju sinni;

6. er hún minnug þess að hún á sér takmörk og er vakandi fyrir hættunni á því að gera fólk háð aðstoð.

Hugtakið díakonía ætti að vera frátekið fyrir það sem kristnir menn gera heiminum til góðs – hvort sem er án umhugsunar eða í skipulögðu starfi, sem samverkamenn Guðs í því að heila heiminn. Þó má ekki takmarka náðarsamlega návist Guðs í heiminum til eflingar friði, réttlæti og sátt, eingöngu við verk díakoníunnar eða það sem kristnir menn segja og gera. Þess vegna má díakonían ekki útiloka neinn með guðfræðilegum sjálfsskilningi eða í verkum sínum. Kærleiksverk þurfa að nærast á „ríkdómi, speki og þekkingu Guðs“. Því að „*frá honum, fyrir hann og til hans eru allir hlutir*“ (Róm 11.33nn).


Til umhugsunar

1. Hvernig finnst þér mismunandi birtingarmyndir díakoníu tengjast saman? Hverjir finnst þér kostir og gallar þeirra tenginga sem þú sérð? Hvert finnst þér vera hlutverk sérmenntaðs, þjálfaðs fólks í díakoníunni? Teldir þú gagnlegt að hafa sérstaka stétt vígðra djákna innan kirkjunnar?
2. Hvert finnst þér vera hlutverk boðunar orðsins í starfi kirkjunnar? Hvert finnst þér vera hlutverk díakoníunnar í starfi kirkjunnar? Hvernig skilur þú sambandið á milli boðunar fagnaðarerindisins og díakoníunnar?
3. Það er köllun díakoníunnar að vera spámannleg og tala máli þeirra, sem eiga undir högg að sækja. Hvernig skynjar þú þessa köllun í nánasta umhverfi þínu? Er hægt að svara þörfinni þar með kærleiksþjónustu?
4. Til að ná árangri innan díakoníunnar er talið mikilvægt að mynda og styrkja tengslanet. Hvernig er sú díakonía sem þú sinnir tengd öðrum: hópum, félagsamtökum, öðrum kirkjum, opinberum stofnunum eða öðrum?
5. Hvernig er þjálfun til að starfa innan díakoníunnar sinnt í kirkju þinni? Hvað mætti fara betur og hvernig væri hægt að bæta úr því?



ÞJÓÐKIRKJAN

www.kirkjan.is



THE LUTHERAN WORLD FEDERATION
- A COMMUNION OF CHURCHES